ELÍN SIGURÐARDÓTTIR
*Opnar nýja rope-yoga stöð*
• Heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS




TÖLVUR OG TÆKNI
*Wii-leikjatölvan trónir á toppnum*
Sérblað um tölvur og tækni
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




SIGURÐUR HJARTARSON
*Rjúkandi gangur á Reðasafni*
Von á tökuliði frá ITV
FÓLK 30



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. september 2007 — 239. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR



### Stórmynd stöðvuð

Óttar Guðnason kvikmyndatökumaður er kominn heim eftir að Stopping Power var slegin af.

FÓLK 30



### Skáldin sátt

Rithöfundar eru ánægðir með sameiningu JPV og Máls og menningar.

FÓLK 30

### Hverjum er ekki sama?

„Hvað er verið að mótmæla því að Múlavirkjun og Fjarðarárvirkjun verði stærri en leyft var, en hverjum er ekki sama?“ spyr Ómar Ragnarsson.

Í DAG 16



### Mál Sigfúsar fyrir dómstóla

Mál Sigfúsar Páls Sigfússonar eru í miklum hnút og komin fyrir dómstóla.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**BÁLHVASST -** Í dag verður suðvestan hvassviðri um mestallt land með snörpum stormhviðum. Víða skúrir með morgninum en styttir upp og léttir til eystra þegar líður á daginn. Hiti 10-17 stig, hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4




# Sérsveitin sinnir löggæslu í miðbænum um helgar

**Sérsveit Ríkislögreglustjóra verður við löggæslustörf í miðborg Reykjavíkur að næturlagi um helgar, frá og með næstu helgi. Lögreglumönnum verður fjölgað verulega á næturvöktum á þessum tímum sólarhrings.**

**LÖGGÆSLUMÁL** Lögreglumenn úr sérsveit Ríkislögreglustjóra munu ganga vaktir við hlið lögreglu höfuðborgarsvæðisins að næturlagi í miðborginni á næstunni. Þessi aukna löggæsla hefst um næstu helgi og verða sérsveitarmenn á miðborgarvöktum aðfaranætur laugardaga og sunnudaga.

„Við höfum boðið fram aðstoð sérsveitarinnar til að styrkja löggæsluna í miðborginni um helgar,“ segir Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra.

„Það er ljóst að með því verður bætt verulega í mannafla við löggæslu, sérstaklega í miðborginni.“

Jón segir hlutverk sérsveitar Ríkislögreglustjóra tvíþætt.

„Annars vegar er hún sérsveit, sem sinnir margvíslegum verkefnum sem slík,“ útskýrir hann. „Þar á meðal er að bregðast við vopnamálum sem koma upp, sinna handtökum hættulegra manna, svo og húsleitum við slík tilvik, kafarastörfum, sprengjueyðingu og öryggisgæslu þegar um erlenda þjóðhöfðingja er að ræða. Að auki sinnir hún sjálfsögðu þjálfun sem sérsveit.

Hins vegar er sérsveitin stoðdeild við lögregluliðin í landinu. Sem slík er hún hreyfanlegur liðsstyrkur til aðstoðar þar sem á þarf að halda hverju sinni og hefur á þessu ári lagt við viðbótarliðsafla víða um land.“

Jón segir enn fremur að sérsveitin manni merkta lögreglubíla og sé úti í hefðbundinni löggæslu daglega.

„Að lágmarki mannar sérsveitin eina útkallsbifreið á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. En í ljósi fyrirliggjandi verkefna hverju sinni og mannafla þá mannar hún allt að þrjá bíla í almennri löggæslu á höfuðborgarsvæðinu, enn fremur einn bíl á Akureyri og annan í Keflavík.“

Jón útskýrir að 25 ára reynsla hafi sýnt og sannað að betra sé að sérsveitin sé sjálfstæð deild, sem sé viðbót við hina almennu löggreglu. „Þegar við tökum hana í sértæk verkefni eða æfingar þá erum við ekki að raska hinni svæðisbundnu almennu löggæslu. En þegar mannaflinn er til reiðu til að sinna almennri löggæslu þá kemur hann inn sem styrking og viðbót. Þegar sérsveitin var efld og færð undir Ríkislögreglustjóra var um eðlilega skipulagsbreytingu að ræða því sérsveitin starfar á landsvísu. Einstakir lögreglustjórar eiga ekki að sinna verkefnum á landsvísu. Það er hlutverk Ríkislögreglustjóra. Sérsveitin í dag er því hrein viðbót við hina almennu svæðisbundnu löggæslu.“

- jss



**RÉTT ÓKOMIN Á TOPPINN** Hulda Rósarsdóttir kemur hér upp úr Laufskörðum, á leið vestur á Esjuna. Fyrir aftan Huldu má líta líparítbjarta Móskarðshnjúkana. Afar víðsýnt er á þessu fjallendi enda í um 900 metrum yfir sjávarmáli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lektor telur óhæft að atvinnurekendur rukki fjármagnstekjuskatt:

# Snýst um einkamál launþega

**SKATTAMÁL** „Það hlýtur að vera réttur einstaklingsins að fá að halda þessum upplýsingum fyrir sjálfan sig,“ segir Ármann Gylfason, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Ármann vísar hér til reglna um skattheimtu, en samkvæmt þeim er heimilt að láta vinnuveitendur innheimta fjármagnstekjuskatt fyrir tollstjórann í Reykjavík, eða sýslumenn utan borgarinnar.

Vinnuveitendur fá þá sendar upplýsingar um fjármagnstekjur starfsmannanna.

Aðstoðartollstjóri, Sigurður Skúli Bergsson, segir þetta fyrirkomulag byggt á gömlum merg. Árið 2001 hafi hins vegar verið sett ný reglugerð sem skyldar atvinnurekendur til að halda eftir allt að þremur fjórðu hluta launa þeirra starfsmanna sem skulda tekjuskatt, útsvar eða gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.

„Þetta hefur verið talin nokkuð þægileg og örugg leið til að innheimta gjöldin,“ segir Sigurður.

Einhverjir launagreiðendur hafi þó kvartað yfir því að þurfa að sinna þessu verki fyrir ríkið án þess að fá greitt fyrir.

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir að þar sem enginn hafi kvartað undan þessu geti Persónuvernd ekki tekið afstöðu til vinnulagsins.

- kóþ / - bj / sjá síðu 4

Mögulegt mannréttindabrot:

# Mál Jesú Krists loks tekið fyrir

**MANNRÉTTINDI Hæstiréttur Kenýa hefur fengið það erfiða verkefni að skera úr um hvort Pontíus Pílatus hafi framið mannréttindabrot þegar hann fyrirskipaði krossfestingu Jesú Krists fyrir tvö þúsund árum. Á fréttavef NBC kemur fram að hópurinn „Vinir Jesú“ hefur beðið dómstólinn um að túlka lög Móse til að meta hvort Jesús hafi hlotið sanngjarna málsmeðferð þegar hann var dæmdur fyrir guðlast.**

**Málið hefur vakið fjölda lagalegra spurninga á borð við hvort tvö þúsund ára gamalt brot hafi ekki fyrnst fyrir löngu, og hvort hæstiréttur Kenýa hafi yfir höfuð eitthvert dómsvald yfir fjarstöddum embættismönnum Rómarveldis. Málsmeðferð hefst að loknum sumarleyfum.** - sþs

DELTALIGHT

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

## SPURNING DAGSINS



*Magnús, heldur Eimskip ykkur á floti?*

„Það er nú ekki eins og LA þurfi björgunarhring, en máttarstólparnir eru okkur mikilvægir eins og áhorfendur.“

Eimskip hefur gerst máttarstólpi Leikfélags Akureyrar með því að styrkja starfsemi þess til framtíðar. Magnús Geir Þórðarson er leikhússtjóri LA.

Viðurkenning menntamálaráðuneytis til háskóla afhent í gær:

# LHÍ viðurkenndur í heild sinni

**MENNTUN** Menntamálaráðherra viðurkenndi afmörkuð fræðasvið nokkurra háskóla í gær. Listaháskóli Íslands var þó viðurkenndur í heild sinni, fyrstur íslenskra háskóla.

„Við erum afar stolt af þessu og ég hef verið að grínast við hina rektorana að ef þá vanti ráðleggingar geti þeir komið til okkar,“ segir Hjálmar H. Ragnarsson, rektor LHÍ og hlær.

„Þarna er opinber stjórnsýsla að viðurkenna að háskólinn standist ákveðna staðla og að hann standist samanburð við það sem þekkist erlendis,“ segir hann, en LHÍ var viðurkenndur í heild sinni, því allt listnámið var tekið fyrir sem eitt fræðasvið.

„Þetta kemur að góðum notum í samstarfi við erlenda háskóla sem gera kröfu til svona viðurkenninga,“ segir rektor. Fræðasvið hugvísinda, guðfræði, náttúru-, verk- og tæknivísinda við Háskóla Íslands hlutu viðurkenningu. Einnig fræðasvið verk- og tæknivísinda við Háskólann í Reykjavík ásamt fræðasviðum náttúruvísinda við Landbúnaðarháskólann. **- kóþ**



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Menntamálaráðherra afhenti verðlaunin með pompi og prakt í Listasafni Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þróunarsamvinnustofnun:

## Hýsir barn með barn undir belti

**NÍKARAGVA** Níu ára barnshafandi stúlka dvelur nú í mæðrahúsinu í Bluefields í Níkaragva, sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands lét byggja og var opnað fyrir nokkrum vikum. Stúlkunni var nauðgað af frænda sínum.

Fóstureyðingar eru bannaðar með öllu í Níkaragva, og því kemur ekki annað til greina en að stúlkan eignist barnið. Samkvæmt tilkynningu frá Þróunarsamvinnustofnun er hún komin fimm mánuði á leið og mun dvelja í mæðrahúsinu fram að fæðingu þar sem sjúkrahús bæjarins hefur ekki aðstöðu til að hýsa hana. **- sþs**



**FORSTJÓRI OG STJÓRNARFORMAÐUR** Straumur-Burðarás hefur ákveðið að færa hlutafé sitt í evrum í stað íslenskra króna síðar í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Straumur-Burðarás:

## Kastar krónum fyrir evrur

**VIÐSKIPTI Stjórn Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka ákvað á fundi sínum í gær að skrá hlutafé bankans í evrum í stað íslenskra króna frá og með 20. september næstkomandi. Straumur er fyrsti íslenski bankinn og jafnframt fyrsta íslenska félagið sem skráð er í Kauphöllina sem skráir hlutafé sitt í erlendri mynt.**

**Bankinn segir skráninguna lið í stefnu hans að auka hlutfall erlendra fjárfesta í bankanum og í rökréttu framhaldi af því að bankinn hóf að birta uppgjör sín í evrum á síðasta ári. - jab**

# Alltaf sama fólkið við björgunarstörf

**Álagið á björgunarsveitarmönnum eykst með fleiri útköllum. Gæti orðið vandamál í framtíðinni, segir varaformaður Dagrenningar. Mikill áhugi á störfum björgunarsveitanna, segir framkvæmdastjóri Landsbjargar.**

**FÓLK** „Nýliðunin er ekki nógu mikil. Margir sem hafa komið til starfa hjá okkur hafa síðan farið til höfuðborgarinnar eða í skóla og koma ekki aftur,“ segir Sveinbjörn Már Birgisson, varaformaður björgunarsveitarinnar Dagrenningar á Hvolsvelli.

Um helgina auglýsti Slysavarnafélagið Landsbjörg eftir sjálfboðaliðum til starfa. Leitað er að áhugasömu fólki á öllum aldri til starfa í björgunarsveitum félagsins.

Sveinbjörn Már segir aðsóknina í björgunarsveitina vera dræma og álagið á þeim sem eru í viðbragðsstöðu sé mikið. „Þetta er alltaf sami hópurinn sem er að störfum,“ segir Sveinbjörn Már og bendir á hvernig breyttar forsendur varðandi skóla og atvinnutækifæri hafi haft mikil áhrif á hvernig gangi að manna í björgunarsveitirnar. „Fólk fer frekar eitthvert annað heldur en að stoppa hér. Það er ekki gott að segja hvað er til ráða. Þetta er ekki stórt vandamál núna á meðan þeir sem mæta alltaf eru ennþá með okkur en þetta gæti orðið vandamál í framtíðinni,“ segir Sveinbjörn Már.

Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar, segir björgunarsveitirnar vera vel mannaðar í dag en það sé alltaf pláss fyrir fleira fólk. Hann segir álagið hafa aukist síðustu árin. „Í dag eru fleiri samfélagsleg verkefni sem björgunarsveitirnar koma að. Við höfum verið að aðstoða á tjaldstæðum og sinnt sjúkragæslu á bæjarhátíðum en þeim fjölgar ár frá ári. Síðan eru Íslendingar alltaf að verða duglegri að leita til fjalla.“ Kristinn segist finna fyrir miklum áhuga hjá almenningi á starfinu. „Breiddin í umsækjendahópnum er að aukast. Við erum að fá eldra fólk inn í félagið eins og fólk sem er búið með nám, búið að koma sér fyrir og langar að sinna einhverjum félagsmálum.“

Björgunarsveitir eru með kynningarfundi um allt land. Kristinn bendir áhugasömum á að mæta á fundina eða hafa samband við þá björgunarsveit sem er í næsta nágrenni. Þar fást upplýsingar um hvernig hægt er að sækja um og gerast sjálfboðaliði hjá björgunarsveitum Landsbjargar.

larab@frettabladid.is



**FJÖLBREYTT VERKEFNI** Útköll sem björgunarsveitirnar sinna eru allt frá fjúkandi trampólínum og upp í leitir og björgunaraðgerðir á sjó og landi.

### BJÖRGUNARSVEITIR SLYSAVARNAFÉLAGSINS LANDSBJARGAR

- Nýjustu tölur yfir útköll eru síðan 2005. Þá voru þau 1.200 talsins eða þrjú til fjögur á dag.
- Á bak við hverja vinnustund í útkalli liggja tólf klukkustundir í annarri vinnu svo sem viðhaldi tækja, þjálfun, æfingar og fjáröflun.
- Dreifing útkalla yfir árið hefur breyst. Áður fyrr var minna um útköll á sumrin. Með aukinni ferðamennsku hefur þetta breyst. Í dag eru útköll á öllum árstímum.
- Björgunarsveitirnar eru betur tækjum búnar í dag en sú þróun fylgir þeirri hjá almenningi. Jeppaeign landsmanna hefur aukist og björgunarsveitir verða að komast allt sem almenningur kemst.

Töluverður sprettur í lokin:

## Of seint að lýsa kröfu í hlutafé

**VIÐSKIPTI Frestur til að lýsa kröfu í hlutafé í fjárfestingarfélaginu Gift, dótturfélagi Samvinnutrygginga, rann út á miðnætti í nótt. Í júní var ákveðið að leggja Samvinnutryggingar niður og að þeir sem tryggðu hjá félaginu yrðu hluthafar í Gift.**



**KRISTINN HALLGRÍMSSON**

**Kristinn Hallgrímsson, formaður skiptanefndar félagsins, segir töluverðan sprett hafa verið í gær, áður en fresturinn rann út. „Við teljum að við náum utan um þetta allt saman með upplýsingar okkar um þá sem tryggðu,“ segir hann. „Flestar kröfurnar koma frá fólki sem er bara að minna á sig.“ - sþs**

Flugskeyti lendir hjá leikskóla:

## Olmert hótar hefndarárásum

**ÍSRAEL, AP** Flugskeyti frá Palestínumönnum lenti og sprakk rétt hjá leikskóla í bænum Sderot, bæ sem oft verður fyrir árásum frá Palestínumönnum. Foreldrar barnanna brugðust ókvæða við og segjast ekki ætla að senda börnin sín í skóla fyrr en nýr skóli rís fyrir utan bæjarmörkin.

Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, segir að nú muni Ísraelar „hvergi halda aftur af sér varðandi árásir á þá sem skjóta upp flugskeytunum og þá sem útvega þeim þær“.

„Við tökum þessar hótanir alvarlega,“ segir Taher Nunu, talsmaður Hamas á Gaza-strönd. „Við höfum gefið út viðvaranir um komandi fjöldamorð á fólki í Gaza.“ **- gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Strokudrengir á stolnum bíl

Talið er að drengirnir tveir sem struku frá meðferðarheimilinu Bergi í Aðaldal hafi stolið bifreið og ekið henni suður í átt að Reykjavík. Lögreglan á Húsavík hefur komið boðum til annarra lögreglustöðva á landinu, og er nú leitað að ljósblárri Toyotu Corolla með bílnúmerið UT-493.


UMSÖGN UM NÁMSKEIÐIÐ

STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

„Ég valdi Stjórnendur framtíðarinnar því þar sá ég tækifæri til að kynnast nýjum hugmyndum í stjórnun, rifja upp það sem ég hafði áður lært og styrkja mig sem stjórnanda. Námsfyrirkomulagið og viðfangsefnin hentuðu mér vel því auðvelt var að samræma þetta krefjandi stjórnunarstarfi. Námið stóðst mínar væntingar, var faglegt og skemmtilegt. Rúsínan í pylsuendanum var síðan að kynnast frábærum samnemendum, stjórnendum frá fjölbreytilegum vinnustöðum, sem miðluðu af reynslu sinni og stækkuðu tengslanet mitt.“

Sigríður Jónsdóttir
Útibússtjóri, Glitnir

Skráning er hafin á www.capacent.is/namskeid



capacent RÁÐGJÖF


Hæstiréttur staðfestir frávísunardóma héraðsdóms í efnahagsbrotamálum:

# Ákærur ranglega gefnar út

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest með dómi að saksóknari efnahagsbrota megi ekki gefa út ákærur í eigin nafni. Ákærur í tveimur málum voru því ranglega gefnar út að mati Hæstaréttar.

Hæstiréttur staðfesti frávísun Héraðsdóms Norðurlands eystra í máli fjögurra manna sem ákærðir voru fyrir að nýta sér kerfisvillu í heimabanka Glitnis og náð sér þannig í á þriðja tug milljóna króna.

Hæstiréttur staðfesti einnig dóm Héraðsdóms Reykjaness í máli gegn tveimur mönnum sem ákærðir voru fyrir ýmis fjárhagsbrot en máli þeirra hafði verið vísað frá á sömu forsendu og málinu í Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Ákærur verða hér eftir gefnar út í nafni saksóknara efnahagsbrota hjá embætti ríkislögreglustjóra en ekki einungis saksóknara efnahagsbrota eins og í fyrrnefndum málum.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá embætti ríkislögreglustjóra, segir nýjar ákærur verða gefnar út í málunum sem hefur verið vísað frá og það sama eigi við um þrjár ákærur sem eru til meðferðar í dómskerfinu. „Framvegis verður farið eftir þessari niðurstöðu Hæstaréttar og hún væntanlega notuð sem viðmið við endurskoðun laga,“ segir Helgi Magnús. **- mh**



**HÆSTIRÉTTUR** Staðfesti frávísunardóma héraðsdóms í máli fjögurra manna sem ákærðir voru fyrir nýta sér kerfisvillu í heimabanka Glitnis í gróðaskyni. Endurákært verður í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Vodafone
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR
Málið er leyst
Við kappkostum að afgreiða málið í einu símtali
Vandamálin eru til að leysa þau. Við lítum einfaldlega á það sem skyldu okkar að veita viðskiptavinum bestu hugsanlegu þjónustu og 95% mála sem til okkar berast eru afgreidd í fyrsta símtali. Þess vegna eru líka ánægðustu viðskiptavinirnir hjá okkur, samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni.
Hringdu í 1414 og vandamálið er úr sögunni
Gríptu augnablikið og lifðu núna
vodafone
Fiton/SÍA FI022712

## GENGIÐ 03.09.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,71 | 64,01 |
| Sterlingspund | 128,59 | 129,21 |
| Evra | 86,89 | 87,37 |
| Dönsk króna | 11,662 | 11,730 |
| Norsk króna | 10,952 | 11,016 |
| Sænsk króna | 9,259 | 9,313 |
| Japanskt jen | 0,5486 | 0,5518 |
| SDR | 97,56 | 98,14 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

118,0399

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðstandendur Ungdómshússins í Kaupmannahöfn:

# Óánægja með óeirðir

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Megn óánægja er meðal margra þeirra, sem börðust gegn niðurrifi Ungdómshússins á Norðurbrú í Kaupmannahöfn í vor, vegna ólátanna um helgina í tilefni af því að hálft ár var liðið frá því húsið var rifið.

Allt logaði í óeirðum aðfaranótt sunnudagsins. Rúður voru brotnar í verslunum og bönkum, götuvígi reist og kveikt í bifreiðum. Sextíu og þrír voru handteknir og einn lögreglumaður særðist lítillega. Flestir hinna handteknu voru fljótlega látnir lausir.

„Þrír eða fjórir verða ákærðir fyrir ofbeldi gegn lögreglunni,“ sagði Flemming Steen Munch, talsmaður lögreglunnar í Kaupmannahöfn.

Óeirðirnar hófust í kjölfar mótmælagöngu sem ungmenni efndu til seint á laugardagskvöld í tilefni af því að hálft ár er liðið frá því Ungdómshúsið á Norðurbrú var rifið.

Einungis er þó talið að fáir þeirra, sem tóku þátt í óeirðunum um helgina, hafi tengst Ungdómshúsinu á nokkurn hátt. Þetta hefur danska dagblaðið Politiken eftir talsmanni fjölmiðlahóps Ungdómshússins, sem nefnir sig aðeins Sander.

Í gærkvöld héldu aðstandendur Ungdómshússins og stuðningsmenn þeirra fund þar sem farið var yfir atburði helgarinnar. - gb



**EFTIR ÓEIRÐIRNAR** Glerbrot, brunnin götuvígi og ónýtar bifreiðar voru eins og hráviði á götum Norðurbrúar á sunnudagsmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**BENSÍN** Breytingar á heimsmarkaðsverði voru sagðar hafa orsakað verðhækkunina sem varð fyrir helgi hjá flestum olíufélögunum.

Olíufélögin lækka á ný:

## Verðhækkunin varði í þrjá daga

**NEYTENDUR Eldsneytisverð lækkaði um tvær krónur hjá N1, Olís og Skeljungi í gær. Fyrirtækin höfðu tilkynnt um tveggja króna hækkun á eldsneyti síðasta föstudag. Hækkunin síðan fyrir helgi hefur því gengið til baka, og kostar bensínlítrinn nú 126 krónur í sjálfsafgreiðslu á stöðvum félaganna þriggja.**

**Atlantsolía hækkaði eldsneytisverð hjá sér í gær um eina og hálfa krónu, og stendur það nú í 125,90 krónum miðað við sjálfsafgreiðslu. Verðið þar hafði ekki lækkað aftur þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.** - sþs

FERÐALÖG

### Innanlandsflug dýrara

Flugfélag Íslands hækkaði fjögur dýrustu fargjöld sín um sex prósent um helgina. Flugfar frá Reykjavík til Egilsstaða og til baka kostar nú tuttugu og átta þúsund krónur. Flug fram og til baka frá Reykjavík til Akureyrar kostar tæpar tuttugu og fjögur þúsund krónur.

# Láta vinnuveitendur innheimta skuldir

**Innheimtumenn ríkissjóðs krefjast þess að vinnuveitendur dragi skuldir vegna fjármagnstekjuskatts frá launum starfsmanna en senda ekki reikning. Kemur vinnuveitendum ekki við segir skattgreiðandi. Þægileg og örugg leið segir aðstoðartollstjóri.**

**SKATTAMÁL** Vinnuveitendur eru látnir innheimta fjármagnstekjuskatt starfsmanna sinna fyrir tollstjórann í Reykjavík og sýslumenn. Lektor við Háskólann í Reykjavík er afar ósáttur við að vinnuveitendum séu sendar upplýsingar um fjármagnstekjur starfsmanna.

„Hvernig aðrar tekjur mínar en launatekjur hjá vinnuveitandanum mínum eru skattlagðar kemur vinnuveitandanum ekki við, það hlýtur að vera réttur einstaklingsins að fá að halda þessum upplýsingum fyrir sjálfan sig,“ segir Ármann Gylfason, lektor við Háskólann í Reykjavík.

„Í fyrra seldi ég einhver hlutabréf, og eins og lög gera ráð fyrir gaf ég það upp á skattframtali í vor. Í ágúst kom álagningarseðill þar sem fram kom að ég skuldaði fjármagnstekjuskatt,“ segir hann.

Ármann segir að greiðslunum hafi verið skipt upp á fimm gjalddaga, og fyrsta reikninginn hafi hann getað greitt í heimabanka. Hann hafi svo ekki fengið fleiri reikninga í heimabankann, en þess í stað hafi vinnuveitandi hans verið látinn vita að draga ætti frá launum hans á næstu mánuðum. Hann segist afar ósáttur við að vinnuveitanda sé blandað í málið með þessum hætti í stað þess að honum sé sjálfum sendur reikningurinn. Einnig sé þetta eflaust í óþökk vinnuveitandans, sem sé settur í það hlutverk að innheimta fyrir ríkissjóð.

Tollstjórinn í Reykjavík innheimtir skattskuldir borgarbúa, en annars staðar er innheimtan í höndum sýslumanna. Sigurður Skúli Bergsson aðstoðartollstjóri segir að heimild til að draga skattskuld af launum sé afar gömul.

Á henni var skerpt með nýrri reglugerð árið 2001, þar sem sú skylda er lögð á launagreiðendur að halda eftir allt að þremur fjórðu hluta launa starfsmanna sem skulda tekjuskatt, útsvar og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Sigurður segir að þeir sem ekki séu skráðir með launagreiðanda fái greiðsluseðla vegna fjármagnstekjuskatts, en sé vitað hver vinnuveitandinn sé fari innheimta fram í gegnum hann.

Spurður hvers vegna þetta verklag sé viðhaft segir Sigurður: „Þetta hefur verið talin nokkuð þægileg og örugg leið til að innheimta gjöldin að draga þetta af laununum.“ Einhverjir launagreiðendur hafi þó kvartað yfir því að sinna þessu verki fyrir ríkið án þess að fá greitt fyrir.

Sigurður segir að það gæti verið eitthvað dýrara að innheimta með greiðsluseðlum, en ekki hafi verið lagt sérstakt mat á það.

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, vildi aðspurð ekki taka afstöðu til þess hvort þetta vinnulag sé í samræmi við lög um persónuvernd. Kvörtun þurfi að berast Persónuvernd til að hægt verði í þá vinnu sem þurfi til að kanna það.

brjann@frettabladid.is

### DÆMISAGA

**Tekjur:** Jón Jónsson selur hlutabréf sín og hefur af því fjármagnstekjur.

**Skýrsla:** Jón skráir hlutabréfasöluna í skattskýrslu.

**Álagning:** Álagningarseðlar birtir. Jón þarf að borga 500 þúsund krónur í fjármagnstekjur.

**Innheimta:** Vinnuveitandi Jóns er látinn draga 100 þúsund krónur á mánuði í fimm mánuði af launum hans. Hann fær þó alltaf í það minnsta 25 prósent launa sinna útborguð.



**INNHEIMTUMENN RÍKISSJÓÐS** Tollstjórinn í Reykjavík innheimtir skattskuldir borgarbúa. Aðstoðartollstjóri segir að heimild til að láta draga slíkar skuldir af launum skuldara sé afar gömul. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Breytingar innan flokksins:

## Guðfríður stýrir þingflokki VG

**STJÓRNMÁL** Guðfríður Lilja Grétarsdóttir tekur til starfa sem framkvæmdastjóri þingflokks Vinstri grænna í september. Hún tekur við af Drífu Snædal, sem mun áfram gegna starfi framkvæmdastýru flokksins.



**GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR**

Guðfríður Lilja var í öðru sæti á framboðslista Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi fyrir síðustu alþingiskosningar en náði ekki kjöri. Hún er með BA-próf í sagnfræði og stjórnmálafræði frá Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og mastersgráðu í hugmyndasögu og heimspeki frá Cambridge-háskóla í Bretlandi. Hún hefur unnið sem alþjóðaritari á alþjóðasviði Alþingis frá 2001. - sþs

Rússneskunám við HÍ:

## Fyrsta kennslustundin í gær

**MENNTUN Kennsla í rússnesku hófst við Háskóla Íslands (HÍ) í gærmorgun eftir þriggja ára hlé. Nú verður námið í fyrsta skipti á meistarastigi.**

**Kristín Ingólfsdóttir rektor tók á móti Olgu Korotkovu, nýja rússneska sendikennaranum, og fulltrúum frá rússneska sendiráðinu í Reykjavík rétt áður en fyrsta kennslustundin hófst.**

**Björgólfur Guðmundsson var einnig viðstaddur móttökuna þar sem námið er stutt af fyrirtæki hans, eignarhaldsfélaginu Samson.**

**Tuttugu og einn nemandi er skráður í rússneskunám við Háskóla Íslands.** - lbb


## Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna. Kynntar eru helstu reglur er varða innflutning, innflutningstakmarkanir og undanþágur. Farið er yfir fylgiskjöl með vörusendingum og hvaða tilgangi þau þjóna við innflutning og gerð tollskýrslna. Farið er m.a. yfir myndun tollverðs og útreikning aðflutningsgjalda. Kynntir eru fríverslunarsamningar og notkun tollskrárinnar.

Lengd: 21 std. og er boðið uppá morgun- og kvöldnámskeið.

Verð: 28.000.- Sérútbúin kennslubók og ítarefni innifalið.

Hefst 11. september og lýkur 20. september.

Morgunnámskeið þriðjudaga og fimmtudaga kl 8:30 - 12:00

Kvöldnámskeið þriðjudaga og fimmtudaga kl 18:30 - 21:30



TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SLÆR Í STORM**

**Mjög hvöss suðvestan átt verður á landinu í dag en smám saman lægir þegar líður á síðdegið og kvöldið. Myndarlegar hviður fylgja þessu veðri og má reikna með að þær nái upp undir 30 m/s. Síðdegis dregur smám saman úr vindhraða og í kvöld ætti vindur að vera orðinn skaplega hægur. Áfram mun þó verða hvasst á hálendinu, sér í lagi í námunda við jöklana.**

**REYKJAVÍK Í DAG**

**Hvöss suðvestan átt með morgninum en lægir heldur eftir hádegi. Smáskúrir. Hiti 9-13 stig í dag.**

um hádegi »




» á morgun




» fimmtudagur




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C skúrir | London | 20°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 12°C skúrir |
| Billund | 16°C hálfskýjað | París | 17°C hálfskýjað | Basel | 16°C skúrir |
| Osló | 16°C léttskýjað | Amsterdam | 16°C skúrir | Alicante | 28°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 13°C rigning | Frankfurt | 16°C skúrir | Algarve | 27°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 16°C hálfskýjað | Berlín | 14°C skúrir | Las Palmas | 26°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR



**Toyota Avensis W/G Terra**
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.02 Ekinn: 97.000 km
Verð: 1.090.000 kr. Skr.nr. LJ-082



**Toyota Corolla W/G**
1600 Bensín sjsk.
Á götuna: 06.04 Ekinn: 65.000 km
Verð: 1.590.000 kr. Skr.nr. MO-051



**Toyota Land Cruiser 120 VX**
4000 Bensín sjsk.
33" Vindskeið, krókur, kastaragrind, filmur o.fl.
Á götuna: 09.05 Ekinn: 45.000 km
Verð: 5.290.000 kr. Skr.nr. ZR-492



**Toyota RAV4**
2000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 08.03 Ekinn: 73.000 km
Verð: 1.390.000 kr. Skr.nr. OY-796



**Toyota Land Cruiser 100**
4700 Bensín sjsk.
Sóllúga, krókur, vindskeið, o.fl.
Á götuna: 12.01 Ekinn: 96.000 km
Verð: 3.350.000 kr. Skr.nr. PU-264



**Toyota Avensis L/B Sol**
1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 09.00 Ekinn: 97.000 km
Verð: 790.000 kr. Skr.nr. AA-618



**Toyota Yaris Sol**
1300 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.04 Ekinn: 35.000 km
Verð: 1.130.000 kr. Skr.nr. RL-781



**Suzuki Vitara Grand Limited**
2000 Bensín 5 gíra
Leður, álfegur, vindskeið o.fl.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 28.000 km
Verð: 2.150.000 kr. Skr.nr. AH-116
**TILBOÐ: 1.890.000 kr.**



**Jeep Cherokee Grand Turbo diesel**
3100 Dísel sjsk.
Á götuna: 08.02 Ekinn: 95.000 km
Verð: 2.490.000 kr. Skr.nr. SZ-479
**TILBOÐ: 1.990.000 kr.**



**Citroen Xsara Picasso Exclusive**
2000 Bensín sjsk.
Sóllúga, krókur, vindskeið og fleira.
Á götuna: 05.03 Ekinn: 54.000 km
Verð: 1.190.000 kr. Skr.nr. UA-674



**Volvo S60 S/D Turbo**
2300 Dísel sjsk. 250 hö
Hlaðinn aukahlutum.
Á götuna: 06.02 Ekinn: 97.000 km
Verð: 2.430.000 kr. Skr.nr. SV-336



**VW Passat W/G Comfort line**
2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 12.04 Ekinn: 39.000 km
Verð: 1.990.000 kr. Skr.nr. VH-798

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 38921 09.2007

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

**KJÖRKASSINN**



*Tekur þú strætó?*

Já 84%

Nei 16%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú fordóma gagnvart útlendingum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Formaður fjárlaganefndar segir ekkert nýtt við minnisblað Bjarna Harðarsonar:

# Bjarni missti af málinu í Perú

**SAMGÖNGUR** „Bjarni Harðarson hefur náttúrulega verið í Perú og misst af þessari umræðu allri," segir Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar.

Bjarni Harðarson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur vakið athygli á minnisblaði, þar sem fjármálaráðuneytið veitir Vegagerð yfirdráttarheimild, takist ekki að nýta aðrar ónýttar heimildir. Gunnar bendir á að um minnisblaðið megi lesa í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ferjuna.

„Þetta mál Bjarna er þriggja vikna gamalt og kom fram á fyrsta degi," segir Gunnar. Yfirdráttarheimildin sé einmitt meðal þess sem ágreiningur fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar snúist um.

Fjárlaganefnd fundaði í gær um ferjumálið og hlýddi á Einar Hermannsson, skipaverkfræðinginn sem samgönguráðherra sagði bera ábyrgð á því. Einar sækist nú eftir uppreisn æru, en Gunnar telur ekki í verkahring nefndarinnar að fara lengra með þátt hans í málinu, enda hafi Vegagerðin tekið á sig ábyrgð hans. Fjárlaganefnd ætlar að ljúka umfjöllun sinni um Grímseyjarferju um miðjan mánuðinn og starfshópur samgönguráðuneytis á að skila niðurstöðum á næstu dögum um hvernig eigi að ljúka við ferjuna. - kóþ



**GUNNAR SVAVARSSON** Segir athugasemdir Bjarna Harðarsonar þingmanns Framsóknar vera löngu komnar fram. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Þingmenn Vinstri grænna:

## Vilja smíða nýtt Grímseyjarfley

**SAMGÖNGUR Fulltrúar Vinstri grænna vilja að athugað verði hvort ekki sé hagkvæmara að selja nýju Grímseyjarferjuna í því ástandi sem hún er og smíða nýja ferju í staðinn.**

**Þeir þingmenn Jón Bjarnason og Árni Þór Sigurðsson hafa því farið fram á að samgönguráðherra skipi óháða nefnd, með aðild heimamanna í Grímsey, sem fjalli um þá kosti sem bjóðast um nýja ferju.**

**„Ef höfð eru snör handtök og ákvörðun tekin fljótlega getur ný ferja, byggð frá grunni, verið tilbúin 2009," segir í tilkynningu frá Vinstri grænum.** - kóþ

# Stjórnin vill Orkuveitu Reykjavíkur sem hlutafélag

**Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur samþykkt tillögu til eigenda um að breyta Orkuveitunni í hlutafélag. Tillagan fjarri því að vera tilbúin til afgreiðslu, segir Dagur B. Eggertsson. Breyting til góðs, segir stjórnarformaður.**

**ORKUMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur lagt það til að eigendur fyrirtækisins, Reykjavíkurborg (93,5 prósent), Akranesbær (5,5 prósent) Borgarbyggð (0,76 prósent) og Borgarfjarðarsveit (0,17 prósent), breyti félaginu úr sameignarfyrirtæki í hlutafélag. Tillaga þess efnis var samþykkt á stjórnarfundi í gær. Meirihluti stjórnarinnar vonast til þess að félagið geti tekið til starfa sem hlutafélag 1. janúar 2008. Báðir fulltrúar stjórnarminnihlutans, Dagur B. Eggertsson Samfylkingunni og Svandís Svavarsdóttir Vinstri grænum, greiddu atkvæði gegn tillögunni. „Tillagan var fjarri því að vera tilbúin til afgreiðslu," sagði Dagur að loknum fundi. Hann telur ekki að nein tilraun hafi verið gerð af hálfu Orkuveitunnar til þess að fara yfir málin heildstætt, meðal annars hvort ábyrgðir eigenda sameignafyrirtækis skekki samkeppnisstöðu gagnvart hlutafélögum sem ekki njóta sambærilegra ábyrgða, eins og Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur nú til skoðunar. „Það hefur ekki verið gerð lögfræðileg úttekt á þessu máli frekar en öðrum," sagði Dagur.

Haukur Leósson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, segir breytinguna til góðs og til þess fallna að stytta verkferla. „Ákvarðanatökur eru svifaseinar í sameignarforminu og það samræmist illa kröfum nútímans," sagði Haukur. Hann ítrekar að ekki standi til að einkavæða fyrirtækið, að minnsta kosti ekki á þessu kjörtímabili. „Ég veit svo sem ekki hvað gerist á næsta kjörtímabili en þessi breyting á rekstrarforminu tengist ekkert einkavæðingaráformum."

Meirihluti stjórnar bar því einnig við, sem frekari röksemd fyrir hlutafélagaforminu, að tekjuskattshlutfall fyrirtækisins myndi lækka úr 26 prósentum niður í átján prósent. Sú ástæða væri nægilega góð rök til þess að breyta rekstrarforminu.

magnush@frettabladid.is



**FRÁ STJÓRNARFUNDI** Tillagan um hlutafélagavæðingu Orkuveitu Reykjavíkur var samþykkt á stjórnarfundi í gær. Nú er það eigenda fyrirtækisins að taka afstöðu til tillögunnar og ákveða með framhaldið. Breyta þarf lögum verði tillagan að veruleika. Það er á borði iðnaðarráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ÓTTAST EINKAVÆÐINGARÁFORM

„Það er ekki hægt annað en að taka þessum hugmyndum sem spori í átt til einkavæðingar Orkuveitu Reykjavíkur," segir Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna og fulltrúi flokksins í stjórninni. Hún greiddi atkvæði gegn tillögunni sem samþykkt var í gær. „Ég tel undirbúning þessarar tillögu ófullnægjandi og rökin fyrir henni ósannfærandi. Það á eftir að vinna forvinnu sem nauðsynleg er til þess að geta greitt atkvæði með þessari hugmynd. Það er ekki búið að fara yfir lagaleg álitamál og þá finnst mér skattarökin tóm kredda. Hvað er slæmt við það að fyrirtæki, sem er í sameign sveitarfélaga, borgi 800 milljónum meira í skatt en það gerir ef það er í hlutafélagaformi?"

Svandís telur einkavæðingar og rekstrarformsbreytingar ekki allar hafa heppnast vel. „Sporin sem stigin voru með breytingum á póstþjónustu hafa ekki heppnast vel, svo dæmi sé tekið. Þjónustan er verri og dýrari en hún var."



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Óttast að einkavæðingaráform liggi að baki hlutafélagavæðingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### HVER ER MUNURINN Á SAMEIGNAR- OG HLUTAFÉLAGAFORMI?

Grundvallarmunurinn á sameignar- og hlutafélagaformi varðar ábyrgðir eigendanna. Í sameignarfyrirtækjum ábyrgjast eigendur allar skuldbindingar. Í hlutafélögum ábyrgjast eigendur ur einungis skuldbindingar félagsins með framlögum, hlutafé og öðrum eignum viðkomandi félags. Í sameignarfyrirtækjum hafa eigendurnir neitunarvald, óháð stærð eignarhlutar, um allar aðgerðir.

Ný útgáfa á Ströndum:

## Héraðsblaðið sent í hvert hús

**FJÖLMIÐLAR** Nýtt héraðsfréttablað á Ströndum á Vestfjörðum lítur dagsins ljós á fimmtudag.

Blaðið mun kallast Gagnvegur og verður því dreift ókeypis inn á hvert heimili Strandamanna.

Útgefandi og ritstjóri verður Kristín Sigurrós Einarsdóttir, grunnskólakennari og fréttaritari á Hólmavík.

Meðal efnis verður viðtal við Strandamann vikunnar, atburðadagatal, fréttir og dagskrá sjónvarps.

Langt er um liðið síðan prentmiðill var gefinn út á Ströndum og ætti þetta að vera kærkomin viðbót við fjölmiðlun á svæðinu, segir í tilkynningu. - kóþ



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Vinstri græn vilja að borgarbúar beiti borgarstjórn þrýstingi í málefnum Laugavegs.

Rætt um Laugaveg 4 til 6:

## Vill fjölmenni á Ráðhúspalla

**STJÓRNMÁL Málefni Laugavegs 4 til 6 verða fyrst á dagskrá borgarstjórnarfundar sem hefst í Ráðhúsi Reykjavíkur klukkan tvö í dag. Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, hvetur alla þá sem vilja til að fylgjast með fundinum af áhorfendapöllum, því góð mæting gæti haft áhrif.**

**„Þú veist hvernig pólitík virkar, stjórnmálamönnum finnst alltaf erfitt að standa á móti lýðræðislegum þrýstingi," segir hún. „Þó það sé nánast búið að taka ákvörðun um þessi hús þá er enn hægt að snúa því við. Við köllum eftir þrýstingi borgarbúa."** - sþs

71 árs „öfgamaður":

## Ákærður fyrir að brúka kjaft

**RÚSSLAND, AP** Pyotr Gagarín, 71 árs gamall rússneskur vörubifreiðastjóri á eftirlaunum, segist vera þekktur fyrir að skafa ekki utan af hlutunum. Nú er hann þekktur um allt Rússland fyrir að kalla ríkisstjórann sinn „úrþvætti".

Fyrir vikið var hann ákærður fyrir að vera öfgamaður. Ákæran er lögð fram samkvæmt nýlegum lögum um öfgamennsku.

„Þetta er skrípaleikur sem er settur á svið til að hafa áhrif á kosningarnar," segir Gagarín. „Maður móðgar einhvern og þá er maður skyndilega orðinn öfgamaður."

Orðalag laganna er það vítt að stjórnvöld hafa möguleika á að leggja fram ákærur og banna starfsemi samtaka fyrir smávægilegar sakir. - gb

Forstjóri Sjóvár segir tíma til kominn að bretta upp ermarnar og ganga alla leið með 2+2 vegi:

# Litlu dýrara að leggja 2+2 veg og er öruggara

**SAMGÖNGUR** „Við erum með tillögur um að gera mætti 2+2 veg alla leið með því að fækka mislægum gatnamótum og fjölga hringtorgum. Þetta ætti að kosta um átta milljarða," segir Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvár.

Fulltrúi Vegagerðarinnar lýsti kostum 2+1 vegar í blaðinu í gær. Fram hefur komið að slík framkvæmd kosti um 5,8 milljarða, en 2+2 vegur um 13,5 milljarða. Einnig að samgönguráðuneyti hafi fjárheimildir sem samsvara um 7,4 milljörðum á núverandi samgönguáætlun.

Þór segir að þótt góð reynsla sé af 2+1 vegum frá Svíþjóð, séu aðrar aðstæður hér á landi.

Hugmyndir tryggingafélagsins snúist meðal annars um að þrengja milli akreina og setja þar vegrið.

„Það eru veigamikil rök fyrir 2+2 vegi. Upphaflega átti að hafa mikið af mislægum gatnamótum á þessari leið. Við teljum að okkar útfærsla krefjist ekki umhverfismats, fremur en 2+1 leiðin. Hún hefði líka í för með sér að framkvæmdir gætu hafist mun fyrr. Við viljum bretta upp ermarnar," segir hann.

Sjóvá vilji leggja veginn án þess að innheimta veggjöld. „Og þannig spörum við okkur tjón fyrir hundruð milljóna á ári." - kóþ



**SUÐURLANDSVEGUR** Í Svíþjóð hafa 2+1 vegir reynst vel, en á Íslandi eru aðrar aðstæður, bendir Þór Sigfússon forstjóri Sjóvár á. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# STYRKUR TIL UPPGRÆÐSLU

Landgræðslufélag Biskupstungna fékk hæsta styrk sem úthlutað var úr Pokasjóði verslunarinnar í ár, 7,5 milljónir króna. Eitt af megin verkefnum félagsins hefur verið að stöðva jarðvegsrof og landeyðingu á Haukadalsheiði.

Pokasjóður óskar félaginu til hamingju með styrkinn og árangurinn af starfinu. Pokasjóður veitir árlega um **100 milljónum** í styrki til **umhverfis**-, **menningar**-, **íþrótta**- og **mannúðarmála**. Frá upphafi hefur Pokasjóður úthlutað meira en 700 milljónum.

MERKI UM UPPBYGGINGU

POKASJÓÐUR

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvaða uppnefni hefur umdeilt öryggishlið fyrir Saga Class farþega hlotið?*

*2 Í hvaða landi voru börn undir tíu ára aldri grunuð um 3.000 glæpi?*

*3 Hvar í Evrópu hafa skógareldar geysað og valdið dauða 65 manns?*

SVÖR Á SÍÐU 30

Barist um framkvæmdir í Dresden vegna heimsminjaskrár UNESCO:

# Leðurblakan gerði útslagið

**UMHVERFISMÁL** Leðurblöku tókst nýlega það sem umhverfisverndarfólki og UNESCO, Menningarstofnun SÞ, hafði mistekist í nokkurn tíma. Að stöðva umdeildar vegaframkvæmdir í Dresden.

Menningarminjarnar í Dresden höfðu verið settar á válista heimsminjaskrár UNESCO vegna brúargerðar, sem þykir raska umhverfinu. Þetta gæti þýtt að heimsminjanefndin fjarlægði Dresden af heimsminjaskrá með öllu.

Waldschlösschen-brúin yrði 635 metra löng nútímasmíð sem passar illa inn í minjarnar.

Íbúar borgarinnar kusu um brúna árið 2005. Hún var samþykkt og sögð nauðsynleg vegna bílaumferðar í borginni.

Borgarráð Dresden ákvað að hætta við brúna í fyrra, en landsdómur í Sachsen úrskurðaði seinna að ákvörðun borgaranna skyldi framfylgt. Í sumar setti UNESCO sem skilyrði að brúin yrði hönnuð á nýjan leik, í betra samræmi við minjarnar.

Síðan hefur verið rætt um jarðgöng og aðrar málamiðlanir, en framkvæmdum var ekki frestað fyrr en eftir að leðurblakan kom fram í dagsljósið í síðasta mánuði. Hún heitir Rhinolophus hipposideros og er í útrýmingarhættu. Einungis 650 slíkar eru til í heiminum og þær halda sig á þessu svæði. Eftir þetta hefur ekki spurst til framkvæmda. - kóþ



**LEÐURBLAKAN** Þessi fágæta leðurblaka sló Dresdenbúa út af laginu.

Húsleit í Mosfellsbæ:

# Voru með fíkniefni og þýfi

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á fíkniefni og þýfi í húsleit sem gerð var í Mosfellsbæ á föstudag.**

**Húsleitin var gerð að fengnum úrskurði. Fernt var í húsnæðinu þegar lögreglu bar að garði, þrír menn og ein kona, öll á þrítugsaldri. Í húsnæðinu fundust um 20 grömm af hvítu efni sem talið er vera amfetamín, svo og slatti af marijúana. Að auki fann lögreglan ætlað þýfi, sem talið er vera úr innbroti.**

**Fólkið, sem komið hefur við sögu lögreglu áður, var fært á lögreglustöð til yfirheyrslu og látið laust að því loknu.** - jss

Lyfjaakstur á Selfossi:

# Tekinn tvisvar sama daginn

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður var stöðvaður tvisvar af lögreglu fyrir lyfjaakstur á Selfossi í gær. Í fyrra skiptið komu lögreglumenn auga á hann við akstur á eigin bíl fyrir hádegi, og var hann stöðvaður. Bíllinn var tekinn í umsjá lögreglunnar og manninum sleppt.

Síðar um daginn var maðurinn aftur kominn á stjá, en þá hafði hann orðið sér úti um annan bíl. Lögregluþjónar stöðvuðu hann aftur, enn var hann undir áhrifum lyfja og aftur var bíllinn tekinn í umsjá lögreglu. Að því loknu var manninum sleppt. - sþs

Pappírslyfseðlar að hverfa:

# Lyfseðlar verða sendir rafrænt

**HEILBRIGÐISMÁL Fyrsti áfangi í innleiðingu rafrænna lyfseðla á landsvísu hófst á Selfossi í gær og er stefnt að því að rafrænir lyfseðlar verði orðnir að veruleika um allt land um næstu áramót eða fyrstu mánuði á eftir.**

**Sjúklingar munu þá ekki lengur fá í hendur pappírslyfseðil hjá læknum heldur sendist rafrænn seðill beint í lyfseðilsgátt og geta sjúklingar nálgast lyfin í hvaða apóteki sem er.** - sdg

Leiðtogi Fatah Islam féll þegar umsátri hersins lauk:

# Flóttamanna leitað

**LÍBANON, AP** Líbanski herinn leitaði í gær í rústum bygginga í norðanverðu Líbanon að flóttamönnum úr samtökum herskárra Palestínumanna, daginn eftir að þeir voru hraktir úr flóttamannabúðunum Nahr el-Bared rétt fyrir utan bæinn Trípólí.

Þriggja mánaða umsátri stjórnarhersins í Líbanon um flóttamannabúðirnar lauk á sunnudaginn með heiftarlegum bardaga þar sem 39 herskáir Palestínumenn féllu, tuttugu voru handteknir og þrír líbanskir hermenn létu lífið.

Fuad Saniora forsætisráðherra lýsti þá strax yfir sigri á samtökunum Fatah Islam, sem hafa hallast að hugmyndum og aðferðafræði al-Kaída. Bæjarbúar í Trípólí fögnuðu úrslitunum ásamt hermönnum á götum höfuðborgarinnar, margir veifuðu fánum og hrópuðu í fögnuði. Sumir hleyptu af byssum sínum og aðrir skutu flugeldum á loft.

Eiginkona leiðtoga Fatah Islam, Shaker al-Absi, bar í gær kennsl á lík hans á sjúkrahúsi í Trípólí. Tveir hinna handteknu staðfestu einnig að líkið væri af leiðtoga þeirra.

Nærri 160 hermenn hafa fallið í átökunum, sem þýðir að þetta eru verstu innanlandsátök í landinu frá borgarastríðinu 1975-90. Auk þess létust í átökunum meira en 20 almennir borgarar og meira en 60 liðsmenn Fatah Islam. - gb



**SIGRI FAGNAÐ** Hermenn úr stjórnarher Líbanons nýkomnir frá flóttamannabúðunum Nahr el-Bared. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Hefur látið breyta tveimur sagnfræðilegum bókum í stjórnartíð sinni í Eddu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**GUÐMUNDUR MAGNÚSSON**



**SVERRIR HERMANNSSON**



**KRISTJÁN B. JÓNASSON**

# Lét farga bók Guðmundar

**Björgólfur Guðmundsson hefur viðurkennt að hafa látið farga upplagi af bókinni um Thorsarana. Annarri bók breytt eftir að Björgólfur eignaðist Eddu.**

**FÓLK** Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans, hefur viðurkennt að hafa látið farga upplagi af bók Guðmundar Magnússonar sagnfræðings um Thorsarana, sem Edda-útgáfa gaf út árið 2005, því að hann hafi verið óánægður með nokkrar blaðsíður í henni. Edda-útgáfa er í eigu Björgólfs. Björgólfur sagði frá þessu í viðtali við breska blaðið The Observer sem var birt um helgina.

Á blaðsíðunum var fjallað um hjónaband eiginkonu Björgólfs, Þóru Hallgrímsson, og stofnanda nasistaflokks Bandaríkjanna, George Lincolns Rockwells. Guðmundur endurskrifaði þann hluta bókarinnar þar sem fjallað var um hjónabandið. Í bókinni, eins og hún var síðar gefin út, er minnst einu sinni á hjónabandið.

Björgólfur segir í viðtalinu að honum hafi þótt það ósanngjarnt að samband Þóru og Rockwells hafi verið gert að aðalatriði í bókinni því umfjöllunarefni hennar hafi verið Thors-ættin en ekki hjónabandið.

Guðmundur Magnússon vill ekki svara því af hverju hann sættist á að endurskrifa þann hluta bókarinnar þar sem fjallað var um hjónabandið, en segir að hann hafi verið sáttur við bókina eftir að hafa breytt henni.

Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda og fyrrverandi þróunarstjóri hjá Eddu-útgáfu, segir aðspurður að í þessu tilfelli hafi ekki verið um ritskoðun að ræða hjá Björgólfi því að Guðmundur hafi sæst á að breyta bókinni. „Það vita það líka allir að kjósi eigandi fyrirtækis að beita því fyrir sig á einn eða annan hátt þá gera þeir það. Ég er ekki að segja að hlutirnir eigi að vera þannig en svona er þetta bara,“ segir Kristján.

Bókin um Thorsarana er ekki eina bókin sem hefur verið breytt eftir að Björgólfur Guðmundsson eignaðist Eddu því árið 2003 var kafli tekinn úr bók Pálma Jónassonar fréttamanns um Sverri Hermannsson, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans: „Sverrir – skuldaskil.“ Pálmi Jónasson staðfestir að kaflinn hafi verið tekinn út úr bókinni skömmu áður en hún fór í prentun. „Stjórnendur Eddu fóru á taugum stuttu áður en að það átti að gefa bókina út,“ segir Pálmi. Pálmi segir að þeir Sverrir hafi báðir viljað birta kaflann. Á endanum bað Sverrir Pálma um að taka kaflann út því í honum væru upplýsingar sem hugsanlega væri brot gegn bankaleynd að greina frá. Pálmi segist ekki geta greint frá því sem var í kaflanum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var í kaflanum meðal annars fjallað um óundirritað bréf sem talið er að Kjartan Gunnarsson, bankaráðsmaður í Landsbankanum, hafi skrifað til Matthíasar Johannessen, ritstjóra Morgunblaðsins, árið 1998. Talið er að haft hafi verið í hótunum við Morgunblaðið í bréfinu. Kjartan Gunnarsson mun hafa verið sá maður sem hvað helst beitti sér fyrir því að kaflinn var tekinn úr bókinni um Sverri.

ingifreyr@frettabladid.is



# ALLT FYRIR BAÐHERBERGIÐ!

SÉR-TILBOÐ!










**STURTUSKJÓL** í mörgum stærðum
**10 mm** hert öryggisgler

| | |
|---|---|
| 30 x 220 | 100 x 220 |
| 70 x 220 | 110 x 220 |
| 80 x 220 | 120 x 220 |
| 90 x 220 | |

E000479
Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

**BAÐINNRÉTTING 75 sm**
Innifalið í verði: Handlaug, undirskápar, spegill, ljóskappi með ljósi, efriskápar og sökkulfætur.

**WLU 125 45 x 30 sm**
Fáanleg í eik og hvítu háglans



A-105 40 x 40 sm



GAVIN 42 x 42 sm



CAESAR 41 x 41 sm



KENT 30 x 30 sm 40 x 40 sm







Hvítt háglans / Eik 86x48 sm

## HANDLAUGAR OG BLÖNDUNARTÆKI



SCC-002 32 x 32 sm
SCC-003 26,5 x 26,5 sm



SCC-001 32 x 28,5 sm



TINA 40 sm

Mikið úrval blöndunartækja og innréttinga

## HANDKLÆÐAOFNAR krómaðir eða hvítir

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



PRINSESSA BYRJAR Í SKÓLA Prinsessur þurfa víst að ganga í skóla eins og aðrir krakkar. Í gær fylgdi Filippus prins í Belgíu dóttur sinni Elísabetu í skólann fyrsta daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjónvarpsútsendingar, háhraða-internet og myndsímtöl helstu nýjungar í farsímum:

# Þriðja kynslóð farsíma tekin í notkun

**TÆKNI** Þriðju kynslóðar farsímakerfi var formlega tekið í notkun á Íslandi þegar Síminn kynnti 3G-þjónustu sína í gær.

Helstu nýjungarnar sem 3G-tæknin felur í sér eru þríþættar: Móttaka sjónvarpsútsendinga, tenging við internet með allt að 7,2 megabita hraða og myndsímtöl þar sem viðmælendur sjá hvor annan meðan á símtali stendur.

Síðastnefnda nýjungin er bylting í samskiptamáta heyrnarlausra þar sem hún gerir þeim kleift að tala í síma á móðurmáli sínu, táknmálinu. Síminn hefur gert samstarfssamning við Félag heyrnarlausra um að allir meðlimir félagsins auk heyrnarlausra grunnskólabarnanna á höfuðborgarsvæðinu fái 3G-síma sér að kostnaðarlausu. Einnig afhenti Síminn Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra þrettán 3G-síma sem táknmálstúlkar munu nota við þjónustu sína við heyrnarlausa og heyrnarskerta.



TÁKNMÁL Í MYNDSÍMTALI Félagar úr Félagi heyrnarlausra sýndu hvernig heyrnarlausir geta talað táknmál í gegnum 3G síma. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fyrst um sinn nær þjónustan einungis til höfuðborgarsvæðisins en samkvæmt samningi Símans við Póst- og fjarskiptastofnun mun 3G-kerfið ná að lágmarki til 60 prósenta íbúa í hverjum landsfjórðungi eftir tvö og hálft ár.

Í dag eru um 7.000 3G-farsímar í umferð á Íslandi. Búist er við að árið 2015 verði flestir farsímaeigendur komnir með 3G-síma. - sdg

Lúðvík Gizurarson:

## Faðernismálið var dómtekið

**DÓMSMÁL** Faðernismál Lúðvíks Gizurarsonar var dómtekið í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Lúðvík gerir þá kröfu að Hermann Jónasson, fyrrum forsætisráðherra, verði dæmdur faðir sinn.

Mannerfðafræðileg rannsókn var gerð á lífsýnum frá Dagmar Lúðvíksdóttur, móður Lúðvíks, og Hermanni. Niðurstöður Rannsóknarstofu í réttarlæknisfræði á Landspítala - háskólasjúkrahúsi sýndu í kjölfarið að 99,9 prósenta líkur eru á því að Hermann sé faðir Lúðvíks. - jss

Samgönguráðherra:

## Starfshópur um göng undir Vaðlaheiði

**SAMGÖNGUR** Kristján Möller samgönguráðherra hefur skipað starfshóp um Vaðlaheiðargöng.

Hópnum er ætlað að gera tillögur um hvernig og hvenær gangagerð geti orðið.

Meðal þess sem til álita kemur er hvort einkafyrirtækjum verði falin framkvæmdin.

Nefndin á að skila áliti fyrir lok september.

Formaður hópsins er Eiríkur Bjarnason úr samgönguráðuneyti og fer hann fyrir Hreini Haraldssyni frá Vegagerðinni, Ásgeiri Magnússyni úr Samtökum atvinnulífsins og Jóni Birgi Guðmundssyni frá Akureyrarbæ. - kóþ

Utanríkisráðherra Rússlands:

## Hvika ekki frá andstöðu sinni

**MOSKVA, AP Rússland mun ekki hvika frá andstöðu sinni við eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna í Austur-Evrópu og kröfu sinni um að staða Kosovo verði ákveðin í samræmi við óskir Serbíu að því er utanríkisráðherra Rússlands, Sergey Lavrov, greindi frá í gær.**

**Lavrov sagði þetta tvö dæmi um svokallaðar „rauðar línur“ sem ætti við þegar raunveruleg hætta steðjaði að þjóðaröryggi Rússa eða þegar vegið væri að alþjóðlegum réttindum.**

**Þetta eru tvö stærstu deilumál Bandaríkjamanna og Rússa í dag.** - sdg

# Hugsanlega farið í mál við Hunnebeck

**Stöðva átti vinnu verktakafyrirtækis við Kárahnjúka í gær. Starfsemi fyrirtækisins verður hugsanlega stöðvuð ef það hefur ekki farið eftir kjarasamningum. Skila á ráðningarsamningum starfsmanna Hunnebeck og GT-verktaka í dag.**

**VINNUMARKAÐUR** Vinnumálastofnun lét ekki stöðva starfsemi þýska verktakafyrirtækisins Hunnebeck Polska við Hraunaveitu Kárahnjúkavirkjunar í hádeginu í gær eins og útlit var fyrir. Hunnebeck er undirverktaki verktakafyrirtækisins Arnarfells. Stöðva átti starfsemi fyrirtækisins því það var óskráð hjá Vinnumálastofnun. Forsvarsmenn Hunnebeck skráðu fyrirtækið hins vegar hjá Vinnumálastofnun um helgina, segir Gissur Pétursson, forstjóri stofnunarinnar.

Mikil umræða skapaðist um fyrirtækið eftir að rútu með nokkrum erlendum starfsmönnum þess var ekið út af veginum niður af Bessastaðafjalli í Fljótsdal á sunnudaginn í síðustu viku. Tuttugu menn af þeim 29 sem lentu í slysinu voru óskráðir hjá Vinnumálastofnun.

Á föstudaginn sendi Vinnumálastofnun sýslumannsembættinu á Seyðisfirði beiðni um að vinna Hunnebeck-manna yrði stöðvuð á hádegi á mánudag ef forsvarsmenn fyrirtækisins hefðu ekki gengið frá skráningu fyrirtækisins fyrir þann tíma, segir Lárus Bjarnason, sýslumaður á Seyðisfirði. Lárus hafði sent lögreglumenn á Kárahnjúkasvæðið í gærmorgun og áttu þeir að stöðva starfsemi Hunnebeck. Á ellefta tímanum afturkallaði Vinnumálastofnun beiðnina um stöðvun.



RÚTUSLYSIÐ Á BESSASTAÐAFJALLI Í dag rennur út frestur tveggja verktakafyrirtækja, Hunnebeck og GT-verktaka, til að skila ráðningarsamningum starfsmanna fyrirtækisins til Vinnumálastofnunar. Nokkrir starfsmenn fyrirtækjanna lentu í rútuslysinu á Bessastaðafjalli um þarsíðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON

Gissur Pétursson segir að Vinnumálastofnun hafi ekki áður sent lögregluembætti beiðni um að stöðva vinnu verktakafyrirtækis. Hann segir að fyrirtækið hafi brotið lög með því að starfa óskráð hér á landi. Aðspurður segir Gissur að Vinnumálastofnun íhugi málsókn gegn fyrirtækinu vegna þessa.

Hunnebeck hefur auk þess fengið frest þar til í dag til að skila ráðningarsamningum 36 starfsmanna sinna til Vinnumálastofnunar, segir Gissur. „Fyrirtækið gæti hafa brotið íslensk lög ef það hefur ekki greitt starfsmönnum sínum laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum,“ segir Gissur og bætir því við að hugsanlegt sé að stöðva starfssemi fyrirtækisins vegna þessa. Annað fyrirtæki, GT-verktakar hefur einnig frest þar til í dag að skila ráðningarsamningum þrjátíu erlendra starfsmanna sinna. Nokkrir starfsmanna GT-verktaka lentu einnig í rútuslysinu á Bessastaðafjalli.

Marteinn Másson, lögmaður Hunnebeck og GT-verktaka, segist reikna með því að ráðningarsamningum starfsmanna GT-verktaka verði skilað til Vinnumálastofnunar í dag en að lendingin í máli Hunnebeck verði sú að Arnarfell ráði starfsmenn fyrirtækisins beint til sín.

ingifreyr@frettabladid.

Heilbrigðisráðuneytið:

## Ráðuneytisstjóraskipti

**STJÓRNMÁL Berglind Ásgeirsdóttir hefur verið ráðin í stöðu ráðuneytisstjóra heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis frá og með 1. september. Berglind hefur undanfarið gegnt stöðu sviðsstjóra viðskiptasviðs í utanríkisráðuneytinu.**



BERGLIND ÁSGEIRSDÓTTIR

**Davíð Á. Gunnarsson, sem gegnt hefur starfi ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, mun flytjast úr embætti ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytið í embætti „Special Envoy for Global Health“. Þar mun hann sinna störfum á vettvangi alþjóðaheilbrigðismála með sérstaka áherslu á málefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.** - lbb



DAVÍÐ Á. GUNNARSSON

MEXÍKÓ

### Mexíkóforseti gagnrýnir Bandaríkin

Felipe Calderon, forseti Mexíkó, gagnrýnir innflytjendastefnu bandarískra stjórnvalda harðlega í fyrstu stefnuræðu sinni. Hann segir fjölskyldum hafa verið sundrað og Mexíkóbúum norðan landamæranna gert erfitt að senda fé til ættingja sinna heima.






Burberry | Filippa K | Patrizia Pepe | Sportmax | Calvin Klein | Annhagen
Rutzou | Stella Nova | Lee | Wrangler | Rosanna Julie | a pair | GK Reykjavík
HAUST'07
KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK
GK REYKJAVÍK 10ÁRA



**JESÚS OG OSAMA** Ástralski listamaðurinn Priscilla Joyce Bracks sýnir um þessar mundir í Sydney verk þar sem sjá má Jesú Krist og Osama bin Laden renna saman í eitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reykjavíkurborg hefur selt þrjár lóðir í Hádegismóum við Rauðavatn á 591 milljón króna:

# Má reisa stórhýsi hjá Morgunblaðshúsi

**SKIPULAGSMÁL** Allt að 23 metra hús geta risið við hlið húss Morgunblaðsins við Rauðavatn eftir að borgarráð samþykkti að selja þremur fyrirtækjum byggingarrétt í Hádegismóum fyrir samtals 591 milljón króna.

Lóðirnar sem um ræðir eru við Hádegismóa númer 1, 3 og 5.

Léttkaup ehf. kaupa stærstu lóðina, samtals 17 þúsund fermetra fyrir 296,5 milljónir króna. Bakarameistarinn kaupir byggingarréttinn á tæplega tíu þúsund fermetra lóð á 172,6 milljónir og Límtré Vírnet ehf. kaupir sjö þúsund fermetra lóð á 122 milljónir.

Í söluverðinu eru innifalin gatnagerðargjöld fyrir samtals 16.950 fermetra byggingar. Þess má geta að Léttkaup ehf. reka Europris-verslanirnar svonefndu.



Eins og áður segir mega húsin vera allt að 23 metrar á hæð. Tekið er fram í skipulagsskilmálum fyrir Hádegismóa að við hönnun bygginganna verði að taka tillit til þess hversu áberandi svæðið sé í umhverfi sínu, ásamt því hversu nálægt það er útivistarsvæðinu við Rauðavatn, golfvellinum á Grafarholti og heiðarlöndunum þar fyrir ofan.

„Hönnuðum er sérstaklega bent á að meirihluta mannvirkja í Hádegismóum ber við himin, bæði séð frá Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi,“ segir í skilmálunum. - gar

**HÁDEGISMÓAR** Nýtt iðnaðarhverfi rís norðvestan við hús Morgunblaðsins við Rauðavatn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þýska ríkisstjórnin:

## Snarlega hætt við ný vopnalög

**ÞÝSKALAND Á sunnudaginn staðfesti þýska innanríkisráðuneytið að ætlunin væri að lækka lágmarksaldur fyrir vopnaeign úr 21 ári niður í 18, eins og þýska tímaritið Spiegel hafði skýrt frá. Strax daginn eftir kom tilkynning frá ráðuneytinu um að hætt væri við þessi áform.**



**WOLFGANG SCHÄUBLE**

**Áformin voru það harðlega gagnrýnd strax eftir að um þau fréttist að Wolfgang Schäuble innanríkisráðherra, sem hafði haft forgöngu um þau, sá sér ekki annað fært en að hætta við allt saman.** - gb

Gordon Brown forsætisráðherra Bretlands:

## Segir kosningar ótímabærar nú

**LONDON, AP** Forsætisráðherra Bretlands, Gordon Brown, reyndi að slá á væntingar um að hann myndi kalla til snemmbúinna kosninga í Bretlandi í samtali við fréttastofu BBC í gær.

Brown sagði kosningar ekki tímabærar nú en vildi þó ekki útiloka að hann kynni að boða til kosninga fyrr en ráðgert er.

Frá því að Brown tók við af Tony Blair sem forsætisráðherra 27. júní síðastliðinn hefur honum og Verkamannaflokknum vegnað vel í skoðanakönnunum. Þessi sterka staða hefur komið af stað orðrómi um að Brown kunni að kalla til kosninga fyrr en áætlað er. Næstu kosningar eiga að fara fram í júní árið 2010. - sdg



**GORDON BROWN FORSÆTISRÁÐHERRA BRETLANDS** Hefur mælst vinsæll í skoðanakönnunum frá því að hann tók við embætti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BUSH Í ÍRAK** Bandaríkjaforseti kominn á Al-Asad flugvöll í Anbar-héraði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Bush kynnir sér ástandið

**Bush Bandaríkjaforseti brá sér í heimsókn til Íraks. Upp úr miðjum mánuðinum stefnir í uppgjör á Bandaríkjaþingi um framhald stríðsrekstrar í Írak.**

**ÍRAK, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti hélt í óvænta heimsókn til Íraks í gær ásamt Robert Gates utanríkisráðherra og fleiri háttsettum embættismönnum. Tilgangurinn var sagður að leggja mat á ástandið í Írak, nú þegar óðum styttist í uppgjör á bandaríska þinginu um stríðsreksturinn.

Bush og fylgilið hans fóru þó ekki til höfuðborgarinnar Bagdad, heldur á afskekktan herflugvöll í Anbar-héraði. Þar er mun friðsælla en í Bagdad.

Bush og Gates hittu að máli bæði Nouri al-Maliki forsætisráðherra og Jalal Talabani forseta. Einnig hittu þeir David Petreus herforingja, sem er yfirmaður bandaríska heraflans í Írak, og Rayan Crocker, sendiherra Bandaríkjanna í Írak.

Í næstu viku gerir Petreus Bandaríkjaþingi grein fyrir ástandinu í Írak. Einnig mun þingið spyrja Crocker sendiherra spjörunum úr. Loks mun Bush forseti leggja fram fyrir 15. september skýrslu sína um það hver árangur hefur orðið af fjölgun í bandaríska herliðinu á síðustu mánuðum, sem Bush fór fram á síðastliðinn vetur.

Mat þeirra Petreus og Crocker á ástandinu ásamt skýrslu forsetans mun ráða miklu um það hvert næsta skrefið verður í stríðinu í Írak. Demókratar, sem hafa meirihluta á þinginu, vilja að herinn verði kallaður heim hið fyrsta, en Bush hefur jafnan staðið fastur á því að herinn fari hvergi fyrr en raunveruleg batamerki sjást.

Bush stoppaði í sex tíma í Írak og hélt síðan áfram til Ástralíu á leiðtogafund Asíu- og Kyrrahafsríkja. Sex vikur eru síðan ákveðið var að hann færi til Íraks, en af öryggisástæðum var ekki skýrt frá því fyrr en hann var kominn á staðinn.

Nú eru 162 þúsund bandarískir hermenn í Írak. Þeim hefur fjölgað um 30 þúsund frá því í febrúar, þegar Bush fór fram á aukafjárveitingu til að auka herstyrkinn svo draga mætti úr ofbeldi í landinu.

Andstæðingar forsetans gagnrýndu Íraksferðina; sögðu hana sýndarmennsku eina, til þess ætlaða að auglýsa stefnu forsetans varðandi Írak. Fulltrúar forsetans í Hvíta húsinu í Washington voru hins vegar fljótir til hið andmæla því. Bush hafi viljað tala við al-Maliki augliti til auglitis og hitta yfirmenn hersins á staðnum.

gudsteinn@frettabladid.is




HLUTHAFAFUNDUR
HJÁ ICELANDAIR GROUP HF.

Stjórn Icelandair Group hf. boðar til hluthafafundar hjá félaginu miðvikudaginn 12. september 2007 kl. 16.00 síðdegis. Fundurinn er haldinn á Nordica hóteli, Reykjavík.

Á DAGSKRÁ FUNDARINS ERU:

1. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins, sem felur það í sér að aðalstjórnarmönnum er fækkað úr sjö í fimm.
2. Tillaga um stjórnarkjör, með fyrirvara um að tillaga skv. 1. tl. verði samþykkt.
3. Tillaga stjórnar um ákvörðun þóknunar til varastjórnarmanna.
4. Önnur mál löglega upp borin.

NÁNAR:

A. Tillaga um breytingar á 1. mgr. 18. gr. samþykkta félagsins felur það í sér að stjórnarmönnum er fækkað úr sjö í fimm. Verði tillagan samþykkt, þá verður málsgreinin svohljóðandi: „Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og þremur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmannanna fer að lögum. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.“

B. Með fyrirvara um að ofangreind tillaga um breytingar á samþykktum um fækkun stjórnarmanna verði samþykkt, sem óhjákvæmilega kallar á nýtt stjórnarkjör, þá skal skila framboðum til aðal- og varastjórnar skriflega fyrir kl. 16.00 föstudaginn 7. september 2007 til skrifstofu félagsins á Reykjavíkurflugvelli. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

C. Stjórn gerir tillögu um að varastjórnarmönnum skuli greidd sama þóknun og aðalstjórnarmönnum frá aðalfundi félagsins í mars sl. til hluthafafundarins sem nú er haldinn. Fyrir tímabilið frá þessum hluthafafundi fram að næsta aðalfundi leggur stjórn til að varastjórnarmönnum verði greiddar 100.000 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund.

Dagskrá hluthafafundarins og endanlegar tillögur liggja frammi á skrifstofu félagsins á Reykjavíkurflugvelli til skoðunar fyrir hluthafa frá og með 4. september 2007.

Aðgöngumiðar, fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 15.30 á fundardegi, miðvikudaginn 12. september 2007.

Stjórn Icelandair Group hf.

ICELANDAIR GROUP

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 35490 12/06

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
**8.277 -0,21%**

**Fjöldi viðskipta: 361**
**Velta: 2.554 milljónir**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ÖSSUR | +1,91% | KAUPÞING | -0,78% |
| MAREL | +1,72% | FL GROUP | -0,76% |
| EIK BANKI | +1,17% | BAKKAVÖR | -0,60% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,42 +0,97% ... Bakkavör 66,50 -0,60% ... Eimskipafélagið % ... Exista 33,95 +0,44% ... FL Group 26,00 -0,76% ... Glitnir 28,30 -0,53% ... Icelandair 27,50 +1,10% ... Kaupþing 1.153 -0,78% ... Landsbankinn 41,80 +0,84% ... ... Straumur-Burðarás 20,50 +0,25% ... Össur 107,00 +1,91% ... Teymi 6,16 +0,16%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is



**SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON OG KARSTEN POULSEN** Stoðir eru norður-evrópskt fasteignafélag að sögn Skarphéðins. Hann segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um næstu skref hjá félaginu, en viðurkennir að horft sé hýrum augum til Þýskalands og Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON

# Stoðir í Kauphöll undir nýju nafni

**Yfirtöku Stoða á Keops lýkur formlega á næstu dögum. Alls eiga 300 danskir fjárfestar hlut í félaginu, sem verður skráð í Kauphöll Íslands innan níu mánaða.**

Stoðir ráða nú yfir 96,72 prósentum hlutafjár í danska fasteignafélaginu Keops. Þeir hlutir sem eftir standa eru innlausnarskyldir og verður yfirtöku formlega lokið á næstu dögum. Heildarvirði Keops er um 49,3 milljarðar íslenskra króna.

Samkvæmt tilboði Stoða gátu hlutafjáreigendur valið milli þess að fá 24 danskar krónur fyrir hlut í Keops, eða hlutafé í Stoðum í skiptum.

Eigendur sjötíu prósenta hlutafjár völdu síðari kostinn. „Þetta gekk vonum framar. Nú eru um þrjú hundruð danskir hlutafjáreigendur í Stoðum, sem enn er óskráð íslenskt félag. Greinilegt er að viðhorf Dana til íslensks viðskiptalífs hefur breyst talsvert síðan öll lætinu urðu kringum kaupin á Magazin Du Nord,“ segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, forstjóri Stoða.

Boðað hefur verið til stjórnarfundar í Keops, þar sem formlega verður tekin ákvörðun um að afskrá félagið úr dönsku Kauphöllinni. Stefnt er að því að skrá Stoðir í Kauphöll Íslands innan níu mánaða. Líklegt er að nýtt nafn verði fundið á hið nýsameinaða félag áður en til skráningar kemur.

„Undirbúningur að skráningu er hafinn á fullu. Nú förum við í að ná eins mikilli samþættingu milli félaganna tveggja og mögulegt er. Við stefnum að því að eftir mánuð verði þetta farið að virka eins og eitt félag,“ segir Skarphéðinn Berg.

Heildareignir Stoða og Keops eru metnar á 381,2 milljarða íslenskra króna. Leiguhúsnæði hins nýsameinaða félags er samtals um 2,8 milljónir fermetra, og leigutakar rúmlega 3,800. Stoðir eiga nú eignir á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð og í Finnlandi. „Við skilgreinum okkur sem norður-evrópskt fasteignafélag,“ segir Skarphéðinn Berg. Aðspurður segir hann enga ákvörðun hafa verið tekna um hvort farið skuli inn á nýja markaði, en viðurkennir að bæði þýsku og bresku fasteignamarkaðirnir séu fýsilegir kostir.

jsk@frettabladid.is

# Methagnaður hjá MP

**Hagnaður jókst um 94 prósent milli ára.**

Hagnaður MP fjárfestingabanka nam tæplega 1,12 milljörðum króna á fyrri árshelmingi og jókst um 94 prósent sé miðað við sama tímabil í fyrra. Heildareignir bankans voru rúmir 42,4 milljarðar króna í lok júní 2007. Gengishagnaður nam 808 milljörðum króna og jókst lítillega frá fyrra ári.



**MARGEIR PÉTURSSON, STJÓRNARFORMAÐUR MP**

Fram kemur í tilkynningu frá MP fjárfestingabanka að fyrri hluti ársins hafi verið mjög hagfelldur. Bankinn hafi skilað methagnaði og þóknanatekjur aukist verulega milli ára.

Þá segir að starfsemi bankans hafi haldið áfram að vaxa í Mið- og Austur-Evrópu þar sem megin vaxtabroddur starfseminnar verði í náinni framtíð.

Alls starfa nú 46 manns hjá MP fjárfestingabanka; 38 í höfuðstöðvunum í Reykjavík og átta til viðbótar í útibúi bankans í Vilníus.

- jsk


HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild
Lagastofnun
Mannréttinda-stofnun



# Fræðafundir, málstofur og ráðstefnur haustið 2007

**Dagskrá**

**Miðvikudagar kl. 12:15 í Lögbergi, stofu 101**

**5. september**
**Dr. Ian Hannam prófessor við University of New England, Ástralíu**

## The Natural Heritage Trust of Australia Legislation: Integrated Environmental Law Implementation in Australia.

**Fundarstjóri Aðalheiður Jóhannsdóttir dósent við lagadeild HÍ**

● **Opinn fyrirlestur í Norræna Húsinu kl. 12:15 í samvinnu Lagastofnunar, Landgræðslunnar og Norræna hússins**

**12. september**
**Michael Jensen prófessor við lagadeild Árósarháskóla**

## Dansk forfatningsret og retssagerne om tilbageleveringen af de Islandske håndskrifter

**17. október**
**Fræðafundur í samvinnu við Hafréttarstofnun**

## Réttarstaðan á Norður-Íshafinu

**31. október**
**Fræðafundur með framsögu Símonar Sigvaldasonar héraðsdómara og Sonju Maríu Hreiðarsdóttur hdl.**

## Sáttamiðlun

**14. nóvember** **Málstofa Mannréttindastofnunar**
**Alexander Sicilianos, prófessor við háskólann í Aþenu**

## New challenges ahead: Immigration and Racial Discrimination in the practice of CERD

**28. nóvember**
**Kristín Benediktsdóttir, doktorsnemi við lagadeild HÍ**

## Réttarstaða aldraða

**7. desember**
**Rannsóknir í félagsvísindum**

## Þjóðarspegill 2008

**Dagskrá nánar auglýst síðar**

**Allir velkomnir**

**Nánari upplýsingar á www.lagadeild.hi.is**


3G
SONY ERICSSON K810i
3.900 kr.
Léttkaupsútborgun
3.000 kr. á mánuði í 12 mánuði
Verð aðeins 39.900 kr.


Að breyta gangi sögunnar með 3G
Nú hefst bylting í notkun farsímans með 3G, sem Síminn býður fyrstur allra á Íslandi. Þú getur hringt myndsímtöl, farið á netið með háhraðatengingu og horft á sjónvarpið í símanum. Þú þarft einungis 3G farsíma, 3G símkort og tengjast 3G neti Símans sem þegar er orðið virkt á höfuðborgarsvæðinu.
Komdu í næstu verslun Símans, fáðu nýtt símkort og kynntu þér möguleikana betur.
800 7000 - www.siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp
ENNEMM / SÍA / NM29238

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mikilvægustu störf samfélagsins eru stórlega vanmetin til launa.

## Velmegunarvandi

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Víðs vegar um borgina, og reyndar víðar, eru foreldrar yngstu barna grunnskólans í vanda, eitt árið enn. Ástæðan er mannekla á frístundaheimilum sem leiðir til þess að hluti þeirra barna sem sótt hefur verið um fyrir fær ekki pláss.

Foreldrarnir verða að bregðast við. Sumir þurfa að draga úr vinnu, jafnvel þannig að fjárhagslegu öryggi fjölskyldunnar er stefnt í tvísýnu. Aðrir eiga fjölskyldu og vini sem hægt er að leita til en víst er að einhver ung börn eru lengur ein heima en gott getur verið.

Í skólunum er það sama uppi á teningnum. Ekki hefur tekist að ráða í allar stöður sem þýðir aukið álag á þá sem fyrir eru. Leikskólar eru ekki fullmannaðir, fólk vantar til starfa við umönnun aldraða og á sjúkrahúsum.

Og það er víðar mannekla. Sums staðar á landinu vantar meira en helming þeirra lögreglumanna sem ráð er fyrir gert til starfa.

Öll framangreind störf eiga það sameiginlegt að snúast um samskipti við fólk, ungt, aldið, frískt, veikt og svo framvegis. Þetta eru störf sem snúast um umönnun, kennslu og löggæslu. Allt vandasöm störf sem krefjast mikillar færni í mannlegum samskiptum, störf sem allir eru sammála um að gott og vel menntað fólk eigi að gegna.

Samt hefur það verið svo að þessi störf hafa með hverju árinu sem líður fest sig betur í sessi sem láglaunastörf. Þegar atvinnuleysi er í sögulegu lágmarki og á vinnumarkaði er keppst um að fá til starfa hæft fólk, meðal annars með tilboðum um allt frá mannsæmandi til hárra launa, þá brestur í. Þessi störf eiga það nefnilega líka sameiginlegt að vera, að miklum meirihluta, opinber störf þannig að svigrúm atvinnurekanda til að keppa við launatilboð að almennum vinnumarkaði er lítið.

*Allt vandasöm störf sem krefjast mikillar færni í mannlegum samskiptum, störf sem allir eru sammála um að gott og vel menntað fólk eigi að gegna.*

Sem betur fer er sá hópur stór sem þrjóskast við að vinna það starf sem hann menntaði sig til eða valdi af öðrum ástæðum, fólk sem þykir vænt um starfið sitt og velur að gegna því þrátt fyrir að betri kjör kunni að vera í boði annars staðar.

Þetta fólk á heiður skilinn. Því ef þess nyti ekki við verður ekki annað séð en að við blasi upplausn í samfélaginu; samfélag án kennara, lögreglumanna, hjúkrunarfólks og annarra sem vinna tengd störf er ekki mikils virði.

Ljóst er að til þess að viðhalda þeirri velmegun sem hér hefur náðst og er að hluta til ástæða þessarar manneklu verður að sýna þessum störfum og því fólki sem þeim gegnir þá virðingu sem því ber með því að greiða fyrir þau mannsæmandi laun.

Sameiginlegum verkefnum skattgreiðenda verður að forgangsraða þannig að þetta verði unnt. Annars blasir eingöngu við aukinn vandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Rýmingarsala

Yfir 100 tegundir!

Bretti með blönduðum afgöngum.
Yfir 25 $m^2$ á bretti.
Brettið á kr. 12.000,-
Tilvalið á skemmuna, hlöðuna, geymsluna osfrv.

Aðrir afgangar frá kr 500,- pr. $m^2$

fyrstur kemur, fyrstur fær!

Flísabúðin

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ráðuneytisklúður

Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, skaut föstum skotum á skrifstofustjóra í ráðuneytinu í yfirlýsingu sem hún sendi frá sér 16. ágúst síðastliðinn vegna klúðurs í kringum Grímseyjarferjuna. Hún sagði að skýrar verklagsreglur ráðuneytisins hefðu verið brotnar; hún hefði ekki verið upplýst um gang mála né veitt samþykki sitt fyrir verkefnaáætlun. „Tekið verður á því með viðeigandi hætti og í samræmi við góða stjórnsýslu," sagði hún að lokum. Hins vegar hefur ekkert gerst. Jóhann Guðmundsson skrifstofustjóri, sem sótti á sama tíma og Ragnhildur um embætti ráðuneytisstjóra, getur því andað rólega enn sem komið er.



### Borgarritari

Birgir Björn Sigurjónsson, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar, er einn umsækjenda um embætti borgarritara í Reykjavík. Borgarritari er æðsti embættismaður borgarinnar og embættið því áhrifamikið. Birgir verður seint talinn hafa verið hliðhollur stefnu Sjálfstæðisflokksins í gegnum árin. Þó er hann sterklega orðaður við embættið. Það sama má segja um Hrólf Jónsson sviðstjóri framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar. Minni líkur eru á að Garðar Lárusson og Jónína Ingunn Ólafsdóttir verði skipuð.

### Ljóstýran

Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður virðist þessa dagana vera ljóstýran í myrkrinu sem umlykur frjálshyggjumenn í Sjálfstæðisflokknum. Hann stóð uppi í hárinu á Össuri Skarphéðinssyni um daginn þegar hann boðaði upptöku á réttindum fólks í krafti ríkisvaldsins. Eitthvað sem bændur hafa þurft að berjast gegn undanfarin ár í líki óbyggðanefndar. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi gagnrýndi Sigurður Kári svo Íslandspóst fyrir að fara inn á svið sem einkaaðilar sinni nú þegar. Það eigi að selja fyrirtækið sem fyrst. Fáir í Sjálfstæðisflokknum hafa þorað að nefna einkavæðingu á nafn undanfarna mánuði.



bjorgvin@frettabladid.is

# Hverjum er ekki sama?



ÓMAR RAGNARSSON

**Í DAG** | Umhverfismál

Ískemmtilegu viðtali í blaði nýlega við Sverri Þór Sverrisson ræðir hann um þau mál sem mótmælendur hafa tekið upp á sína arma. Hann afgreiðir árangursleysi mótmælanna og málin sjálf með setningunni: „Hverjum er ekki sama?" Þessi setning hefur ráðið úrslitum fyrr og nú. Talibanar sprengdu afskekktar Búddastyttur í Afganistan. Hverjum var ekki sama? Á næsta ári verða raðir tuga fossa í Kelduá og Jökulsá á Fljótsdal þurrkaðar upp þ. á m. tveir samliggjandi fossar í Jökulsá í stærðarflokki Gullfoss. Tvær ár falla saman í annan þeirra fossa, Faxa – önnur þeirra tær bergvatnsá, hin gulbrúnt jökulfljót, svo að fossinn verður tvílitur. Hverjum er ekki sama?

Hvað er verið að mótmæla því að Múlavirkjun og Fjarðarárvirkjun verði stærri en leyft var, en hverjum er ekki sama? Það þarf að virkja Neðri-Þjórsá, þegar erlendi ferðamaðurinn stígur út úr Leifsstöð verður fyrsta mannvirkið sem heilsar honum risaálver og síðan getur hann rakið sig eftir háspennulínum, gufuleiðslum, stöðvarhúsum og síðar stíflum og lónum allar götur norður á miðhálendið. Hverjum er ekki sama þótt dýrmætri ímynd Íslands verði breytt?

Enn hefur ekki verið fallið frá Norðlingaölduveitu en með henni verður þurrkuð upp fossaröð í Þjórsá með tveimur fossum á stærð við Gullfoss. Annar þeirra, Dynkur, er líklega flottasti stórfoss Íslands en hefur verið afræktur hvað aðgengi varðar. Landsvirkjun ætlar nú að nýta sér umsagnir um beiðni um rannsóknarleyfi í Gjástykki frá 2004 á þann hátt að fara samkvæmt skyndiveitingu leyfis tveimur dögum fyrir kosningar 2007 út í miklu meiri umhverfisröskun en umsagnirnar frá 2004 tóku afstöðu til. Þær umsagnir sýnast því ekki gildar nú – en hverjum er ekki sama?

Gjástykki og Leirhnjúkssvæðið má hiklaust jafna saman við Þingvelli og Öskju. Hvers vegna? Jú, í Öskju skynjar ferðamaðurinn sköpun heimsins og þangað fóru bandarísku tunglfararnir til að æfa sig undir það að standa á tunglinu. Á Þingvöllum sést landrekið vel, hvernig vesturbakkinn táknar Ameríku sem rekur burt frá austurbakkanum, Evrópu. Á hvorugum staðnum kemur til greina að hrúga upp borholum, gufuleiðslum, háspennulínum og stöðvarhúsum. Á svæðinu frá Leirhnjúk norður í Gjástykki urðu fjórtán eldgos á árunum 1975-84. Þá myndaðist þar einstakt landslag hvera, sprungna, gígaraða og hrauna, þar sem meðal annars má sjá hvernig hraun kom upp úr sprungum og rann niður í þær á víxl þegar landið rifnaði með hyldjúpum sprungum í landrekinu.

Af öllu þessu eru til einstæðar myndir og kvikmyndir, meðal annars af upphafinu þegar jörðin rifnar sundur og eldurinn kemur upp eins og rautt hnífsblað sem ristir jörðina upp. Þarna eru hliðstæðir möguleikar og eru í Yellowstone um not myndefnis til að skapa upplifun. Í Yellowstone er ferðamannamiðstöð helguð nýlegum skógareldum. Þar er bíóhús með sýningum og ferðamaðurinn fær myndefni í hendur til að skynja og skilja þá sköpun og eyðingu og kynslóðaskipti gróðurs sem náttúrulegur skógareldur skapar. Við Kröflu væri hægt að hafa slíka miðstöð sem hjálpaði fólki til að ganga um svæðið og upplifa með hjálp mynda eldgosin og sköpunarkraft einstæðrar íslenskrar náttúru, standa og horfa á svarta hraunstrauma liðast niður hlíðar þar sem áður voru glóandi eldelfur, upplifa það að standa í sporum Marsfara því að á einum stað á þessu svæði hafa alheimssamtök áhugafólks um Marsferðir markað sér svæði til æfinga fyrir Marsfara framtíðarinnar eftir leit um allan heim. Þessu svæði ætla menn nú að umturna. Þegar komið er á svæðið er ekki aðeins eins og þetta allt hafi gerst í gær, heldur hjálpa myndirnar líka ferðamanninum til að upplifa það eins og það sé að gerast í dag. Hvergi í heiminum er slíkt að finna. Þarna er nú bara rannsóknarleyfi segja menn. En það var bara rannsóknarleyfi sem gerði kleift að eyðileggja einstæða gönguleið og inngang að Sogunum við Trölladyngju í vor, en Sogin eru litfegursta gilið á Suðvesturlandi og þarf að fara allt til Landmannalauga eða Kerlingarfjalla til að sjá annað eins. En hverjum er ekki sama?

Hverjum er ekki sama þótt enn sé beitt fé á svæði á Íslandi sem eru ekki beitarhæf? Sigríði í Brattholti var ekki sama um virkjun Gullfoss. Andóf hennar réði þó ekki úrslitum um það að Gullfossi var bjargað. Það var af öðrum ástæðum að hætt var við að þurrka Gullfoss með hugarfarinu: Hverjum er ekki sama?

*Höfundur er formaður Íslandshreyfingarinnar - lifandi lands.*

# Fréttastjórinn og sannleikurinn

**UMRÆÐAN**
Fjölmiðlar



GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR

Steingrímur Ólafsson nýráðinn fréttastjóri Stöðvar 2 sætir gagnrýni innan fréttastofunnar fyrir að segja Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur fréttamanni upp störfum, segir í frétt DV í gær. Kristinn Hrafnsson fréttamaður segir uppsögnina lúalega og lítilmannlega. Fréttamönnum sem vilja sjálfstæði og fagmennsku hlýtur að vera misboðið þegar þeir horfa upp á fyrrverandi upplýsingafulltrúa Halldórs Ásgrímssonar reka virtan stjórnmálafréttamann stöðvarinnar. Vönduðum fréttamönnum hlýtur að bregða þegar þeir heyra að nýi fréttastjórinn hyggist móta þá eftir eigin höfði, eða hvað?

Þegar nýi fréttastjórinn áttaði sig á því að ákvörðunin mæltist illa fyrir virðist sem hann hafi reynt að varpa ábyrgðinni yfir á Sigmund Erni Rúnarsson, forvera sinn. Í fyrstu axlaði Steingrímur einn alla ábyrgð á gjörningnum, en við fyrstu ágjöf er hann hlaupinn í skjól. „Ég frestaði ákvörðuninni þegar ég tók við, ... síðan komst ég að sömu niðurstöðu og forveri minn," segir Steingrímur núna. Er enn verið að spinna?

Kristinn Hrafnsson fréttamaður á Stöð 2 sýnir hugrekki og skorar á fréttastjórann að segja satt. Hann segist hafa borið ummæli Steingríms undir Sigmund Erni sem hafni þeim alfarið. Kristinn er ósáttur við að þegar talsmaður á höfuðbóli síðasta stjórnarheimilis skiptir um föt og gerist oddamaður í aðhaldi almennings gagnvart valdhöfum reki hann aðalfréttamanninn í pólitískum fréttum. „Smekklegt!" segir Kristinn. Verður hann kannski rekinn líka?

Þegar hratt er spunnið verður vefnaðurinn gótóttur. Þóra Kristín Ásgeirsdóttir talaði einmitt um spunadrengi fyrrverandi forsætisráðherra á fundi blaðamanna fyrir nokkrum árum. Hún sagði að þrátt fyrir glitrandi spuna væri keisarinn án klæða. Fréttastofa með fréttastjóra sem ekki segir satt er varla trúverðug. Fyrir nokkrum árum var nýr fréttastjóri sendur inn á Fréttastofu útvarpsins. Hann fór illa með sannleikann í viðtali og var fréttastjóri í hálfan dag.

*Höfundur er sagnfræðingur og varaþingmaður Vinstri grænna.*



**Barneignir** draga oft úr tíðum ferðum í ræktina en það er alveg óþarfi að láta þær stoppa sig. Það að fara með börnin í sund, labba með þeim í skólann og leika við þau utanhúss er líka góð hreyfing.

**Kalk** er nauðsynlegt fyrir vöxt heilbrigðra beina og tanna, en einnig samdrátt vöðva og stjórnun hjartsláttar.



**Maðurinn** getur mest orðið um 120 ára. Nútíma heilsa, lyf, hreinlæti og lífsstíll hafa ekki hækkað þann hámarksaldur en aukið fjölda þeirra sem lifa lengi við góða heilsu.




Húsgagna Lagersala

Rýmingarsala

Sófasett frá 59,000

Mikið úrval af sófasettum. rúmum, sófaborðum, borðstofuborðum, stólum, skápum, svefnsófar o.m.fl.



Dugguvogur 2 (við hlið Slippfélagsins)

S: 557-9510




Elín Sigurðardóttir, rope-yoga meistarakennari í Sporthúsinu, hefur nú opnað sína eigin rope-yoga stöð í Hafnarfirði.

# Lífinu lifað lifandi

***Heiðarleiki, kjarkur, þor, vitundarvakning og flottari kroppur er það sem fæst með ástundum rope-yoga.***

„Rope-yoga er öflugt heilsuræktarkerfi sem byggist á vaxtarmótandi æfingum, hugleiðslu og kenningum um hinn gífurlegan mátt hugans,“ segir Elín Sigurðardóttir, íþróttafræðingur og rope-yoga meistarakennari, sem í gær opnaði glæsilega rope-yoga stöð á Bæjarhrauni 2 í Hafnarfirði.

„Hugmyndafræði rope-yoga byggir á ábyrgð hvers og eins á eigin tilveru. Með breyttu hugarfari er hægt að breyta líkamanum. Gott dæmi er Margrét Ýr, rope-yoga kennari í stöðinni minni. Hún var greind með MS-sjúkdóminn, en tók ákvörðun um að lifa sig ekki inn í sjúkdóminn heldur lifa sig inn í heilbrigði. Síðan hefur Margrét Ýr náð undraverðum bata en var áður komin í hjólastól,“ segir Elín, sem er einn þriggja rope-yoga meistarakennara á Íslandi og lærði í Kaliforníu hjá Guðna Gunnarssyni, upphafsmanni rope-yoga í heiminum.

„Við verðum að vakna til vitundar, leyfa okkur framgöngu og að ná árangri í lífinu. Enginn stoppar okkur í því nema við sjálf. Við þurfum að vita hvers megnug við erum og vita hvað við viljum. Flestir vita hvað þeir vilja ekki, einblína á það og uppskera samkvæmt því, í stað þess að einblína á það sem þeir virkilega vilja og fá það með tilheyrandi hamingju,“ segir Elín en á líkamsræktarstöð hennar er boðið upp á innfrarauðan hitaklefa til meðferðar við vöðvabólgu, gigt og til almennrar vellíðunar.

„Rope-yoga mótar líkamann á fallegan hátt og brennir fitu hratt þótt æfingakerfið sé rólegt. Það þarf ekki að hamast og hlaupa frá sér allt vit til að brenna. Við áreynslu eykst innöndun og brennsla. Í rope-yoga notum við sjávarfallsöndun sem sexfaldar lífaflið. Þá hitnar líkaminn og bæði andleg og líkamleg melting stórbatnar. Fólki eykst kjarkur og orka til að framkvæma drauma sína; það drífur sig í skóla, skiptir um vinnu og bætir samband við ástvini sína. Með öðrum orðum; það fer að lifa lífinu lifandi og til fulls,“ segir Elín sem leggur áherslu á að rope-yoga sé fyrir konur og karla á öllum aldri.

„Þegar búið er að ná tökum á æfingakerfinu er hægt að kaupa sér bönd og stunda æfingarnar heima, en það er skuldbinding sem menn standa við gagnvart sjálfum sér. Við erum svolítið föst í því að ljúga og svíkja; mest að okkur sjálfum.

Fyrsta lygin er blundtakkinn á vekjaraklukkunni, svo að byrja í ræktinni á morgun, borga reikingana síðar, mæta of seint í vinnuna og fleiri svik. Fólk telur þetta skipta litlu en í raun minnkar sjálfsvirðingin í hvert skipti sem glæpurinn er framinn. Í rope-yoga förum við mikið inn á að standa við gefin loforð, vera heiðarleg og segja sannleikann við okkur sjálf og alla aðra.“

Á heimasíðu Elínar: www.elin.is má lesa vitnisburði um bætt heilsufar þeirra sem leggja stund á rope-yoga.

*thordis@frettabladid.is*


Auglýsingasími 512 50 50

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið



Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

SUBWAY 7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna

HjartaHeill

SEPTEMBER

Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

SUBWAY

6 tommu bátur

kr. 299

Gildir í september 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli



SUBWAY í fínu formi

Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu.

Nánari uppl. á www.subway.is

**Greipávöxturinn** inniheldur mikið af C-vítamíni og trefjum. Rannsóknir hafa sýnt að neysla ávaxtarins lækkar kólesteról og eykur fitubrennslu. Greip getur þó haft áhrif á virkni sumra lyfja umfram það sem æskilegt er.



Díana lætur fara vel um fólk meðan hún mælir þéttni beinanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vísbending um þéttni beinanna og brothættu

***Beinþéttnimæling er sársaukalaus rannsókn sem metur kalkmagn í beinum og gefur vísbendingar um brothættu.***

„Fólk kemur oft hingað að eigin frumkvæði og læknar senda líka fólk í auknum mæli til okkar. Þessi rannsókn hefur heilmikið gildi.“ segir Díana Óskarsdóttir geislafræðingur sem starfar að beinþéttnimælingum á Landspítalanum í Fossvogi. Þar þarf sem sagt að panta tíma með fyrirvara en mælingin tekur stutta stund og munnleg niðurstaða liggur fyrir strax að henni lokinni. Síðan gefst fólki kostur á símaviðtali við Gunnar Sigurðsson sérfræðing. En hvað er til ráða ef niðurstöður úr beinþéttnimælingunni eru óhagstæðar?

„Það er auðvitað læknir sem ákveður hvað þá verður gert,“ ansar Díana. „En það fyrsta sem við bendum á er hollt mataræði og inni í því er kalkrík fæða. D-vítamínið skiptir miklu máli og þá nefnum við lýsið fyrst því inntaka þess er auðveld leið til að nálgast D-vítamínið. Hreyfingin skiptir máli líka. Reglubundin líkamsþjálfun er mikilvæg til að fyrirbyggja beinþynningu. Síðan eru til beinþéttnilyf og það eru læknarnir sem taka ákvarðanir um notkun þeirra.“

Díana segir konur vera í meirihluta þeirra sem komi í mælingu, enda sé þeim þrefalt hættara við beinþynningu en körlum. Bæði sé hámarks beinþéttni kvenna yfirleitt minni en karla og eftir tíðahvörf verði bein þeirra brothættari en áður. „Konur sem fara snemma í tíðahvörf eru í aukinni hættu svo og konur sem gengist hafa undir legnám. Hér á landi er talið að rekja megi um eitt þúsund til tólf hundruð brot til beinþynningar á ári hverju og að önnur hver kona yfir fimmtugt beinbrotni einhvern tímann,“ segir hún.

Þess má geta að fullkomnir beinþéttnimælar eru á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og Landspítalanum í Fossvogi en víðar hægt að fara í mæla sem gefa vísbendingu um beinheilsuna, svo sem hjá Lyfju, Gigtarfélagi Íslands og Beinvernd. *gun@frettabladid.is*


YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is



www.natturan.is

BYRJENDANÁMSKEIÐ ERU AÐ HEFJAST
ÞÓRSHAMAR
KARATE

Upplýsingar eru veittar í síma 551 4003
og á heimasíðu félagsins www.thorshamar.is

Jógaleikfimi
styrkjandi - liðkandi - róandi
4 vikna námskeið hefst 10. sept.
Námskeið fer fram á Eiðistorgi, Seltjarnarnesi.

Marta Eiríksdóttir
mánudaga og miðvikudaga
klukkan 08:30
Púlsinn námskeið
Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is

ÚR ÍSLENSKRI NÁTTÚRUVARA ÆTIHVÖNN

Vaknar þú oft á nóttunni?
SagaPro er náttúruvara úr íslenskri ætihvönn ætluð þeim sem þurfa oft á salernið á nóttunni.
Sækjum styrk í íslenskt náttúruafl!
SAGAMEDICA
www.sagamedica.is
Fæst í lyfja- og heilsuvöruverslunum

Borðaðu þig granna(n)
Íslensku Vigtarráðgjafarnir
Nánari upplýsingar
Sími 865-8407
www.vigtarradgjafarnir.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# Konur hrifnari af kossum

*Kossar hafa meiri þýðingu fyrir konur en karla.*


Konur nota kossa til að viðhalda ástríðunni í samböndum en þeir hafa minni þýðingu fyrir karla.

Konur nota kossa til að vega og meta hvort í þeim sem kysstur er leynist hugsanlegur maki. Þær beita þeim síðar til að viðhalda nánd í ástarsamböndum og athuga hvernig þau standa.

Þetta eru meðal annars niðurstöður úr rannsókn sem framkvæmd var við New York háskóla, þar sem yfir þúsund nemendur voru spurðir hvað þeim fyndist um kossa.

Konur reyndust vandfýsnari á hvern þær kysstu en karlar, sem sögðust til í að stunda kynlíf án kossa, með einhverjum sem þeir löðuðust ekki að eða álitu lélegan kyssara.

Ennfremur var munur á hvernig kynin vildu hafa kossana og vakti athygli að körlum líkaði betur blautir kossar þar sem tunguleikfimi er óspart stunduð.

Loks þótti sýnt að á meðan konur vonast til að kossar leiði til langtíma ástarsambands, þá eru karlar vongóðir um að þeir komi þeim í bólið.

Sjá www.bbc.co.uk. -rve


Þeir sem sofa minna en fjóran og hálfan tíma á nóttu vinna að meðaltali einum og hálfum til tveimur tímum lengur en hinir.

# Vinnuálag vont nætursvefninum

Vinnutíminn er sá þáttur sem hefur mest áhrif á nætursvefn. Því meiri vinna, þeim mun minni svefn.

Tímaritið Sleep birtir niðurstöður bandarískrar rannsóknar sem náði til 50 þúsund þátttakenda á þriggja ára tímabili. Þeir sem sváfu skemur en fjóra og hálfan tíma að nóttu, unnu að meðaltali 93 mínútum lengur á virkum dögum og 118 mínútum lengur um helgar. Í samanburði unnu þeir sem fengu ellefu tíma nætursvefn að meðaltali 143 mínútum minna á virkum dögum og 71 mínútu minna um helgar. Þeir sem sváfu stutt eyddu einnig meiri tíma í félagslíf, nám og húsverk, en í samanburði jókst sjónvarpsgláp hjá þeim sem sváfu lengur.

Aldurshópurinn 45 til 54 ára svaf minnst og vann mest. Næst vilja rannsakendur mæla áhrif mikillar vinnu og lítils svefns á heilsufar. Nú þegar hafa rannsóknir sýnt að fólk brennir kertin í báða enda vegna aukinnar kröfu vinnuveitenda á lengri vinnudegi. Nútímatækni hefur ekkert gert til að auka frítíma hins vinnandi manns, sem bitnar á svefntíma hans og lífsgæðum.

Sjö til níu tíma nætursvefn er enn ráðlagður fullorðnu fólki sem vill lifa við heilbrigði og auknar lífslíkur.

# Aukin hætta á elliglöpum

Reykingamenn eru líklegri til að þróa með sér Alzheimers-sjúkdóm og önnur vitglöp umfram þá sem hætt hafa reykingum eða aldrei reykt.

Þetta kemur fram í tímaritinu Neurology um niðurstöður hollenskrar rannsóknar. Fylgst var með sjö þúsund manns, eldri en 55 ára, í sjö ár, en á rannsóknartímanum voru 706 einstaklingar í úrtakinu greindir með vitglöp.

Þekkt er að erfðavísirinn APOE4 eykur áhættu á vitglöpum. Hætta á Alzheimers-sjúkdómnum jókst ekki hjá þeim einstaklingum sem reyktu og voru með APOE4-erfðavísinn í sér, en þeir sem ekki höfðu þann erfðavísi voru 70 prósent líklegri til að fá Alzheimers ef þeir reyktu. Reykingar auka einnig hættu á heilablóðfalli sem á sama tíma veldur skemmdum á heila og vitglöpum í kjölfarið.


Þeir sem reykja eru líklegri til að þróa með sér ýmis elliglöp.



















Kælitæki fyrir skrifstofur og tölvurými frá STULZ



Örugg þjónusta í 20 ár!
RAFSTJÓRN ehf.
Virkni loftræstikerfa er okkar fag!

Rafstjórn ehf - Stangarhyl 1A - Sími: 587-8890 - www.rafstjorn.is - rafstjorn@rafstjorn.is

# tölvur og tækni








Sjáðu sjónvarpsefni beint um gervihnött með búnaði frá okkur

Búnaður fyrir heimilið og sumarbústaðinn

ÖREIND
Auðbrekka 3 - Kópavogur
sími: 564 1660 - oreind@oreind.is

Leiðandi í
- loftnetskerfum
- mögnurum
- tenglum
- loftnetum
- gervihnattadiskum
- móttökurum
- örbylgjunemum
- loftnetsköplum

www.oreind.is

# Nýir og spennandi tölvuleikir

Nýir tölvuleikir bætast hratt í hóp þeirra sem fyrir eru, eru hver öðrum betri og mega aðdáendur tölvuleikja hafa sig alla við til að fylgjast með því sem er nýjast á markaðnum hverju sinni. Hér má líta nýjustu leikina frá Senu fyrir hinar ýmsu tegundir tölva. *-sig*




● **RATATOUILLE** er byggður á samnefndri kvikmynd frá Pixar. Auk hefðbundinnar spilunar geta leikmenn leyst fjölda minni leikja sem ganga út á að leysa hin ýmsu verkefni í eldhúsinu. Leikurinn nær andrúmslofti myndarinnar fullkomlega enda skartar hann röddum þeirra sem talsettu myndina. Leikurinn er fyrir PC, PS2, PS3, PSP, Xbox 360 og NDS




● **BOOGIE** er partíleikur ársins fyrir Nintendo Wii. Leikmenn geta dansað, sungið og búið til sín eigin tónlistarmyndbönd, allt með því að nota Wii stýripinnann og hljóðnema sem fylgir leiknum. Leikurinn inniheldur meira en 40 lög og geta fleiri en einn spilað saman. Leikurinn er fyrir þriggja ára og eldri.




● **HEAVENLY SWORD** kemur út 19. september næstkomandi og er gríðarlega flottur leikur. Söguþráðurinn er fullur af drama og hasar en grafík og myndskeið leiksins sýna hvað býr í PlayStation 3 tölvunni. Leikurinn er blanda af hasar, húmor, hröðum bardagaatriðum og öflugum söguþræði og er örugglega einn af leikjum ársins.




● **BIOSHOCK** er tímamótaleikur frá þeim sömu og gerðu System Shock leikina. Hér þvælast menn um neðansjávarborg og þurfa að gera allt til að bjarga eigin skinni, jafnvel fórna mannkyninu. Leikurinn er blanda af skotleik og hlutverkaleik þar sem menn upplifa ýmiss konar hrylling í einhverri glæsilegustu grafík sem sést hefur. Bioshock er fyrir 18 ára og eldri og er til í PC og Xbox 360.




● **SINGSTAR 90'S** er með þrjátíu topplögum frá tíunda áratugnum. Öllum lögunum fylgja upprunalegu myndböndin en leikirnir eru með þeim vinsælli á Íslandi í dag. Meðal laga eru: Everybody Hurts með REM, Wannabe með Spice Girls, Creep með Radiohead og fleiri.




● **GUITAR HERO ROCKS THE 80'S** er sá nýjasti af Guitar Hero leikjunum sem hafa slegið í gegn hér á landi og hleypt lífi í ófá partíin. Í leiknum, Guitar Hero Rocks the 80's, geta leikmenn dúndrað sér í gegnum heitustu rokklög níunda áratugarins. Tveir geta keppt saman eða á móti hvor öðrum í þessum leik sem ætlaður er fyrir sjö ára og eldri í PS2-tölvum.




# Wii trónir á toppnum

**Wii-leikjatölvan frá Nintendo er komin í efsta sæti í leikjatölvustríðinu. Síðan hún kom út í lok síðasta árs hefur hún selst ævintýralega vel og hafa framleiðendur vart undan að anna eftirspurninni. Fleiri eintök hafa selst af Wii en Xbox360, sem hefur verið á markaðnum tvöfalt lengur eða síðan í nóvember árið 2005.**

Samkvæmt heimasíðu VG Charz, sem tekur saman sölutölur leikjatölva um allan heim, hefur Wii frá Nintendo selst best af þremur leikjatölvum þessarar kynslóðar, eða í 10.910.000 eintökum. Xbox360 frá Microsoft fylgir fast á eftir með 10.670.000 seld eintök, en hún kom hins vegar mun fyrr út en Wii. Lestina rekur PlayStation 3 frá Sony, sem kom út á svipuðum tíma og Wii í Bandaríkjunum, með 4.390.000 eintök.

Wii hefur því tekið toppsætið í leikjatölvustríðinu með 42 prósent af seldum leikjatölvum þessarar kynslóðar, Xbox360 kemur næst með 41,1 prósent og PlayStation 3 er í þriðja og síðasta sæti með 16,9 prósent.

Töluverðar efasemdir voru um velgengni Wii áður en hún kom á markað, sér í lagi vegna þess hve óvenjuleg hún er miðað við hefðbundnari leikjatölvur. Í stað þess að leggja áherslu á öflugri tölvu með hraðari örgjörva og flottari leikjum einbeittu starfsmenn Nintendo sér að því að gera tölvuna aðgengilegri fyrir þá sem ekki hafa átt leikjatölvur hingað til.

Til að mynda líkist stýripinninn frekar sjónvarpsfjarstýringu en hefðbundnum stýripinna fyrir leikjatölvur, og er með innbyggðum hreyfiskynjara. Íþróttaleiki á



**Wii er töluvert minni en Xbox360 og PlayStation 3, og stendur upp á rönd í stofunni. Stýripinninn er ekki ósvipaður sjónvarpsfjarstýringu eins og sést á myndinni.**

borð við tennis og keilu er hægt að spila með því að hreyfa fjarstýringuna eins og spilarinn í leiknum, rétt eins og þú haldir á tennisspaða eða keilukúlu.

Miðað við velgengni tölvunnar síðan hún kom út virðist sem starfsmenn Nintendo hafi náð markmiði sínu, að fanga áhuga þeirra sem ekki hafa keypt leikjatölvur áður. *salvar@frettabladid.is*

# Syngjandi upptakarar

**Einar Baldvin Arason kvikmyndagerðarmaður finnur endalaus tækniundur á uppboðssíðunni eBay.**



**Einar Baldvin Arason hefur gaman af allri tækni og heldur mikið upp á leysilampann góða.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Laserpod er ein uppáhaldsgræjan mín. Þetta er svona leysilampi sem virkar eins og nútímalegur lavalampi og er líka handhægt leysisjóv. Þetta virkar best með reykvélina í gangi í dimmu herbergi en það gerist því miður ekki alveg nógu oft hjá mér. Síðan er hægt að framkalla enn betri stemningu með tónlist undir," segir Einar Baldvin Arason kvikmyndagerðarmaður sem segir lampann vera magnaðan þegar hann er kominn í gang.

„Ljósin fljúga út um allt og vekja rosaleg áhrif enda er laserpod alveg málið núna, því Ipod er svo 2004," segir Einar Baldvin hlæjandi.

Einar bæði tekur og framleiðir innslög hjá Sjónvarpinu ásamt því að klippa og liggur þá löngum stundum yfir klippiforritinu AVID. „Ég hef mestmegnis notað PC en núna ákvað ég að bregða út af vananum og var að panta mér MacBook sem er á leiðinni til landsins. Ég hef heyrt að það sé mjög þægilegt að vinna á makkann og í mínu starfi er gott að vera hæfur á bæði," segir Einar Baldvin og bætir við: „Ég hef þó mest gaman af litlum heilalausum tæknigræjum sem ég finn á eBay og get leikið mér að þegar ég er ekki í vinnunni."

Að eigin sögn er Einar Baldvin forfallinn eBay-fíkill og fékk einmitt leysilampann þar. „Það má segja að hver einasti dagur sé eins og jól þegar ég er með pakka á leiðinni frá eBay," segir Einar Baldvin hlæjandi sem vinnur að innrétta heimilið sem leikvöll fyrir fullorðinn strák.

„Ég er með fótboltaspil og margar litlar tæknigræjur frá eBay auk þess að vera með Playstation 2. Við hittumst síðan átta saman og spilum með skjávarpann í gangi og laumum kannski inn einum bjór á meðan," segir Einar Baldvin. Auk leysilampans hefur Einari fengið á eBay lyklakippur sem geta spilað gítarsóló og syngjandi upptakara.

Hann viðurkennir fúslega að hann hafi verið tölvunörd sem krakki og að þannig sé það jafnvel enn. „Ég spilaði mikið á Amstrad sem krakki og þá einhvern vetraríþróttaleik og síðan tók Nintendo við. Ég er enn í íþróttunum og uppáhaldsleikurinn í dag er fótboltaleikurinn Pro Evolution Soccer," segir Einar Baldvin og bætir við: „Það má samt segja að ég sé svona alhliða tækniáhugamaður og á erfitt með að gera upp á milli. Enda er aðalatriðið bara að hafa gaman að þessu." *rh@frettabladid.is*

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS



# Verið velkomin í verslun okkar að Grensásvegi 11

**Fujitsu Siemens LIFEBOOK S7110**
**Örgjörvi**: Intel Pentium Core Duo 1.66 GHz
**Minni**: 1024 Mb
**Skjár**: 14.1" 1024 x 768
**Skrifari**: DVD skrifari
**Diskur**: 60 GB
**Stýrikerfi:** Windows XP Professional
Íslenskt lyklaborð

**Tilboð: kr. 149.900,-**
**Áður kr. 174.900,-**



## Forstjóravélin
**Afar nett og aðeins 1 kg**

**Fujitsu Siemens LIFEBOOK Q2010**
**Örgjörvi**: Intel Pentium Core Solo 1.20GHz
**Minni**: 512 MB
**Skjár**: 12.1" TFT WXGA 1280 x 800
**Skrifari**: DVD skrifari
**Diskur**: 80 GB
**Stýrikerfi:** Windows XP Professional
**Þyngd:** Aðeins 1 kg.

**kr. 297.400,-** **Dokka fylgir!**



## Grafísk vinnustöð
**Hönnuð fyrir CAD, DCC, VIS**

**Fujitsu Siemens CELSIUS H240**
**Örgjörvi**: Intel Pentium Core 2 Duo 2.0GHz
**Minni**: 1024MB 667Mhz
**Skjár**: 15,4" WUXGA 1920 x 1200
**Skjákort**: Ati Mobility FireGL V5200
**Skrifari**: DVD skrifari
**Diskur**: 100 GB með höggvörn
**Stýrikerfi:** Windows XP Professional

**kr. 249.990,-**

**Glæsileg hönnun, áreiðanleiki og lág bilanatíðni eru atriði sem rétt er að hafa í hug þegar þú velur þér fartölvu. Einmitt þessir eiginleikar eru aðalsmerki Fujitsu Siemens.**

**Afgreiðslutímar Digital Task:**
Verslun: Virka daga 9-18 og laugardaga 11-15 Þjónustuver: Virka daga 9-18
**Þjónustuver Digital Task sinnir m.a. ábyrgðaþjónustu við Fujitsu Siemens og Toshiba fartölvur.**

digital TASK
*Nýtt afl í upplýsingatækni!*

Grensásvegi 11 | 108 Reykjavík
Sími: 550 4000 | Netfang: digital@digital.is

# Virka jafnt í óbyggðum sem úthverfum Kópavogs

**GPS-staðsetningartækin eru vörður nútímans sem hjálpa fólki að rata á ferðalögum. Sú tækni hefur rækilega sannað gildi sitt og er í stöðugri framþróun eins og Ríkarður Sigmundsson hjá fyrirtækinu R. Sigmundsson lýsir.**

„Stærsti vaxtarbroddurinn í GPS-tækninni er í svokölluðum leiðsögutækjum sem hjálpa þér að komast í viðtal á réttum stað á réttum tíma. Við hjá R. Sigmundssyni erum þeir einu sem bjóðum upp á slíka tækni hér á landi. Þá á ég við kort sem tilgreina einstefnu, hámarkshraða á hverjum vegi, heimilisföng og alls konar upplýsingar. Verkfræðistofan Hnit og dótturfélag hennar, Samsýn, hafa lagt í gríðarlega vinnu fyrir okkur við að safna saman gögnum úr ýmsum áttum og setja inn á kortin. Við erum þar með um 40.000 örnefni og yfir 4.000 staði sem veita þjónustu, svo sem sundlaugar, lögreglu, heilsugæslu, bensínstöðvar, skíðasvæði, verslanir, hótel, golfvelli og söfn svo nokkuð sé nefnt.

Við blöndum þannig saman í okkar tæki upplýsingum um örnefni, leiðir og hæðarlínur í óbyggðum og leiðsögutækni sem hjálpar þér að finna heimili fólks sem er kannski nýflutt í eitthvert úthverfa Kópavogs sem þú hefur aldrei komið í áður.



„Við höfum sett kort inn í tækin okkar sem eru með alls konar upplýsingum," segir Ríkarður.




Garmin-tækin henta vel við margs konar skilyrði.

Kortin eru á geisladiski sem hægt er að skoða í Windows-stýrikerfi í tölvunni og færa síðan inn í GPS-tækið. Þannig er hægt að skipuleggja ferðalag og skoða áhugaverða staði í tölvunni á stórum skjá og senda staðsetningar yfir í tækið sem síðan leiðir fólk á staðinn. Snertiskjáir á tækinu hjálpa til við að velja það sem verið er að leita að."

Ríkarður segir þennan leiðsögubúnað eingöngu gilda í Garmin-tæki. „VHS- og Beta deilan í gamla daga hjá vídeóunum er þúsundföld í þessum geira. Hver framleiðandi hefur sitt form á gögnunum. Við erum umboðsmenn fyrir Garmin GPS-tæki og fengum Hnit og Samsýn til að búa til kort sem ganga í þau. Við seljum svo búnaðinn í flestum útivistarbúðum, Fríhöfninni, Elkó, Bílanausti og hjá umboðsmönnum um allt land," upplýsir hann.

Garmin-tækin eru til í mörgum útfærslum að sögn Ríkarðs og verðið er frá 39.000 upp í á annað hundrað þúsund króna. „Sum tækin eru með Bluetooth-símabúnaði til að hafa í bílnum og á honum kviknar þegar kveikt er á bílnum. Síminn er aldrei tekinn upp úr töskunni en ef hann hringir sést á skjánum hver er á línunni, svo er hátalari og míkrafónn á tækinu. Sumum GPS-tækjum fylgir innbyggt tæki til að nota í akstri erlendis. Það tekur við umferðarupplýsingum og lætur vita ef slys, vegagerð eða aðrar hindranir eru framundan. Tækið getur þá valið nýja leið framhjá staðnum ef óskað er. Þetta er magnað kerfi."

*gun@frettabladid.is*



Suma dreymir um frí án allra tækja og tóla.

## Farsímalaust frí

Farsímabann hefur verið sett á ferðamannaparadís í Karíbahafinu.

Stundum er áreitið svo mikið í nútímasamfélagi að marga dreymir um að komast í frí þar sem tæki og tól eins og iPod og farsímar eru hreinlega skilin eftir heima.

Nú gætu þeir hinir sömu látið drauminn rætast með fríi á Palm Island, fjölsóttri eyju sem tilheyrir Grenadíneyjunum í Karíbahafinu. Þar er blátt bann lagt við notkun farsíma, fartölva og annarra tækja á ströndum eyjunnar.

Hljómar eins og fullkomin flóttaleið fyrir þá sem vilja sleppa við allan ysinn og þysinn.

*- rve*

ÖRTÆKNI
Okkar kaplar ná alla . . . . . leið


Cat-5e og Cat-6

Hágæða netsnúruefni frá Quabbin í Bandaríkjunum. 13 litir. Íslensk framleiðsla. Sérsmíðum eftir pöntunum.
Eina sérverslun landsins með tölvukapla
Vörulisti á netinu: www.ortaekni.is
Hátúni 10 - 105 Reykjavík
Sími: 552 6800 - Fax: 552 6809
ortaekni@ortaekni.is - www.ortaekni.is

lenovo
NÝR HEIMUR. NÝ HUGSUN.



# FORSKOT FYRIR KRÖFUHARÐA

ThinkPad

ThinkPad er heill tölvuheimur fyrir kröfuharða notendur og býr yfir ThinkVantage tækni sem einfaldar daglega notkun og tryggir öryggi. Yfirburða tækni, gæði, lág bilanatíðni, öryggi og hönnun eru höfð í fyrirrúmi.

Frá því ThinkPad fartölvur komu á markað hafa þær unnið til meira en 1200 verðlauna fyrir hönnun og virkni og er því mest verðlaunaða fartölva sögunnar. Frábær virkni tölvunnar ásamt þjónustu Nýherja setur þig í öruggar hendur.


FINGRAFARALESARI


LENGRI RAFHLÖÐUENDING


GAGNABJÖRGUN MEÐ EINUM TAKKA


FALLVÖRN



| ThinkPad T60 Wide | ThinkPad R61 | ThinkPad T61 Wide | ThinkPad T61 Wide |
|---|---|---|---|
| Intel Core 2 Duo T5500<br>1,6GHz m.2 kjörnum / 2MB | Intel Core 2 Duo T7100<br>1,8GHz m.2 kjörnum / 2MB | Intel Core 2 Duo T7100<br>1,8GHz m.2 kjörnum / 2MB | Intel Core 2 Duo T7300<br>2GHz m. 2 kjörnum / 4MB |
| 1x1GB 667MHz DDR2 minni<br>mest 4GB | 1x1GB 667MHz DDR2 minni<br>mest 4GB | 2x1GB 667MHz DDR2 minni<br>mest 4GB | 2x1GB 667Mhz DDR2 minni<br>mest 4GB |
| 80GB 5400sn harður diskur | 80GB 5400sn harður diskur | 80GB 5400sn harður diskur | 100GB 7200sn harður diskur |
| 15,4" breiðtjaldsskjár / 1280x800<br>Intel GMA 950 128MB PCI-e | 14,1" breiðtjaldsskjár / 1280x800<br>Intel Med. Acceler. X3100 256MB | 14,1" breiðtjaldsskjár / 1280x800<br>Intel Med. Acceler. X3100 256MB | 14,1" breiðtjaldsskjár / 1440x900<br>nVidia Quadro NVS 140M 128MB |
| Bluetooth netkort, 54g WiFi<br>DVD±RW DL skrifari | Bluetooth netkort, 54g WiFi<br>DVD±RW DL skrifari | Bluetooth netkort / 200n WiFi<br>DVD±RW DL skrifari / Firewire | Bluetooth netkort, 200n WiFi<br>DVD±RW DL skrifari / Firewire |
| Fingrafaralesari, öryggisörgjörvi<br>APS vörn fyrir gögnin | Öryggisörgjörvi<br>APS vörn fyrir gögnin | Fingrafaralesari, öryggisörgjörvi<br>APS vörn fyrir gögnin | Fingrafaralesari, öryggisörgjörvi<br>APS vörn fyrir gögnin |
| 1 x ExpressCard, PC Card | PC Card, Smartkortalesari | PC Card, Smartkortalesari | PC Card, Smartkortalesari |
| Þyngd 2.75 kg | Þyngd 2.5 kg | Þyngd 2.5 kg | Þyngd 2.5 kg |
| Windows® XP Pro | Windows® Vista Business | Windows® Vista Business | Windows® Vista Business |
| Mánaðarlegar greiðslur*: 5.590 kr.* | Mánaðarlegar greiðslur*: 5.590 kr.* | Mánaðarlegar greiðslur*: 6.639 kr.* | Mánaðarlegar greiðslur*: 7.688 kr.* |
| Verð: 159.900 kr. | Verð: 159.900 kr. | Verð: 189.900 kr. | Verð: 219.900 kr. |

lenovo PREMIUM WARRANTY SERVICE PROVIDER

Nýherji hefur fjögur ár í röð verið útnefndur „Premium Warranty Service Provider" af Lenovo fyrir framúrskarandi þekkingu og góða þjónustu á Lenovo tölvum.

Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. Söluaðilar um land allt.

NÝHERJI

www.lenovo.is

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is

* Mánaðarlegar greiðslur miðast við tölvulán til 36 mánaða hjá Landsbankanum, miðað við upplýsingar af www.landsbanki.is 18. júlí 2007.

## ● LÁTINNA MINNST Á NETINU

Minningarsíður um látna einstaklinga hafa lengi verið við lýði í Bandaríkjunum. Nú hefur orðið vakning á slíku í Bretlandi og víðar.



Ein vinsælasta minningarvefsíða Bretlands er síðan www.gonetoosoon.co.uk. Þar eru vistaðar um þrettán þúsund minningasíður og um 100 bætast við á hverjum degi. Langflestar heimsóknir eru á minningarsíður fræga fólksins, en meðal annars má finna síður um Díönu prinsessu og jafnvel Elvis. Aðrar síður um óþekkta einstaklinga eru þó einnig mikið skoðaðar.

## ● HRESST UPP Á IPOD




Sá orðrómur hefur farið hátt meðal netverja að von sé á nýjum iPod frá Apple. Fyrirtækið boðaði til blaðamannafundar í San Francisco á morgun, miðvikudaginn 5. september, og búast margir við að Apple muni þar kynna hinn nýja iPod og jafnvel nokkrar mismunandi gerðir.

iPodinn frá Apple er vinsælasti MP3-spilarinn í heiminum frá því hann var fyrst kynntur 2001. iPod í fullri stærð hefur ekki verið endurskoðaður frá október 2005 og því kominn tími á slíkt að margra mati. Nú er bara að bíða og sjá hvað gerist í San Francisco á morgun.




**Skráðu þig á spennandi námskeið sem byggir á því sem kemur fram í myndinni og bókinni „The Secret“ – Leyndarmálinu:**

# Bob Proctor´s

# The Goal Achiever

**Fyrirlesari:** Oddmund Berger, framkvæmdastjóri LifeSuccess Nordic

**Þetta skemmtilega og líflega námskeið sem nú er haldið í annað sinn á Íslandi, færir þér hagnýt ráð og hnitmiðaðar hugmyndir til að öðlast það sem þú sækist eftir á öllum sviðum lífsins, hvort heldur sem það er í starfi eða einkalífi. Það byggir á því sem fjallað er um í myndinni „The Secret" Leyndarmálinu og kennir þér hvernig þú getur virkjað Aðdráttarlögmálið (The Law of Attraction) til að láta draumana rætast – miklu fyrr en þig grunar!**

**Hvar:** Háskólabíói, salur 2.
**Hvenær:** Laugardagur 8. september 2007.
**Tími:** Kl. 09:30 – 17:00

Á þessu námskeiði lærir þú að brúa bilið á milli þess að setja þér markmið og koma þeim síðan í framkvæmd. Þú lærir hvernig allt sem þú gerir og hugsar hefur áhrif á líf þitt og örlög. Þú lærir að skapa þér spennandi framtíðarsýn, setja þér áhugaverð markmið og forgangsraða síðan daglegum verkefnum.

## Meðal þess sem þú lærir er:




Að ákveða á kerfisbundinn hátt hvað það er sem þú raunverulega vilt og þráir og síðan sett þér viðeigandi markmið sem hjálpa þér að láta draumana rætast.
- Að koma auga á hindranir og hemla í eigin lífi og umhverfi og eytt áhrifum þeirra þannig að þú verðir óstöðvandi.
- Að forgangsraða markmiðum, hvort sem þau eru 5 eða 5000!
- Að koma auga mikilvægasta markmiðið – markmið #1
- Að skapa þér spennandi og sigursæla framtíðarsýn.

Fyrirlesarinn er Oddmund Berger er framkvæmdastjóri LifeSuccess Nordic. Hann var hér síðast á ferð í lok maí og var þá með fjölsótt Goal Achiever námskeið sem hátt í þrjúhundruð þátttakendur sóttu. Námskeiðið er eftir Bob Proctor úr myndinni „The Secret“ en hann hefur á 45 ára ferli sínum sem fyrirlesari verið með námskeið sem hundruðir þúsunda þátttakenda um allan heim, hafa sótt.

**Námskeiðsgjald:** Kr. 15.995 **TILBOÐ:** Kr. 12.995 (Gildir til 5. september) Takmarkaður fjöldi, bókaðu í dag!
**Hópafsláttir:** 3+1 **FRÍTT** (25% afsláttur) og 7+3 **FRÍTT** (30% afsláttur).
**Innifalið:** Námskeiðsgögn og penni (allt nema veitingar).
***Fjölmörg stéttarfélög og starfsmenntasjóðir endurgreiða félagsaðilum sínum námskeiðsgjaldið að hluta eða í heild. Athugaðu málið hjá þínu félagi.***

**Skráning og nánari upplýsingar:** www.stjornandinn.is
**Skráning með tölvupósti:** stjornandinn@stjornandinn.is
**Símaskráning:** 846-0149

Stjórnunarfélag Íslands


# Nýjustu símarnir

**Símaframleiðendur keppast við að framleiða nýja, betri og flottari farsíma. Fólk hefur mismunandi þarfir þegar kemur að notkun símanna og eins spilar tískan stórt hlutverk þegar farsími er valinn. Konur velja sér frekar samlokusíma og eru líka litaglaðari í sínu vali og vilja nettari síma sem fara vel í litlum vösum og veskjum.**

**Hér má líta nýjustu símana frá Símanum, Vodafone og Hátækni í dag.** *- sig*



**Sony Ericsson W880i** frá Símanum er þunnur, léttur og fjölhæfur 3G sími sem er sérlega góður þegar kemur að tónlist. Hann er með íslensku valmyndakerfi, 2 megapixla myndavél, MP3 Walkman 2.0 tónlistarspilara, tónlistargreini og 1 GB minniskorti. Viðskiptavinir Símans geta horft á sjónvarp í þessum síma.



**Sony Ericsson K810i** frá Símanum er einn flottasti 3G síminn í dag. Hann er með 3.2 MP Cyber-shot-myndavél og innbyggðu Xenon-flassi. Einnig er hann með stórum hágæða litaskjá með góðri upplausn. Þá er hægt að setja upp bloggsíðu í gegnum símann og blogga til dæmis myndum sem teknar eru á hann. Valmyndakerfið í K810i símanum er á íslensku fyrir þá sem vilja en einnig er hægt að hafa það á ensku. Viðskiptavinir Símans geta horft á sjónvarp í gegnum þennan síma.



**Nokia 6120c** frá Hátækni er glænýr Symbian-sími sem er þriðju kynslóðar og mjög nettur. Honum fylgja bestu tölvuleikir sem Nokia hefur boðið upp á.



**HTC Touch** síminn fæst í Hátækni og er nettasta lófatölvan sem komið hefur frá HTC. Hann vinnur á Windows Mobile 6.0 og er sá fyrsti með Touch FLO sem gerir manni kleift að nota fingurna og þurfa ekki alltaf að vera með pennann uppi við.



**Nokia 6120 Classic** er glænýr, lítill og nettur, þriðju kynslóðar 3G farsími. Hann er með MP3 spilara, FM útvarpi og myndavél auk þess sem stýrikerfið er mjög þróað og býður upp á ýmsa möguleika.



**BlackBerry Pearl** er vinsælasti síminn hjá Vodafone í dag og er mörgum kostum búinn. Hann býður upp á auðveldan aðgang að tölvupósti, dagbók úr tölvu notandans og netinu.




Bjóðum viðskiptavinum okkar enn betri og víðtækari þjónustu en áður.
Samhentu starfsfólki okkar hlakkar til að heyra frá þér...



BILLCON — Seðlatalningavélar

SCAN COIN — Mynttalninga-og flokkunarvélar

ROSENGRENS — Öryggis-og peningaskápar

BISLEY — Skjala-og skrifstofuskápar

nashuatec — Prentarar, fjölritunar-og ljósritunarvélar

STOFNAÐ 1953

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

# MAX RAFTÆKI




**84.989 kr.**

Fullt verð ~~99.889~~

**3ja ára KASKÓ**

**Acer Aspire 5633WLMi-1G80**
- 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni, 80GB harðdiskur
- DVD+/-RW skrifari, 15,4" CrystalBrite skjár (1280x800)
- Intel GMA950 128MB skjákort
- Þráðlaust a/b/g netkort
- Windows Vista Home Premium
- 3ja ára fartölvutrygging að verðmæti kr. 20.000 fylgir með frítt.

## 3ja ára KASKÓ

**ALTRYGGING FYLGIR FRÍTT MEÐ VÖLDUM FARTÖLVUM**

Fartölvu Kaskótrygging frá VERÐI bætir tjón sem stafar af: skyndilegum og óvæntum óhöppum í notkun, flutningi eða geymslu, innri vélrænum bilunum svo og innbroti. Nánari upplýsingar um trygginguna veita sölumenn hjá MAX og hjá VERÐI.

vörður

**3ja ára KASKÓ**

**Asus A7CC-7S020C**
- 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni
- 120GB harðdiskur, DVD+/-RW skrifari
- 17" skjár (1440x900), ATI X1450 512MB skjákort
- Þráðlaust a/b/g netkort ásamt Bluetooth
- Innbyggð vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium.
- Mús og taska fylgir
- 3ja ára fartölvutrygging að verðmæti kr. 20.000 fylgir með frítt.




**129.989 kr.**

Fullt verð ~~139.989~~

## Seljum yfir 30 gerðir af fartölvum

acer · ASUS · lenovo · SONY · hp · FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

**Canon prentarar, skannar, fjölnotatæki og allt er tengist tölvum á ótrúlegu góðu verði!**




**59.989 kr.**

Leikirnir Motorstorm
+ Resistance / Fall of Man
+ Tveir þráðlausir stýripinnar fylgja




Einn þráðlaus stýripinni fylgir

**48.989 kr.**

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA

MAX

## Rafvirkjun







**RafList**
**Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, viðhaldsvinna,**

**og fagleg ráðgjöf.**
**Uppl. í s. 823 8860 & 861 9116.**

## Önnur þjónusta



**Kranaþjónusta**
Vörubílar með krana. Hífum og flytjum. Uppl. í s. 844 5299 & 844 5290.

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife!Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting



Hef hafið störf á Fótaaðgerða-nudd og snyrtistofunni Fætur og fegurð,(áður Þú um Þig) Hólagarði, Lóuhólum 2-4 Tímapantanir í síma 557-5959 Verið velkomin Kristín Gunnarsdóttir Löggiltur fótaaðgerðafræðingur og nuddfræðingur

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla



**Harmonikukennsla**
Einkatímar. Haustönn hefst í september fyrir byrjendur og lengra komna. Innritun í s. 690 7424 eftir hádegi.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald

Kattasýning Kynjakatta verður 13. og 14. október. Skráning til 13.sept. Upplýsingar á kynjakettir.is

Til sölu hreinræktaður Doberman hundur, 18 mán, frá Íshundum, með ættbók. S. 867 4036

## Ýmislegt



Til sölu 6 manna nuddpottar á frábæru verði. Uppl. í síma 693 5454.

**Baðinnrétting**
Til sölu nýleg beyki baðinnrétting frá Brúnás, handlaug fylgir. Uppl. í s. 555 3922 e. kl. 18.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring -Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws & www.spainapartments.ws

**Orlofsíbúð á Akureyri**
13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300, netfang leo79@internet.is Leó.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Pokoje I mieszkania do wynajecia teraz przed majem '08 beda otwarte od 18-19 dzisiaj. Hotel Atlantis Grensásvegur 14. Nie ma informacji telefonicznej. Rooms (from 45.000) and studio apartments (from 90.000) for rent from now until May '08. Will be shown 18-19 o'clock today, Tuesday. Hotel Atlantis, Grensásvegi 14. No telephone info.

93fm íbúð til leigu með húsgögnum í Einholti, nálægt Hlemmi. 3 svefnh. alrými (stofa, borðstofa og eldhús), þvottahús er í íbúðinni. Íbúðin leigist strax og til 15. júní '08. Uppl. gefur Hrafnhildur í s. 663 2008 og Katrín í s. 891 9698.

Herbergi til leigu. Herb. fylgir salerni með sturtu og þvottavél, einnig er sjónvarspkrókur til afnota og net-tenging fylgir herb. Aðgengi að fullbúnu eldhúsi. Staðsetning, Hafnafj. við Lónsbraut. Uppl. í s. 895 8843. eftir kl. 18.00

150 fm 5 herb. Penthouse íbúð í kópavogi á 2 hæðum. Gullfalleg íbúð, langtímaleiga, 180 þús á mán og 3 mán fyrirfram + trygging, laus strax uppl. í s:8207065

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**Pantið tímanlega fyrir húsvagninn**
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka Stór hjólh. + húsb. 11.875 p. mán. Lítil hjólh. + húsb. 9.375 p. mán. Fellih. 6.875 p. mán. í 8 mánuði S. 564 6500.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahúsið Nings Stórhöfða & Hlíðarsmára**
**Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára. Einnig óskum við eftir manneskju í fullt starf, unnið er 15 vaktir í mánuði og fólk í kvöld og helgarvinnu. Góð vinna með skóla.**
**Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir í bílstjórum í kvöld- og helgarvinna.**
**Upplýsingar í síma 822 8870 og einnig inn á www.nings.is**

**Aktu Taktu**
Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

**Söluturninn JOLLI Hafn**
Ert þú ekki að fara í skóla í vetur? Þá er þetta rétta vinnan fyrir þig. 100% dagvinna í boði. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju. Umsóknareyðublöð á staðnum

**Ruby Tuesday Skipholti**
Leitum eftir að ráða góða starfskrafta við afgreiðslu í sal og eldhús Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Umsækjendur þurfa að hafa góða samskiptahæfileika og þjónustulund. Umsóknareyðublöð liggja frammi í Skipholti 19 eða senda umsóknir á haukur@ruby.is

**Nonnabiti**
**Starfskraftur óskast til starfa, ekki yngri en 18, reyklaus. Uppl. í s. 898 5956 eða á staðnum.**

**Aðhlynning kvöld og helgarvaktir.**
**Óskum eftir starfsfólki við aðhlynningu í Þjónustuíbúðum Dalbraut 27.**
**Um er að ræða kvöld og helgarvaktir.**
**Uppl. Veita Guðbjörg Vignisdóttir og Guðný Pálsdóttir sími 4112500.**
**Netf. gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is og gudny.palsdottir@reykjavik.is**

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+.**
**Upplýsingar í síma 897 4433 & 894 0292.**

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurveri, Austurveri, Glæsibæ & Húsgagnahöll óska eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 & 13-19, 07-13, 08-16 & 15-19. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði.**
**Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00.**
**Einnig umsókareyðublöð á www.bakarameistarinn.is**

**Atvinna Atvinna**
**Rúmfatalagerinn óskar eftir aðstoðarmanneskju á þjónustuborðið í Smáratorgi. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og vera dugleg(ur) og samviksusöm/samur.**
**Þeir sem hafa áhuga er vinsamlega beðnir um að hafa samband við Eyþór í síma 820 8004 eða 510 7000.**

**Bettís Kópavogi**
**Starfskfraftur ekki yngri en 18 ára óskast eitt kvöld í viku og aðra hvora helgi.**
**Upplýsingar í síma 899 8212.**

## ATVINNA

**AU PAIR ÓSKAST**
Íslensk fjöl skylda óskar eftir au pair í Luxembourg fram að jólum.
Viðkomandi þarf að geta byrjað fljótlega.

Upplýsingar Sigrún s. 864 0212 eða thorlaksgeisli@yahoo.com

# Smiðir
Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616
**Kraftafl ehf**

# Múrarar
Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Starfsmaður óskast
Ferskar Kjötvörur Og Furðufiskar óska eftir starfsmanni til að hafa umsjón með kjötborði okkar í Hagkaup

Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000

KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA

## TIL SÖLU




## TIL SÖLU



**Hlöllabátar Ingólfstorgi**
**Óska eftir starfsfólki í dagvinnu, á kvöldin og um helgar (næturnar). Ekki yngri en 18 ára.**
**Uppl. í s. 511 3500 & 861 0500, einnig á staðnum.**

**Bílstjóri óskast.**
**Óskum eftir bílstjóra með meirapróf frá aldrinum 25-45 ára, æskilegt að vera með ADR réttindi, en ekki skilyrði. Þarf að vera líkamlega og andlega hraustur. Góð laun í boði fyrir réttan starfsmann.**
**Upplýsingar í síma 898 9006.**

**Ísbúðin Áfheimum**
**Óskar eftir að ráða starfsfólk í kvöldvinnu virka daga**
**Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina.**
**Uppl. í s. 699 5978, Guðrún eða senda umsókn cyrus@simnet.is**

**„Viltu slást í hópinn með JÓA FEL ??“**
**Höfum í boði afgreiðslustörf í bakaríinu okkar á Kleppsvegi. Einnig í boði helgarvakt sem henta vel fyrir skólafólk.**
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152**

**Sölu/Þjónustufulltrúi.**
**Spennandi starf og góðar tekjur við markaðssetningu nýrra bíla. Símasala/fyrirtækjakynningar. Also wanted US/English native for Buying Dept.**
**Nánari Uppl./More info www.islandus.com/atvinna**

**Skalli Hraunbæ**
**Aukavinna+dagvinna**
Vantar hresst og duglegt fólk í kvöld og helgarvinnu í vetur. Einnig vantar starfsmann í dagvinnu frá 9-14 virkadaga góð laun. Lágmarksaldur 17.ára. Uppl. í s. 567 2880 milli 14-17 alla virka daga

Borgargrill óskar eftir fólki í dagvinnu. Góð laun í boði. Upplýsingar í símum 820-5851 og 695-6869.

**Gröfumaður**
Jarðmótun ehf óskar eftir Gröfumanni í jarðvinnuframkvæmdir. Framtíðarstörf, næg vinna í boði. Uppl. í s. 892 0989.

**Vantar strax!!**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 17-27 ára með bílpróf. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir í s. 860 2971.

**Söluturn**
Söluturnarnir Vikivaki Laugavegi og Barónsstíg óska e. að ráða fólk á næturvaktir um helgar. Uppl. veitir Högni í s. 896 1933.

**Hársnyrtisveinn**
Hársnyrtisveinn óskast á hársnyrtistofu í miðborginni. Uppl. gefur Sigurpáll í síma 551 3010 eða 896 8544.

Óskum eftir smiðum eða laghentum mönnum, helst íslenskumælandi. S. 863 0388 & 695 6100.

Starfsmann með bílpróf vantar Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Snælandsvideó óskar eftir starfsfólki í dagvinnu virka daga. Viðkomandi þarf að getað aðstoðað við mötuneyti, sjá um innkaup ásamt almennri afgreiðslu. Einnig vantar fóllk í kvöld og helgarvinnu, Eitt kvöld í viku og aðra hverja helgi 18 ára aldurstakmark. Uppl. gefur Ásta í síma 693 3782.

**Hús Bakarans við Drafnarfell!**
Óskar eftir að ráða röskan starfskraft. Vinnutími frá kl 14-18:30 virka daga og aðra hvora helgi. Tilvalið f. skólafólk, Uppl. gefur Álfheiður í s. 895 9420 & 557 4513.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**
Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000,- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

Hársnyrtisveinn óskar eftir 100% starfi á stofu. Góð laun í boði. Helst Hfn/kóp. Allt kemur til greina. S. 868 5722

Óska eftir vinnu við smíðar á tæpt ár eftir á samning,. Uppl. í s. 690 6943 eða jonnirichter@hotmail.com

29 ára karlmaður áskar eftir atvinnu við Ræstingar er mjög vanur uppl i sima 8571720 Bjarki.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Celebrity.is**
Núna 17.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

**Matseld.is**
Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

Til leigu glæsileg 3 herb. 84 fm. íbúð á Fjólugötu 101, Rvk. Árs leigusamningur + 3. mán. trygging. Laus strax. Leiga 150.000 kr. p/m. Stefán s. 865 8440.

## Einkamál

**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

**Vetrargeymsla í Skagafirði**
Erum með geymsluhúsnæði fyrir hjólhýsi, tjaldvagna og fleira í vetur.
**Tekið á móti í sept.**
***Áhugasamir hafið samband í síma 823 1059.***



vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

allt tíska
Alla fimmtudaga

LÁTTU OKKUR SELJA EIGNINA FYRIR ÞIG

RE/MAX Lind

VILTU VINNA MEÐ
FRÁBÆRUM EINSTAKLINGUM
Á REMAX LIND Í KÓPAVOGI
ERUM AÐ LEITA AÐ FLEIRI LIÐSFÉLÖGUM



Hringdu í síma 699-5008
Hannes


Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**


Gunnar
Sölufulltrúi
**6691005**


Berglind Þyrí
Sölufulltrúi
**864 0803**


Gunnar Ólason
Sölufulltrúi
**694 9900**


Kristín
Sölufulltrúi
**824 4031**


Óskar Freyr
Sölufulltrúi
**899 9427**


Olly Björk
Sölufulltrúi
**867 5099**


Þórarinn
Jónsson Hdl.
Lögg. fasteignasali

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.
RE/MAX Lind • S: 520 9500 • Bæjarlind 14-16 • 200 Kópavogur • Þórarinn Jónsson, löggiltur fasteignasali




ATH ÞJÓNUSTA OFAR ÖLLU

HRINGDU NÚNA
og skráðu eignina þín í sölu hjá okkur

699 6165/899 0800

RE/MAX Fasteignir

Stefán Páll Jónsson
Löggiltur fasteignasali

Engjateig 9
105 Reykjavík

## UPPBOÐ

### Sýslumaðurinn á Húsavík

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:**

Bakkagata 13, fnr. 216-6846, Kópaskeri, þingl. eig. Urta ehf, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 10. september 2007 kl. 10:00.

Bergholt II, fnr. 217-0866, Skeggjastaðahreppi, Langanesbyggð, þingl. eig. Gunnólfur ehf, gerðarbeiðendur Alfesca hf, Lífeyrissjóður Austurlands, N1 hf. og Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 10. september 2007 kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Krossavík I, landnr. 154563, Svalbarðshreppi, 681 Þórshöfn, þingl. eig. Angela Ragnarsdóttir, gerðarbeiðandi Stafir lífeyrissjóður, mánudaginn 10. september 2007 kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Stórhóli 77, fnr. 215-3358, 640 Húsavík, þingl. eig. Guðjón Ingvarsson, gerðarbeiðendur Sýslumaðurinn á Húsavík og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, mánudaginn 10. september 2007 kl. 10:00.

Garðarsbraut 18A, 640 Húsavík, þingl. eig. Sólbrekka ehf, gerðarbeiðandi DAC ehf., mánudaginn 10. september 2007 kl. 10:00.

Hafnargata 2, fnr. 217-0839, Skeggjastaðahreppi, Langanesbyggð, þingl. eig. Gunnólfur ehf, gerðarbeiðendur Alfesca hf, Byggðastofnun, Frumherji hf, Glitnir banki hf, Lífeyrissjóður Austurlands og Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 10. september 2007 kl. 10:00.

Hafnargata 4, fnr. 217-0887, Skeggjastaðahreppi, Langanesbyggð, þingl. eig. Gunnólfur ehf, gerðarbeiðendur Alfesca hf, Byggðastofnun, Glitnir banki hf, Lífeyrissjóður Austurlands og Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 10. september 2007 kl. 10:00.

Hafnargata 4, fnr. 217-0888, Skeggjastaðahreppi, Langanesbyggð, þingl. eig. Gunnólfur ehf, gerðarbeiðendur Alfesca hf, Byggðastofnun, Lífeyrissjóður Austurlands, Sparisjóður Þórshafnar og nágr og Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 10. september 2007 kl. 10:00.

Höfðabrekka 20, fnr. 215-2973, 640 Húsavík, þingl. eig. Jónas Guðmundsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tollstjóraembættið, mánudaginn 10. september 2007 kl. 10:00.

Langholt 8, fnr. 216-7835, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Jórunn Gréta Davíðsdóttir, gerðarbeiðandi Snerpa ehf., mánudaginn 10. september 2007 kl. 10:00.

Skútustaðaskóli, fnr. 216-3343, Skútustaðahreppi, þingl. eig. Hótel Valhöll ehf, gerðarbeiðendur Byggðastofnun, Lífeyrissjóðurinn Lífiðn og Tollstjóraembættið, mánudaginn 10. september 2007 kl. 10:00.

Steinholt, fnr. 222-0426, 641 Húsavík, þingl. eig. Egill Hjartarson, gerðarbeiðandi Ökuskóli Húsavíkur ehf., mánudaginn 10. september 2007 kl. 10:00.

Skipið Þór, skipaskrárnúmer 0229, þingl. eig. Dórem ehf. og Sjóferðir Arnars ehf, gerðarbeiðandi Faxaflóahafnir sf., mánudaginn 10. september 2007 kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
3. september 2007.





# Ævintýri í Gullborg á hverjum degi!

**Leikskólinn Gullborg óskar eftir að ráða leikskólakennara eða starfsfólk með aðra menntun. Einnig er laus staða í sérkennslu.**

Gullborg er fjögurra deilda leikskóli staðsettur á Rekagranda 14. Unnið er markvisst með sjálfsmynd barna og einnig lögð áhersla á tónslist og myndlist. Leikskólinn er í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur.

*Verið velkomin í heimsókn á Gullborg eða hafið samband við Rannveigu leikskólastjóra í síma 562-2455 eða 693-9820.*

Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

Lærum saman í leik

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Sérkennsluráðgjafi

**Laus er staða sérkennsluráðgjafa á Þjónustumiðstöð Breiðholts.**

**Þjónustumiðstöðin er þekkingarstöð í fjölskylduráðgjöf með áherslu á þjónustu við fjölskyldur barna með hegðunar- og tilfinningalega erfiðleika. Hlutverk þekkingarstöðvar er m.a. að vera frumkvöðull á sínu sviði, bæði í þróun, nýbreytni og vinnulagi.**

**Helstu verkefni:**
- ráðgjöf vegna einstakra barna með þroskafrávik og barna í grunnskólum sem eiga í hegðunar, náms- og/eða félagslegum vanda, sérstaklega mið- og unglingastigi
- þverfaglegt starf í Þjónustumiðstöð Breiðholts
- fræðslufundir fyrir kennara og starfsfólk skóla
- ráðgjöf til stjórnenda um skipulag, markmið og áherslur í sérkennslu
- ráðgjöf og aðstoð við gerð starfsáætlana grunnskóla
- seta í nemendaverndarráðum skólanna í hverfinu, 5 talsins, sem deilast milli tveggja sérkennsluráðgjafa
- halda utan um samráð deildarstjóra sérkennslu fyrir grunnskólana í Breiðholti
- umsjón með ýmiss konar samstarfsverkefnum
- samvinna við samstarfsaðila og hagsmunasamtök

**Hæfniskröfur:**
- kennaramenntun, framhaldsnám í sérkennslufræðum
- þekking og reynsla á starfi grunnskóla
- þekking á málefnum einhverfra barna æskileg
- lipurð í mannlegum samskiptum
- skipulagshæfileikar
- áhugi á þverfaglegri teymisvinnu

**Þjónustumiðstöð Breiðholts býður upp á:**
- möguleika til að hafa áhrif og taka þátt í uppbyggingu og þróun nýlegrar þjónustumiðstöðvar
- þverfaglega samvinnu með metnaðarfullu starfsfólki
- sveigjanlegan vinnutíma og góðan starfsanda

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Nánari upplýsingar veitir Hákon Sigursteinsson, deildarstjóri skólaþjónustu, sími 411 1300, netfang: hakon.sigursteinsson@reykjavik.is
**Umsóknum skal skilað á Þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 12, 109 Reykjavík - eigi síðar en 17. september nk.**

## Sjúkraliði

**Dagvistin á Vitatorgi Lindargötu 59 óskar eftir að ráða sjúkraliða til starfa.**

**Helstu verkefni:**
- Stuðningur við persónulega umönnun
- Stuðningur við félagslega virkni

**Hæfniskröfur:**
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Samviskusemi og sveigjanleiki
- Rík þjónustulund

Dagvistin er opin virka daga frá kl. 8.00 til 17.00. Á Dagvistinni fer fram hjúkrun og virk endurhæfing einstaklinga með minnissjúkdóma.

Um er að ræða 70% starf eða eftir nánara samkomulagi.
**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Vinnustaðurinn er heimilisleg eining, sem leggur metnað sinn í gott samstarf og góðan starfsanda.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sjúkraliðafélags Íslands.
Nánari upplýsingar veitir Marta Pálsdóttir deildarstjóri í síma 411 9466, netfang: marta.palsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



# Safnaðu þekkingu
## - sæktu þér aukinn styrk

### MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Ludwig van Beethoven - maðurinn og tónlistin, hefst 18. sept.

Saga Portúgals; menning og skáldskapur, hefst 20. sept.

Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur, hefst 24. sept.

Spennusögur með Katrínu Jakobsdóttur, hefst 25. sept.

Gísla saga Súrssonar, hefst 25. sept., aukanámskeið 26. sept.

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál, hefst 26. sept.

### STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

Níu lyklar mannauðsstjórnunar, hefst 4. sept.

Excel II - fjármál og rekstur, hefst 18. sept.

Stefnumiðuð stjórnun opinberra aðila - mat á árangri, hvað þarf að mæla? Haldið 25. sept.

Verkfæri í verkefnastjórnun, hefst 26. sept.

Skilvirk ákvarðanataka: Greining með LESTAN (Leadership Styles Analysis), haldið 26. sept.

Verkefnastjórnun I: Undirbúningur og áætlanagerð – grundvallaratriði, hefst 27. sept.

Gerð viðskiptaáætlana, hefst 28. sept.

Florence Kennedy: Vinnustofa í samningatækni, hefst 1. okt.

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Íslenski þroskalistinn, hefst 26. sept.

Leiklist fyrir leikskólakennara, hefst 3. okt.

Leiklist fyrir grunnskólakennara, hefst 4. okt.

Europass - námstefna um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina og starfsréttinda, hefst 8. okt.

Börn eru klár, hefst 8. okt.

### FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISSVIÐ

Gagnavinnsla í SPSS, hefst 1. okt.

Siðfræði heilbrigðisþjónustu: Fagmennska, siðareglur, rannsóknir.

H:N markaðssamskipti / SÍA

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

# 99 kr. dagurinn



99 kr/stk.

Armkútur 3 teg.



99 kr/stk.

Bolti



99 kr/stk.

Dagbók



99 kr/pk.

Tússlitir 12 stk.



99 kr/pk.

Límmiðasett



99 kr/pk..

Spil



99 kr/stk.

Smábílar



99 kr/pk.

Celebration glös 3 stk.



99 kr/stk.

Slímhendi



99 kr/stk.

Gashylki f/ rjómasprautu



99 kr/stk.

Kanna



99 kr/stk.

Skál 10.5 cm



99 kr/pk.

Frystibox 2 stk.

Gildir 4. september á meðan birgðir endast.



99 kr/pk.
Sun Lolly frostpinnar 5 teg.
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/stk.
Cocio kókómjólk
99 kr/stk.
Trópí appelsínusafi 1 líter
99 kr/pk.
Kutter marineruð síld
99 kr/stk.
Ali skólakæfa
99 kr/stk.
Rice dream rísdrykkur
99 kr/pk.
Chips Ahoy og Oreo kökur
99 kr/pk.
Nóa lakkríssprengjur 200gr
99 kr/pk.
Prins Polo 4 stk. í pk.
99 kr/stk.
Gunnars Allioli og Mangó karrý sósur
99 kr/kg.
Vatnsmelónur
99 kr/kg.
Appelsínur
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



*Elskulegur sonur okkar, dóttursonur og bróðir,*

**Hilmar Már Gíslason**

verður jarðsettur í dag 4. september í Fossvogskirkju kl. 13.00.

Gísli Sigurgeir Hafsteinsson    Heiður Sverrisdóttir
Ragnheiður Hilmarsdóttir    Steinar Jónsson
Hilmar Mýrkjartansson
systkyni hins látna



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengamóðir, amma og langamma,*

**Erla Sigurgeirsdóttir**
Engihjalla 17, Kópavogi,

lést á Gjörgæsludeild Landspítalans 1. september. Útför auglýst síðar.

Sigurður Jónsson
Guðrún Auður Hafþórsdóttir    Gunnlaugur Valtýsson
Rögnvaldur Ingi Eiríksson    Jónína Jónsdóttir
Eiríkur Ásbjörn Carlsen
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lovísa Þorgilsdóttir**
Kirkjuvegi 1, Keflavík,

lést á Dvalarheimilinu Hlévangi, Keflavík, föstudaginn 31. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 7. september kl. 14.00.

Unnur Þorsteinsdóttir    Þórður Kristjánsson
Guðný Helga Þorsteinsdóttir    Halldór Fr. Olesen
Hrönn Þorsteinsdóttir    Magnús Jónsson
Magnea Þorsteinsdóttir    Johan D. Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Þorbjörg Ragna Björnsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 31. ágúst síðastliðinn. Útför fer fram frá Lágafellskirkju fimmtudaginn 6. september kl. 13.

Pétur J. Magnússon
Björn Pétursson
Magnús Pétursson
Pétur R. Pétursson    Ólöf A. Þórðardóttir
Björn Hlynur Pétursson    Alexander Glói Pétursson



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug, við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ástu Ólsen**
áður til heimilis að Hamarstíg 6.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Reynihlíðar á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

Jakob V. Kárason    Herborg Herbjörnsdóttir
Guðrún J. Káradóttir
Jóhannes Kárason    Sólveig B. Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

**RICHARD WRIGHT RITHÖFUNDUR FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1908**

*„Listamaðurinn þarf að lúta skrímslinu sem býr í ímyndunarafli hans.“*

***Richard Wright var Bandaríkjamaður sem hafði töluverð áhrif á réttindabaráttu þeldökkra þar í landi. Hann lést árið 1960.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 4. SEPTEMBER 1985

## *Fyrstu myndir birtar af Titanic*



TITANIC NEÐANSJÁVAR

Fyrstu myndirnar af hinu sokkna skipi Titanic voru birtar þennan dag árið 1985. Þetta var 73 árum eftir að farþegaskipið sökk með þeim afleiðingum að um 1.500 manns týndu lífi. Sameiginlegur leiðangur Frakka og Bandaríkjamanna hafði fundið flakið þremur dögum áður. Leiðangursstjóri var könnuðurinn dr. Robert Ballard. Titanic sökk laust fyrir miðnætti hinn 13. apríl 1912. Það hafði rekist á ísjaka með þeim afleiðingum að skrokkurinn rifnaði. Skipið, sem var eitt það stærsta og glæsilegasta sem sögur fóru af, hafði lagt upp í jómfrúrferð sína frá Southampton í Englandi fjórum dögum áður, en ferðinni var heitið yfir Atlantshafið til Bandaríkjanna.

Þegar dr. Ballard bar að árið 1985 lá skipið á fjögurra kílómetra dýpi. Með aðstoð ómannaða kafbátsins Argos var möguleiki að ná myndum af flakinu en engin tilraun var gerð til að bjarga því eða rannsaka innviði skipsins.

Ári síðar sneri Ballard aftur á bandarísku herskipi og kafaði ellefu sinnum niður að flakinu í þriggja manna kafbáti. Mun fleiri leiðangrar hafa verið gerðir að flakinu síðan þrátt fyrir mótmæli eftirlifenda og ættingja þeirra, sem telja að flakið eigi að liggja þarna óhreyft af því að það er síðasti hvílustaður fjölda fólks.



**VIOLETA SMID** „Ég er orðin hálfgerður Skaftfellingur,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**VIOLETA SMID:** STJÓRNANDI SÖNGFÉLAGS SKAFTFELLINGA Í ALDARFJÓRÐUNG

# Alltaf vel sett með karlaraddir

Violeta Smid er búlgörsk að uppruna en hefur búið á Íslandi í yfir þrjátíu ár og í 25 þeirra hefur hún verið stjórnandi Söngfélags Skaftfellinga í Reykjavík. „Þetta er orðin löng og góð samleið, einn fjórði úr öld,“ segir hún brosandi. „En nú er þetta líka orðið ágætt og kominn tími á að nýr stjórnandi taki við. Jón Ísleifsson sem var á undan mér var orðinn fullorðinn þegar hann hætti og honum leist ekkert á mig í byrjun. „Einhver stelpa! Hún verður búin að drepa niður kórinn eftir ár,“ spáði hann. En síðan varð hann sáttur við mig og kórinn er enn í fullu fjöri. Í vor höfðum við hátíðartónleika í tilefni af afmælinu og þá komu nokkrir til liðs við okkur aftur sem voru hættir. Það var skemmtilegt.“

Violeta segir gott fólk og góðan anda í Söngfélagi Skaftfellinga og kveðst alltaf hafa verið vel sett með karla í kórnum. „Ég monta mig oft af strákunum mínum því margir kórar stríða við skort á karlaröddum. Hjá mér hafa þær alltaf verið þéttskipaðar,“ segir hún ánægð en hvernig skyldi hún hafa kynnst kórnum upphaflega. „Ég var á Eskifirði og Reyðarfirði fyrst eftir að ég flutti til landsins og stjórnaði þar Eskjukórnum. Einn góðan veðurdag eftir að ég flutti til Reykjavíkur 1982 kom systir konu í Eskjukórnum til mín og bað mig að stjórna Söngfélagi Skaftfellinga. Ég lét ganga á eftir mér í viku en sagði svo „allt í lagi, ég skal prófa“ og sú prufa stóð í 25 ár.“

Söngfélag Skaftfellinga hefur starfað síðan 1974 og gefið út tvær plötur, þá seinni undir stjórn Violetu. Hún heitir Brimströndin og vísar titillinn til átthaga kórfélaganna. En skyldi söngstjórinn eitthvað hafa innleitt búlgarska tóna í kórnum? „Nei, en við höfum sungið eitt lag á tékknesku sem hér heitir Kátir dagar. Ég fór ung til Tékklands að læra og kórinn hefur sungið í Prag. Flestar söngferðir hafa samt verið um Skaftafellssýslurnar.“

Violeta er þekkt fyrir að segja skemmtisögur hvar sem kórinn hefur komið fram. „Ég er alin upp við brandara,“ útskýrir hún brosandi. „Heima voru alltaf gestir og gangandi og þegar kaffið var komið á borðið var byrjað að segja brandara. Sumar sögurnar mínar eru tvíræðar en ég nota samt aldrei gróf orð þannig að ef einhver sakar mig um dónaskap get ég sagt. „Það ert bara þú sem hugsar svona!“

Þó Violeta sé að hætta með Skaftfellingakórinn ætlar hún að búa áfram á landinu og er með fulla kennslu í Söngskólanum við Snorrabraut. „Ég vil hvergi vera nema á Íslandi enda er ég orðinn hálfgerður Skaftfellingur,“ segir hún að lokum. gun@frettabladid.is



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svava Ólafsdóttir**
frá Hruna, Klausturhólum 2
Kirkjubæjarklaustri,

lést á Landspítalanum Fossvogi 2. september. Hún verður jarðsungin frá Prestbakkakirkju föstudaginn 7. september klukkan 14.00.

Andrés S. Einarsson og fjölskylda

*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir og afi,*

**Einar Möller**
vélstjóri
Heiðarholti 40, Keflavík

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þann 30. ágúst, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 6. september kl. 12.00.

Kristján Möller    Hólmfríður Karlsdóttir
Birgir Möller    Þórstína Sigurjónsdóttir
Ragnheiður Möller    Sigurður Sigurbjörnsson
barnabörn

# TIGER

**Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri**



**Röndótt albúm**
Flott albúm með plássi fyrir 500 myndir, hvorki meira né minna. 30x35 cm og kostar 800 krónur.



**Albúm með 152 myndum**
Myndaalbúmið er 22 x 22 cm og í því eru vasar fyrir 152 myndir. 400 krónur.




**Engin þörf á framköllunarþjónustu**
Þú getur prenta flottar myndir ef þú átt sæmilega góðan litaprentara með því að nota þennan 260 gramma ljós-myndapappír. 10 arkir fyrir 400 krónur.



**400 krónu skjalageymsla**
Það eru sex hólf í A4-skjalamöppunni, sem haldið er saman með teygju. 400 krónur.



**Skrifaðu þetta hjá þér ...**
... til að muna að þú getur fengið 21x21 cm stóra minnisbók í hörðu bandi, 50 blaðsíður af þykkum og vönduðum 150 gramma pappír, fyrir 400 krónur.




**Regla á glósunum**
Þú getur notað eina glósubók fyrir fimm mismunandi námsgreinar því að litaðir flipar skipta þessari í fimm hluta. Hún er í A4-stærð og kostar 400 krónur.









**Næsvtum allir geta teiknað**
Og allir sem geta eitthvað teiknað, þótt ekki sé nema örlítið, geta lært að teikna betur. Það er tilgangurinn með þessum bókum, sem eru fullar af góðum ráðum, leiðbeiningum og hugmyndum. Það er sama hvort þú málar á striga, teiknar í blokk eða krotar aftan á umslag frá skattinum, þú lærir mikið af þessum bókum. Þær kosta 400 krónur hver.

**TIGER**
**Villidýr í verði**





## STUÐ MILLI STRÍÐA Græddur er geymdur eyrir

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** ELUR MEÐ SÉR MILLJARÐADRAUM



Þegar flett er í gegnum dagblöðin má sjá sér til glöggvunar fréttir af milljarðaviðskiptum auðjöfranna. Hlutabréf og fyrirtæki skipta nánast um eigendur eins og ekkert sé og milljörðum er eytt eins og hverjum skitnum túkalli.

Hugtakið milljarðar er tiltölulega nýtilkomið inn í hversdagslegt málfar íslensku þjóðarinnar. Slíkar tölur voru varla nefndar nema þegar afkoma ríkissjóðs var tilkynnt eða þá þegar skýrt frá því hversu margar manneskjur byggðu þessa jörð. Einn og einn milljarðamæringur skaut upp kollinum á slúðursíðunum og var það þá yfirleitt Microsoft-njörðurinn Bill Gates. Og auðvitað soldáninn af Brunei sem flaug með Whitney Houston í afmælið sitt. Í dag þykir slíkt ekkert stórmál eins og dæmin sanna hér á Íslandi.

Á yngri árum bar maður jafnan mikla virðingu fyrir milljónamæringum. Þeir voru afar fáir og stundum var talað um þá með stjörnur í augum. Þeir höfðu flestir byggt upp veldi sitt af eigin rammleik, byrjað að framleiða karamellur í bílskúrnum eða flakað fisk í litlum skúr. Og þegar til að mynda blautir blaðburðardrengir mættu fyrsta hvers mánaðar borguðu þeir áskriftina með stórum seðlum. Drógu upp búnka af fimm þúsund köllum og völdu einn af handahófi sem þeir réttu síðan snáðanum. „Þú borgar mér síðan bara til baka einhvern tímann seinna,“ og hurðinni lokað varlega. Í hlaðinu var kannski einn nýr bíll, með einkanúmeri og blaðburðardrengurinn saup hveljur, starði á silfurfákinn með aðdáunaraugum og var handviss um að allir morgnarnir sem hann hefði nú rifið sig upp fyrir allar aldir myndu einhvern tímann borga sig.

Draumurinn um að vera milljónamæringur er hins vegar horfinn. Í dag er meira að segja hægt að fá slíka fjárhæð með yfirdráttarheimild í góðum banka. Í staðinn er hins vegar nýr draumur mættur til leiks; draumurinn um að verða milljarðamæringur.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Bjartur leitar að Brown

Bókaútgáfan Bjartur sem hefur komið sér fyrir í þremur löndum sendi í gær frá sér tilkynningu þess efnis að forlagið leitaði að nýjum Dan Brown hér á landi. „Bjartur er skyndilega orðinn næststærsta útgáfa landsins. Við vöknuðum upp við þá stöðu einn morguninn,“ segir Guðrún Vilmundardóttir hjá Bjarti. „Fimm ára áætlunin var mörgum árum of snemma.“

Snæbjörn Arngrímsson, eigandi Bjarts, hefur sem kunnugt er stofnað útibú í tveimur Norðurlandanna og selt bækur Dans Brown í bílhlössum í Danmörku þar sem hann fór með réttinn á verkum spennusagnaskáldsins bandaríska. Eins og alþjóð veit er Dan Brown haldinn ritteppu um þessar mundir. Milljónir manna um allan heim bíða í ofvæni eftir nýrri bók eftir þennan mikla spennusagnameistara. Bók hans Da Vinci lykillinn, sem er söluhæsta bók allra tíma, kom út árið 2003 og í fjögur ár hefur Dan Brown reynt að hnýta endahnútinn á næstu skáldsögu sína sem ber vinnuheitið Salómonslykillinn. Til að létta þessum milljónum manna biðina eftir nýrri bók hefur Bjartur ákveðið að hleypa af stokkunum verkefni sem ber yfirskriftina „Leitin að nýjum Dan Brown“.

Bjartur auglýsir eftir handriti að glæpasögu sem á möguleika á alþjóðlegum vinsældum; sögu sem getur farið sigurför um heiminn. Komi slíkt handrit upp í hendur forlagsins er veitt ein milljón króna í verðlaun, auk hefðbundinna höfundarlauna samkvæmt rammasamningi Félags íslenskra bókaútgefenda og Rithöfundasambands Íslands. Þetta er hæsta verðlaunafé sem veitt er fyrir íslenska bók en hún mun koma út hjá Bjarti á íslensku haustið 2008. Bjartsmenn telja heimsfrægð innan seilingar ef handritið fellur að smekk spennusagnalesenda um heim allan: Réttindastofa Bjarts annast sölumál á verðlaunahandritinu á erlendum vettvangi og verður lagt í umfangsmikla alþjóðlega kynningarherferð á handritinu með það að markmiði að gera það að alþjóðlegri metsölubók. Nú þegar hefur þýski útgáfurisinn Bastei Lübbe, sem einnig er forlag Dans Brown þar í landi, fest kaup á útgáfuréttinum að handritinu fyrir 10.000 evrur. Aldrei áður hefur verið samið fyrirfram um erlendan útgáfurétt á sigurhandriti í íslenskri bókmenntasamkeppni. Þýskaland er öflugasti markaður heims fyrir þýðingar – og þar sló Dan Brown fyrst í gegn utan heimalandsins.


**BÓKMENNTIR** Metsölumaðurinn Brown er að berjast við endinn á nýrri bók.


**BÓKMENNTIR** Leitin að íslenskum staðgengli Dans Brown er hafin og stýrir Guðrún Vilmundardóttir leitinni.

Skilafrestur í samkeppnina „Leitin að nýjum Dan Brown“ er til 1. júlí 2008 og mun dómnefnd tilkynna vinningshafann þann 1. október árið 2008, sama dag og verðlaunabókin kemur út.

Forlagið áskilur sér rétt til að hafna öllum handritum. Dómnefnd skipar ritstjórn Bjarts og starfsmenn réttindastofu útgáfunnar.

Handrit merkt dulnefni skulu berast Bjarti, Bræðraborgarstíg 9, 101 Reykjavík. Rétt nafn höfundar skal fylgja með í lokuðu umslagi.

Hvar bíður sá brúni?

**pbb@frettabladid.is**







# Árni upp á frönsku



**BÓKMENNTIR** Kápa frönsku útgáfunnar.

Bókaútgáfan Métailie í Frakklandi gefur í þessari viku út Tíma nornarinnar eftir Árna Þórarinsson. Kynningareintök voru send á franska fjölmiðla og bókabúðir í júlímánuði og ljóst er að mikill áhugi er á bókinni. Biðpantanir frá bókabúðum nema nú þegar fleiri eintökum en útgefandinn hafði prentað í fyrstu prentun og því hefur endurprentun verið pöntuð þótt formlegur útgáfudagur bókarinnar sé enn ekki runninn upp.

Nú þegar hafa birst þrír ritdómar í Frakklandi um bókina og eru allir mjög jákvæðir; í einum þeirra segir að „það sé með mikilli eftirsjá sem lesandinn kveðji söguhetjuna Einar sem að lestri loknum sé orðinn einn af hans bestu vinum“. Allir ritdómararnir fjalla lofsamlega um blaðamanninn Einar og rannsóknarblaðamennsku hans, sem þykir trúverðug og laus við allar klisjur. Í Le Monde, einu stærsta dagblaði Frakklands, er fjallað sérstaklega um samfélagsgagnrýni Árna Þórarinssonar. Eru þetta fyrstu dæmin um erlendar viðtökur bókarinnar en á næstu mánuðum mun Tími nornarinnar koma út í fleiri löndum, bæði í Skandinavíu og víðar um Evrópu. Tíðindin eru mun gleðilegri vegna þess að Frakkar búa við langa hefð af glæpasögum og þar hafa erlendir höfundar átt þröngan aðgang að markaði.

Tími nornarinnar kom út hjá JPV útgáfu árið 2005 og hlaut afbragðsviðtökur. Hún var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna en það var einungis í annað sinn sem glæpasaga hlaut tilnefningu til verðlaunanna. Í haust er væntanleg ný bók eftir Árna Þórarinsson um Einar blaðamann. Í ljósi tíðinda af væntanlegum samruna JPV og Máls og menningar sem tilkynnt var um skömmu fyrir helgi kann að vera að bókin komi út undir öðrum merkjum en JPV þegar menn hjá hinu nýja forlagi hafa skipað verkum haustsins á bása á ný.

**- pbb**


**BÓKMENNTIR** Árni Þórarinsson gengur vel í franska lesendur.



# Britney sögð trúlofuð

Aðdáendur poppprinsessunnar Britney Spears bíða nú með öndina í hálsinum eftir að breska blaðið The Sun birti myndir af stúlkunni með glæsilegan trúlofunarhring. Myndin náðist í Las Vegas þar sem poppdrottningin skemmti sér langt fram eftir nóttu með meintum elskhuga sínum, töframanninum Chris Angel. Sjónvarvottar sögðu að það hefði farið vel á með þeim og þau hefðu hagað sér eins og ástfangnir unglingar.

Britney hefur áður látið gamminn geisa í spilaborginni víðfrægu en hún giftist æskuvininum Jason Alexender þar.

Britney stendur nú frammi fyrir erfiðu skilnaðarmáli en fyrrverandi eiginmaður hennar og barnsfaðir, Kevin Federline, hefur heldur betur látið hana hafa það óþvegið í fjölmiðlum og sakað hana um að vera óhæfa móður. Söngkonan unga rakar inn seðlum þrátt fyrir að hafa lítið sem ekkert gert annað en að hanga á ölstofum Bandaríkjanna og krefst Federline þess að fá sinn hluta af kökunni.

Chris Angel hefur vakið mikla athygli fyrir galdra og nú bíður slúðurpressan bandaríska spennt eftir hvort honum hafi tekist að töfra sjálfa Britney Spears upp úr skónum.



**BRITNEY SPEARS** Skartaði glæsilegum hring á heimleið eftir langt skemmtanahald í Las Vegas. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Ljúft lúxuspopp Noruh Jones

Það kom á óvart þegar tónleikarnir á laugardagskvöldið hófust með framlagi upphitunarlistamannsins M. Ward að um leið og ljósin voru kveikt stóð Norah sjálf þarna á sviðinu í gallabuxum og köflóttri skyrtu og söng með honum fyrsta lagið, Blue Bayou. Það hefðu líklega verið komnir fleiri í salinn ef menn hefðu átt von á þessu. Norah söng líka með honum þrjú næstu lög, en fór svo út af sviðinu og eftirlét þessum ágæta söngvara og gítarplokkara frá Oregon að klára upphitunarartiðið sitt.

Tónleikarnir í Höllinni voru lokatónleikarnir í tónleikaferðinni sem Norah er búin að vera á með Handsome-bandinu meira og minna síðan nýja platan hennar Not Too Late kom út í ársbyrjun. Hún hóf dagskrána á hinu geysivinsæla Come Away With Me. Svo kom Wake Me Up og á eftir því Sun Doesn't Like You. Uppistaðan í tónleikunum voru lög af Not Too Late. Hún spilaði a.m.k. tíu þeirra, en lög af fyrri plötunum fengu að fljóta með.

Hljómsveitin The Handsome Band er fjögurra manna, skipuð þeim Lee Alexander bassaleikara, Andrew Borger trommuleikara, Adam Levy gítarleikara og Daru Oda sem syngur bakraddir og spilar á ýmis hljóðfæri þ.á.m. gítar, bassa og þverflautu. Norah sjálf fór svo á milli gítarsins, flygilsins og rafmagnspíanósins.

Tónlist Noruh Jones er einkar hljómfögur. Það hefur verið nostrað við útsetningarnar þannig að öll hljóðfærin fá að njóta sín, hvort sem það er kassa- eða rafmagnsgítar, rafpíanó, flygill, kontrabassi, banjó eða sílófónn. Þegar falleg söngrödd Noruh bætist svo við verður útkoman einhvers konar lúxus-popp með kántrí- og djassáhrifum. Allur hljóðfæraleikur var til fyrirmyndar á tónleikunum og hljómurinn var fínn. Það var hins vegar lítið brugðið frá útsetningunum á plötunum og ekki mikið um tilþrif eða innlifun í flutningnum þannig að dagskráin rann frekar átakalítið í gegn.

Stemningin var ágæt. Norah fékk mikið klapp þegar hún hrósaði „þessum frægu pulsum“ sem Íslendingar eru þekktir fyrir og líka þegar hún söng lagið My Dear Country, ein við flygilinn, en það lag lýsir þeirri djúpu sorg sem hún upplifði þegar úrslit síðustu forsetakosninga í Bandaríkjunum lágu fyrir.

Norah tók eitt óvænt tökulag, lagið Oceans Of Noise eftir indiekempurnar í Arcade Fire og undir lok tónleikanna kom M. Ward aftur upp á svið og tók með sveitinni tvö síðustu lögin. Eftir hraustlegt uppklapp komu svo þrjú lög til viðbótar, endapunkturinn var lagið The Long Way Home. Ágætlega viðeigandi til að loka löngu tónleikaferðalagi.

Á heildina litið voru þetta fínir tónleikar. Notalegasta sunnudagskvöldstund.

**Trausti Júlíusson**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**TÓNLEIKAR**

**Norah Jones**

Laugardalshöll 2. september

★★★

Norah Jones skilaði ljúfa lúxuspoppinu sínu hnökralaust á þægilegum og vel heppnuðum tónleikum í Höllinni á sunnudagskvöldið.





| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DISTURBIA | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 14 |
| DISTURBIA | kl. 5:30 - 8 - 10:20 VIP | |
| LICENSE TO WED | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| RATATOUILLE M/- ENSKU TAL | kl. 8:10 - 10:20 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 10 |
| KRINGLUNNI | | |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6:30 - 8:30 - 10:30 | L |
| LICENSE TO WED | kl. 6 - 8 - 10:10 DIGITAL | 7 |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |

| SELFOSSI S. 482 3007 | | |
|---|---|---|
| ASTRÓPÍÁ | kl. 8 - 10 | L |
| RUSH HOUR 3 | kl. 8 - 10 | 12 |
| AKUREYRI | | |
| LICENSE TO WED | kl. 8 | 7 |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 - 8 | L |
| KEFLAVÍK | | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| ASTRÓPÍA | kl. 8 - 10 | L |




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DISTURBIA | kl. 8 og 10.20 | 14 |
| BRETTIN UPP íslenskt tal | kl. 6 | L |
| THE BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.40, 8 og 10 | 14 |
| RUSH HOUR 3 | kl. 8 | 12 |
| RATATOUILLE íslenskt tal | kl. 5.30 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SURFS UP ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| BOURNE ULTIMATUM LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| RUSH HOUR 3 | kl. 6 - 8 -10.10 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

SÝNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS

| | |
|---|---|
| KL. 5.30 | Away From Her / Die Falscher |
| KL. 8 | Away From Her / Sicko / Cocaine Cowb. |
| KL. 10.30 | Sicko / Shortbus / The Bridge |
| EVENING | kl. 5.30 - 8 - 10.30 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 6 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| ASTRÓPÍA | kl. 6 - 8 - 10.10 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| RUSH HOUR 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BECOMING JANE | kl. 8 -10.30 | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| DISTURBIA | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| RUSH HOUR 3 | kl. 6 | 12 |

MIÐASALA Á midi.is



# PERLURUGL!

## ÚTIVISTAR, TÍSKU OG SKÓMARKAÐURINN

# Í PERLUNNI

## ER Í FULLUM GANGI

- OPIÐ FRÁ 12:00 - 18:00 ALLA DAGA TIL 9. SEPTEMBER -

### Skór

| | |
|---|---|
| Herraskór frá...................... | 2000 kr. |
| Dömuskór frá...................... | 1000 kr. |
| Barnaskór frá...................... | 500 kr. |
| Ecco dömuskór frá. 5000 áður 11995 kr. | |
| Dömustígvél frá..... 3000 áður 14995 kr. | |

### Blend

| | |
|---|---|
| Jakkar frá......................... | 3000 kr. |
| Peysur frá......................... | 1500 kr. |
| Skyrtur frá........................ | 1500 kr. |
| Bolir frá........................... | 1000 kr. |
| Buxur frá.......................... | 2000 kr. |
| Kjólar frá.......................... | 1500 kr. |
| Pils frá............................. | 1500 kr. |

## GRÆJAÐU ÞIG UPP FYRIR VETURINN

### 66°Norður

| | |
|---|---|
| Jakkar................ | 4.500 – 7.500 kr. |
| Fleece................ | 3.000 – 4.500 kr. |
| Dúnúlpur............ | 9.000 kr. |
| Fylgihlutir........... | 500 – 1.000 kr. |
| Krakka buxur...... | 1.500 – 3.000 kr. |
| Krakka úlpur....... | 3.000 kr. |



BLEND She · Kaupfélagið · 66° NORÐUR · ecco · BLEND · STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

## > Heyrst hefur ...

... að Jónas Kristinsson, formaður KR Sports, og Heimir Guðjónsson, aðstoðarþjálfari meistaraflokks FH, hafi átt í viðræðum undanfarið um að Heimir taki að sér yfirþjálfun hjá KR og stjórn akademíunnar þar sem hlúð er að ungum og efnilegum leikmönnum hjá félaginu. Heimir hefur lengi verið orðaður við þjálfarastöðuna hjá meistaraflokknum en nú vilja KR-ingar að Heimir fylli það skarð sem Teitur Þórðarson skildi eftir sig hjá akademíunni þegar honum var sagt upp störfum fyrr í sumar.



# sport

sport@frettabladid.is

**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON EIGANDI WEST HAM:** Í SÍNU FYRSTA STÓRA VIÐTALI Í ENGLANDI

# *Vill sjá West Ham spila í Meistaradeildinni*



Björgólfur Guðmundsson gaf enska blaðinu The Observer sitt fyrsta stóra viðtal í Englandi. Björgólfur tjáir sig um margt í viðtalinu. Hann lýsir þar sínum viðskiptaferli, hvernig hann varð ríkur í Rússlandi og segir líka söguna á bak við það að hann keypti West Ham. Björgólfur segir einnig að hann líti á sjálfan sig sem Englending að hálfu og setji sig því ekki í sama flokk og alla Bandaríkjamennina sem hafa verið að kaupa ensk félög á undanförnum misserum.

En af hverju keypti Björgólfur West Ham?

„Enska úrvalsdeildin er Mekka fótboltans og ég bjóst aldrei við að fá tækifæri til að koma að henni og lít á það sem forréttindi að fá tækifæri til þess. Ég er á þeim stað í lífinu þar sem ég er svo heppinn að geta gert það sem ég vil og ég fæ meira út úr þessu en bara peninga," segir Björgólfur við blaðamanninn Jamie Jackson sem tók viðtalið fyrir The Observer.

Björgólfur tjáir sig einnig um þátt Eggerts. „Eggert er andlit okkar en ég er í bakgrunninum af því að ég er upptekin í mínu starfi. Við ræðum hlutina mikið í síma. Eggert er eins og Coca-Cola merkið," segir Björgólfur, sem lýsir einnig hvernig það kom til að hann keypti West Ham. „Við Eggert erum í þessu saman og við höfum mjög líkar skoðanir á hlutunum. Við hittumst í fyrra og vorum að ræða saman og þá sagði Eggert mér að hann væri kannski að hætta hjá UEFA og væri því að velta fyrir sér hvað hann ætti að gera næst. Þegar West Ham kom upp á borðið þá fannst mér það passa vel fyrir hann. Þegar mér bauðst að kaupa félagið þá varð mér hugsað til samtals okkar Eggerts og hringdi í hann," segir Björgólfur.

Björgólfur talar um framtíðardrauma sína með West Ham. „Ég trúi því að West Ham geti orðið eitt af toppliðunum í Englandi. Við viljum komst í Meistaradeildina og trúum því að liðið getur orðið enskur meistari í framtíðinni. Það gerist ekki strax og mun taka nokkur ár en við erum á leiðinni þangað og höfum allt til alls til að komast á toppinn," segir Björgólfur. Blaðamaðurinn endar greinina á þeim skemmtilegu orðum að þetta sé kannski ekki versti tíminn til að styðja West Ham.

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *VISA-bikar karla*

Fylkir-Fjölnir 1-2

1-0 Albert Brynjar Ingason (42.), 1-1 Gunnar Már Guðmundsson, víti (56.), 1-2 Atli Viðar Björnsson (113.)

### *Landsbankadeild kvenna:*

KR-Stjarnan 4-0

1-0 Hrefna Huld Jóhannesdóttir (5.), 2-0 Fjóla Dröfn Friðriksdóttir (29.), 3-0 Hólmfríður Magnúsdóttir (53.), 4-0 Olga Færseth (64.).

Breiðablik-Keflavík 4-1

Greta Mjöll Samúelsdóttir 2, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, Jill Mansfield - Lilja Íris Gunnarsdóttir.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **13** | **12** | **1** | **0** | **59-13** | **37** |
| Valur | 12 | 11 | 1 | 0 | 60-5 | 34 |
| **Breiðablik** | **14** | **8** | **1** | **5** | **29-31** | **25** |
| Keflavík | 13 | 7 | 0 | 6 | 29-30 | 21 |
| **Stjarnan** | **14** | **5** | **3** | **6** | **22-28** | **18** |
| Fjölnir | 13 | 3 | 3 | 7 | 12-18 | 12 |
| **Þór/KA** | **13** | **2** | **1** | **10** | **10-40** | **7** |
| ÍR | 12 | 2 | 1 | 9 | 14-48 | 7 |
| **Fylkir** | **12** | **1** | **3** | **8** | **12-34** | **6** |

### *Meistaradeild Evrópu:*

AEK-Sevilla 1-4

0-1 Luis Fabioano, víti (30.), 2 Seudou Keita (41.), 3-0 Luis Fabionno (45.), 0-4 Alexander Kerzhakov (53.), 1-4 Rivaldo, víti (82.).

### *Norska úrvalsdeildin:*

Stabæk-Fredrikstad 0-2

**Veigar Páll Gunnarsson** spilaði allan leikinn fyrir Stabæk en **Garðar Jóhannesson** fyrstu 69 mínúturnar fyrir Fredrikstad.

### *Sænska úrvalsdeildin:*

Örebro-GAIS 2-1

**Eyjólfur Héðinsson** var í byrjunarliði GAIS.

Helsingborg-Djurgården 1-4

**Ólafur Ingi Skúlason** var í byrjunarliði Helsingborg en Sölvi Ottesen var á bekknum hjá Dj.

Hammarby-AIK 1-2

**Gunnar Örn Gunnarsson** kom inn á sem varamaður á 69. mínútu í liði Hammarby.

# Atli Viðar tryggði sigurinn

**Það verða FH og Fjölnir sem spila til úrslita um VISA-bikar karla. Það var ljóst eftir 2-1 sigur 1. deildarliðs Fjölnis á Fylki í framlengdum undanúrslitaleik í gær.**

**FÓTBOLTI** Fjölnismenn eru komnir í úrslitaleik VISA-bikars karla eftir 2-1 sigur á Fylki í framlengdum undanúrslitaleik á Laugardalsvellinum í gærkvöldi. Þetta er í fyrsta sinn sem Fjölnir kemst í bikarúrslitaleikinn og aðeins í þriðja sinn frá upphafi sem lið utan efstu deildar spilar bikarúrslitaleik á Laugardalsvellinum. Síðast gerðist það þegar KA komst alla leið árið 2001 en Grindvíkingar fóru líka alla leið sjö árum áður.

Það var Atli Viðar Björnsson sem skoraði sigurmark Fjölnis á 112. mínútu leiksins eftir að hafa fengið langa sendingu inn fyrir Fylkisvörnina. Atli Viðar stakk David Hannah af og skoraði af mikilli yfirvegun. Þetta var kannski súrsætt sigurmark því Atli Viðar má ekki taka þátt í úrslitaleiknum þar sem að hann er í láni frá FH, mótherjum Fjölnismanna 6. október næstkomandi.

Það var ljóst frá byrjun leiks að vindurinn myndi spila stórt hlutverk þar sem það gekk rok og vatnsveður eftir endilöngum vellinum. Fjölnismenn léku með vindi fyrir hlé og hvort sem Fylkismenn vanmátu mótvindinn eða misstu hvað eftir annað einbeitingu í sendingunum þá töpuðu þeir mörgum boltum á miðjunni sem gaf Fjölni kifæri á að sækja hratt á þá. Framan af leik var það því 1. deildarliðið sem sá um að skapa mestu hættuna.

Hinir eldfljótu framherjar Fjölnis voru duglegir að keyra á varnarmenn Fylkis sem lentu í miklum vandræðum en gátu þakkað fyrir að lítið kom úr sóknaraðgerðum Fjölnismanna þegar þeir voru komnir upp að markinu.

Fylkismenn biðu átekta og víst að Fjölni tókst ekki að nýta kæruleysislegar sendingar úr öftustu varnarlínu; má segja að þolinmæðin hafi borið árangur.



**PETER GRAVESEN** Skýtur boltanum en Davíð Rúnarsson fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Peter Gravesen átti snilldarsendingu inn fyrir vörnina á markamínútu fyrri hálfleiks og Albert Ingason stakk varnarmenn Grafarvogsliðsins og skoraði í gegnum klof markvarðarins Þórðar Ingasonar sem mætti honum á nærstöng.

Fjölnisliðið var þó ekkert á því að brotna þrátt fyrir að hafa fengið þetta mark á sig rétt fyrir hálfleik. Liðið kom af miklum krafti inn í seinni hálfleikinn og það leið ekki á löngu áður en leikurinn var aftur orðinn jafn. Fjölnismenn höfðu ekki nýtt hornspyrnur sínar framan af leik en í kjölfar þeirrar ellefu varði Víðir Leifsson skot Atla Viðars Björnssonar með hendi og Jóhannes Valgeirsson dæmdi vítaspyrnu sem Gunnar Guðmundsson skoraði úr af miklu öryggi.

Það skall oft hurð nærri hælum það sem eftir lifði leiks og bæði lið fengu tækifæri til að komast yfir. Albert Ingason átti skot í slána ellefu mínútum fyrir leikslok skömmu eftir að Fjalar Þorgeirsson hafði varið skalla Fjölnismannsins Ómars Hákonarsonar af örstuttu færi. Færin voru fleiri en hvorugu liðinu tókst að bæta við og því varð að framlengja.

Það var vel hægt að sjá það í þessum leik af hverju Fjölnir er búinn að skora 51 mark í 18 leikjum í 1. deildinni í sumar. Liðið var þarna að skapa einu besta varnarliði Landsbankadeildarinnar mikil vandræði og sýndi að það er engin tilviljun að menn eru að upplifa ævintýrasumar í Grafarvogi þar sem félagið er komið í bikarúrslitaleikinn og með annan fótinn upp í Landsbankadeildina. ooj@frettabladid.is



**LÍKIR** Gunnar Heiðar Þorvaldsson (til vinstri) og Morten Gamst Pedersen. NORDICPHOTOS/GETTY

Gunnar Heiðar Þorvaldsson:

## Þykir afar líkur Morten Gamst

**FÓTBOLTI Norskir fjölmiðlar hafa fjallað um frumraun Gunnars Heiðars Þorvaldssonar í norska boltanum um helgina. Dagblaðið nefnir hversu mikið hann líkist Morten Gamst Pedersen sem spilar nú með Blackburn.**

**Gunnar Heiðar spilaði fyrstu 63 mínúturnar í 3-2 sigri Vålerenga á Start. „Ég er sáttur við Gunnar Heiðar. Hann byrjaði mjög vel en síðan dró aðeins af honum," sagði Harald Aabrekk, þjálfari Vålerenga, eftir leikinn en Gunnar Heiðar og Christian Grindheim þóttu ná vel saman í byrjun leiksins.** - óój

Íslandsmet í sleggjukasti:

## Bergur fór yfir 70 metrana

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Bergur Ingi Pétursson úr FH bætti í gær Íslandsmetið í sleggjukasti í fimmta sinn á árinu og braut jafnframt 70 metra múrinn þegar hann kastaði 70,30 metra á 19. Coca Cola móti FH í Kaplakrika.

Bergur hefur nú bætt Íslandsmetið um 4,02 metra á þessu ári en í mars bætti hann met Guðmundar Karlssonar sem var 66,28 m frá árinu 1994. - óój



**35 STIG** Dirk Nowitzki var góður í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

EM landsliða í körfubolta:

## NBA-stjörnur atkvæðamiklar

**KÖRFUBOLTI** NBA-stjörnurnar voru í aðalhlutverki á fyrsta degi Evrópukeppni landsliða sem hófst á Spáni í gær.

Dirk Nowitzki var með 35 stig í 83-78 sigri Þjóðverja á Tékkum, Tony Parker var með 16 stig og 4 stoðsendingar í 74-66 sigri Frakka á Pólverjum og Andrei Kirilenko var með 24 stig og 12 fráköst í 73-65 sigri Rússa á Serbíu. Þá unnu Spánverjar auðveldan 82-56 sigur á Portúgal þar sem Pau Gasol var stigahæstur með 19 stig.

Sarunas Jasikevicius, leikmaður Golden State, var með 18 stig í 86-69 sigri Litháena á Tyrkjum. - óój

Mál Sigfúsar Páls Sigfússonar handknattleiksmanns eru enn í miklum hnút:

# Matsmaður kvaddur fyrir héraðsdóm

**HANDBOLTI** Handknattleiksdeild Vals hefur stefnt handknattleiksdeild Fram fyrir dómstóli HSÍ vegna máls Sigfúsar Páls Sigfússonar. Mál hans eru í miklum hnút en hann er samningsbundinn Fram en vill losna frá félaginu.

Í samningi hans segir að honum sé heimilt að ræða við önnur félög á ákveðnu tímabili sem Sigfús og gerði. Hann ræddi við Val sem gerði tvö tilboð í samning hans hjá Fram.

Það fyrra var upp á 600 þúsund krónur og hið síðara 1,5 milljónir.

Í fréttatilkynningu sem Valur sendi frá sér í síðasta mánuði vísar félagið í tvær greinar í samningi Sigfúsar. Annars vegar að hámarksfjárhæð í samningum um félagaskipti við „smálið" erlendis er 5.000 evrur, um 450 þúsund krónur. Enn fremur að „gæta skal sanngirni í samningum um félagaskipti við innlend lið og stórlið erlendis".



**SIGFÚS PÁLL** Hefur spilað með Fram en vill losna frá félaginu og skipta yfir í Val. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Augljóst er að Valur telur að 1,5 milljónir króna sé sanngjarnt tilboð, ef mið er tekið af því að erlend „smálið" þurfi ekki að borga nema 450 þúsund krónur fyrir hann.

Dómstóll HSÍ treystir sér ekki til að ákveða hvað sé sanngjarnt verð og því mun á fimmtudaginn næstkomandi hlutlaus matsmaður verða kvaddur fyrir héraðsdóm Reykjavíkur sem mun skila sinni greinargerð fyrir dómstóli HSÍ.

Jón Eggert Hallsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, vildi lítið tjá sig um málið en ítrekaði að hann teldi félagið í fullum rétti hvað þetta varðaði.

Dagur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vals, vildi ekkert tjá sig en vísaði í áðurnefnda fréttatilkynningu.

Þar kemur einnig fram að Fram hafi „hafnað tillögu Vals um skipan sérstaks gerðardóms til að ákvarða sanngjarna greiðslu vegna félagaskiptanna".

Afar sjaldgæft er að samningsmál íþróttamanna við félagslið fari fyrir almenna dómstóla hér á landi. Þetta er enn fremur enn einn kaflinn í sögu þessara félaga þar sem deilt er um leikmenn og samningsstöðu þeirra. Sem dæmi má nefna mál Helga Sigurðssonar og Bo Henriksen knattspyrnumanna. - esá

# MEGAS
# & SENUÞJÓFARNIR



## LAUGARDALSHÖLL
### LAUGARDAGINN 13. OKTÓBER

**MasterCard forsala hefst í dag kl. 10:00**

**Almenn sala hefst á morgun kl. 10:00**



FRÁGANGUR FÁANLEGUR Í VERSLUNUM

*20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

**FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR**

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði

CONCERT

> **George Clooney**

„Bjóða mig fram til forseta? Nei. Ég hef sofið hjá of mörgum konum, tekið of mikið af eiturlyfjum og farið í einum of mörg partí,“ sagði George um þá tillögu að hann byði sig fram til forsetakosninga. Hann leikur í myndinni Ocean´s Twelve á Stöð 2 Bíó kl. 16.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR VAKNAR MEÐ SIMMA OG JÓA

# *Of mikið af íþróttum*

Með aldrinum er ég farin að hlusta meira og meira á útvarpsstöðina Bylgjuna á kostnað annarra stöðva. Fyrir nokkrum árum stillti ég aldrei á þessa stöð og fannst þeir sem hlustuðu gamaldags og hallærislegir á meðan ég dillaði mér við rokkið á X-inu, poppið á FM eða sambland af hvoru á Rás 2. Nú er ég víst komin í þann hóp sem gleypir sáttur við síbylgjunni á milli malsins frá þáttastjórnendum. Á stundum finnst mér þó sjálfumgleði útvarpsmannanna og -kvenn-anna verða of mikil og gef þá hinum stöðvunum séns. Þrátt fyrir aukinn þroska er ég samt ekki farin að vakna með Valdísi og hef miklu meira gaman af ruglinu í Simma og Jóa á laugardagsmorgnum en öðrum þáttum. Ég held að þessi þróun hafi orðið vegna fréttatíma Bylgjunnar sem ég hef í mörg ár valið fram yfir fréttatíma Ríkisútvarpsins. Einfaldlega þar sem ég fíla stuðið og lætin fram yfir hátíðlegheitin.



Íþróttir fá allt of mikla umfjöllun í útvarpi að mínu mati. Sjálf væri ég mun meira til í að hlusta á samantekt úr sápuóperum dagsins en úrslit í öllum knattspyrnudeildum Evrópu. Íþróttir þykja alltaf fréttnæmar og sér í lagi fótbolti en fólk sýpur hveljur þegar nýjasti skandall Hollywood-leikkonunnar Lindseyjar Lohan ratar inn í fréttatímann og spyr hvert heimurinn og fréttamatið stefni eiginlega. Sjálfri finnst mér fangelsisvist glamúrgellunnar Parísar Hilton mun áhugaverðari en það hvort einhver Bernie Ecclestone ætli að kaupa enska knattspyrnufélagið Queens Park Rangers eða ekki.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10** **Mæðgurnar** SJÓNVARPIÐ



▶ **23.00** **NCIS** STÖÐ 2



▶ **16.00** **Ocean´s Twelve** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.15** **E-Ring** SIRKUS



▶ **22.00** **Heartland** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Út og suður** (14:16)
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geirharður bojng bojng** (12:26)
**18.22 Sögurnar hennar Sölku** (10:13)
**18.30 Váboði** (12:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Mæðgurnar** (7:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.
**20.55 Danmerkurleiðangurinn** (3:5) Dönsk heimildaþáttaröð um leiðangur til Norðaustur-Grænlands árið 1906.
**21.25 Hönnunarkeppnin 2007** Hönnunarkeppnin er haldin ár hvert af véla- og iðnaðarverkfræðinemum við Háskóla Íslands. Í ár þurfti tæki keppenda að fara eftir braut með tveimur hæðum og safna saman tennisboltum sem síðan átti að skila í kassa. Umsjón: Sigurður H. Richter.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Dauðir rísa** (6:12) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Þættirnir hafa unnið til Emmy-verðlauna sem besta leikna sjónvarpsefnið. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Soprano-fjölskyldan** (6:12) e.
**00.15 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Carried Away**
**08.00 A Cinderella Story**
**10.00 Ocean´s Twelve**
**12.05 Taxi**
**14.00 A Cinderella Story**
▶**16.00 Ocean´s Twelve**
**18.05 Taxi**
**20.00 Carried Away** Dennis Hopper leikur menntaskólakennara sem býr á býli ásamt dauðvona móður sinni.
**22.00 Blind Horizon**
**00.00 Mr. and Mrs. Smith**
**02.00 Dirty Deeds**
**04.00 Blind Horizon**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Kalli á þakinu**
**07.50 Litlu Tommi og Jenni**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (12:120)
**10.15 Homefront**
**11.00 Whose Line Is it Anyway?**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront** (10:18)
**13.55 Studio 60** (12:22)
**14.40 Las Vegas** (4:17)
**15.25 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.50 Tvíburasysturnar** (13:22)
**16.13 Shin Chan**
**16.38 Ofurhundurinn**
**17.03 Skjaldbökurnar**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
**19.40 Simpsons** (19:21)
**20.05 Extreme Makeover. Home Edition** (13:32) Nutsch-fjölskyldan er heimilislaus eftir að hús þeirra sprakk í loft upp. Ty og félagar eru þó fljótir að bjarga því. 2006.
**20.50 The Mystery of Natalie Wood** Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins sem er átakanleg saga leikkonunnar Natalie Wood.
**22.15 Justice** (3:13) Spennandi lögfræðiþættir, framleiddir af Jerry Bruckheimer (CSI).
▶**23.00 NCIS NÝTT** (2:24) Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. 2006.
**23.45 Big Love NÝTT** (1:12) Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonurnar hans þrjár.
**00.40 Ghost Whisperer** (28:44)
**01.25 Hustle** (6:6)
**02.15 Bet Your Life**
**03.45 Medium** (1:22)
**04.30 The Closer** (1:13)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 PGA Tour 2007** Sýnt frá lokahring Deutsche Bank mótsins sem fram fór í gær.
**16.30 David Beckham - Soccer USA** (6.13) Glænýir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum.
**17.00 PGA Tour 2007** Lokahringurinn á Deutsche Bank-mótaröðinni sem fram fór í gær.
**20.00 Spænsku mörkin 2007-2008**
**20.45 Hefnd nördanna** Útsending frá leik íslensku nördanna og sænsku nördanna en leikurinn var sýningarleikur á Landsmóti UMFÍ í Kópavogi. Íslendingarnir voru staðráðnir í að hefna fyrir ófarir íslenska A-landsliðsins gegn Svíum.
**21.40 PGA Tour 2007 - Highlights** (Deutsche Bank Championship) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum.
**22.35 Heimsmótaröðin í Póker 2006** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heims að borðum og keppa um háar fjárhæðir.
**23.25 UEFA Super Cup 2007** (AC Milan - Sevilla)

## SÝN 2

**07.00 Coca-Cola Championship**
**16.20 Premier League 2007/2008** (Blackburn - Man. City) Endursýning á leik Blackburn og Manchester City sem fram fór um helgina.
**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**18.30 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.00 Premier League 2007/2008** (Arsenal - Portsmouth) Bein útsending frá leik Arsenal og Portsmouth á Emirates-vellinum.
**20.40 Premier League 2007/2008** (Aston Villa - Chelsea) Leikur Aston Villa og Chelsea frá því um síðustu helgi endursýndur.
**22.20 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Andy Barker, P.I.** (e)
**17.45 Giada´s Everyday Italian** (e)
**18.15 Dr. Phil** Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpssálfræðingurinn frá Texas heldur áfram að hjálpa fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segja frábærar sögur og gefa góð ráð. Frábærir þættir sem létta manni lífið!
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 According to Jim** (e)
**20.00 Thick & Thin - Tvöfaldur** Bandarísk gamansería um unga konu sem er að hefja nýtt líf eftir að vera búin að losa sig við aukakílóin og eiginmanninn. Mary fer að óskum foreldra sinna sem vilja að hún kynnist syni vinahjóna sem einnig hefur verið í megrun. Þau spjalla á Netinu en þegar þau hittast loks þá kemur í ljós að hann er ekki alveg jafngrannur og hún hélt.
**21.00 Superstorm - NÝTT** Mögnuð mínísería í þremur hlutum frá BBC. Sagan gerist í náinni framtíð og segir frá hópi vísindamanna sem fengnir eru til að gera hið ómögulega – að stjórna veðrinu.
▶**22.00 Heartland - NÝTT** Glæný, bandarísk þáttaröð um lækni sem er tilbúinn að fórna öllu til að gefa sjúklingum sínum nýtt tækifæri í lífinu. Dr. Nathaniel Grant hefur ástríðuna og hugrekkið til að framkvæma erfiðustu aðgerðir í heimi.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna
**23.15 Raines** (e)
**00.05 Sex, Love and Secrets** (e)
**00.55 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




Himinn og haf / SÍA

# Okkur vantar hlaupara!

Pósthúsið leitar að kraftmiklu fólki til starfa sem hlauparar. Í boði eru góð laun fyrir duglegt fólk, hressandi útivera og sveigjanlegur vinnutími.

Hlauparar eru þeir aðilar sem taka að sér íhlaupavinnu hjá Pósthúsinu og vinna við dreifingu Fréttablaðsins ásamt fylgiritum. Vinnan fer fram í breytilegum hverfum á höfuðborgasvæðinu milli kl. 2 og 9.

Hlauparar þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa bíl til umráða.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330.
Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is.

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar.
Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

pósthúsið – ódýrari valkostur

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### Mystery of Natalie Wood



Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins sem er átakanleg saga leikkonunnar Natalie Wood. Wood var barnastjarna sem náði að hasla sér völl sem leikkona í Hollywood en ástamál hennar voru líka oft á allra vörum. Saga hennar er bæði átakanleg og spennandi enda lifði hún lífi eins og marga dreymir um, en það var þó oft þyrnum stráð.

### ▶ SUPERSTORM

### Skjáreinn kl. 21.00

Mögnuð mínísería í þremur hlutum frá BBC. Sagan gerist í nánni framtíð og segir frá hópi vísindamanna sem fengnir eru til að gera hið ómögulega – að stjórna veðrinu. Eftir að fellibylurinn Katrina lagði New Orleans í rúst var hópurinn fenginn til að fyrirbyggja að slíkt gerðist aftur. En þegar þau reyna að hindra að fellibylur skelli á Miami fer allt úr böndunum og stærri stormur en nokkru sinni fyrr, og er af þeirra völdum, stefnir nú á land.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Stofa sex
**14.30** Í grænni lautu
**15.03** Miðdegistónar eftir Edvard Grieg
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna: Litla húsið í Stóru-skógum
**20.10** Hið fagra mun sigra að lokum
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sagan af Tristan og Ísól
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Djassgallery: Keith Jarrett 1982 -
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.30 Fréttir**

**19.00 Hollyoaks** (6:260) Hágæða breskir unglingaþættir sem segja frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.

**19.30 Hollyoaks** (7:260)

**20.00 The George Lopez Show** (6:22) George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingsdóttur sinni og óþægum syni. 2005.

**20.25 Rock School 1** (e)

**20.50 Rock School 1** (e)

▶ **21.15 E-Ring** (5:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.

**22.00 Men In Trees** (12:17) Bráðkemmtileg ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Heche leikur sambandssérfræðing sem kemst að því að unnustinn hefur haldið framhjá henni. Hún ákveður að setjast að í smábæ í Alaska þar sem karlmennirnir eru tíu sinnum fleiri en konurnar. Ástarsamböndin í Elmo eru aldrei auðveld en nú hefur Annie ákveðið að Partick sé of óþroskaður í samband.

**22.45 Pirate Master LOKAÞÁTTUR** (14:14) Nú kemur í ljós hver mun standa uppi sem sjóræningjameistarinn eftir margra vikna erfiða keppni. 2007. Leyfð öllum aldurshópum.

**00.05 Filthy Rich Cattle Drive** (7:8) (e)

**00.50 Ren & Stimpy**

**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Down to Earth **13.00** Miss Marple **14.00** Garden Rivals **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Little Angels **17.30** Little Angels **18.00** Silent Witness **19.00** Supernova **19.30** The Mighty Boosh **20.00** Swiss Toni **20.30** I'm Alan Partridge **21.00** Silent Witness **22.00** Dad's Army **22.30** Supernova **23.00** The Mighty Boosh **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Silent Witness **2.00** Down to Earth **3.00** Cash in the Attic **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Little Robots **5.10** Binka **5.15** Tweenies **5.35** Balamory

## DR 1

**11.55** Genbrugsguld **12.20** DR Jobbussen **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** SPAM **14.30** Pink Panther Animation **14.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **15.00** Store Nørd **15.30** Min farfars rekordbog **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Sporløs **18.30** Det store år **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig - hånden på vuggen **21.10** Kodenavn Hunter **22.10** Dinas Dates **22.40** Hjerteflimmer **4.30** Mira og Marie **4.35** Karlsson på taget

## NRK 1

**12.05** Skjergardsdokteren **13.00** Hemmelig agent på moped **13.30** Ghost Trackers **14.00** Gatefotball **14.30** Duck Dodgers **14.50** Mini-kryp **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Ganefryd **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Det lille sp¢kelset Laban **16.10** Dyrlege Due **16.20** Angelina Ballerina **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen: Magasin **18.15** Kos og kaos **18.45** Valg 07 Distrikt og Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Valg 07 - Folkem¢te **20.45** Extra-trekning **21.00** Kveldsnytt **21.15** Heroes **22.05** Heroes **22.45** Filmplaneten **23.15** Kulturnytt **4.25** Frokost-tv

## SVT 1

**11.55** De satte livet på spel **12.35** Soldat Bom **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Real Science **15.25** Flag Stories - in English **15.30** Krokomax **16.00** Harry och hans hink med dinosaurier **16.10** Berättelser från hönsgården **16.20** Lauras stjärna **16.30** Barndomshistorier **17.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **17.05** Grand Prix **17.30** Rapport **18.00** Älskade cigarett **18.50** Astronauter **19.00** Indien och oavhängigheten **20.20** Den isländska musiken **21.45** Rapport **21.55** Kulturnyheterna **22.05** Barnens egna stigar **23.05** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

# Njóttu dagsins - taktu flugið




ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 37733 05/07

Aðeins nokkur skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

**Njóttu dagins, taktu flugið og smelltu þér á flugfelag.is**

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég fer reyndar voða lítið út að borða, en þegar ég geri það er Sjávarkjallarinn efstur á listanum.“*

Guðbjörg Gissurardóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarvettvangs.

# Óttar svikinn um stórmyndina

„Þetta er alveg skelfilega svekkjandi,“ segir Óttar Guðnason kvikmyndatökumaður en gerð kvikmyndarinnar Stopping Power hefur verið slegið á frest um óákveðinn tíma. Frá þessu er greint í kvikmyndatímaritinu Variety. Óttar er kominn heim frá Berlín en þar átti hann að vera fram til jóla og hann segir að það hafi verið erfitt að ganga niður landganginn í flughöfn Leifs Eiríkssonar.

„Þetta er alveg svakalega skrítið því einn af fjárhagslegu bakhjörlum myndarinnar hætti skyndilega og dró fjármagn sitt til baka,“ útskýrir Óttar en viðurkennir um leið að þetta sé vafalítið mun flóknara en svo. „Mikil vinna hafði farið í undirbúninginn, ég er búinn að vera þarna í átta vikur og eflaust eiga einhverjir eftir að höfða skaðabótamál á hendur Internationalmedia sem framleiðir myndina,“ segir Óttar sem sjálfur beið hins vegar engan fjárhagslegan skaða enda var greitt út vikulega. „Ég var þarna líka minna út af peningunum og meira út af þeirri dýrmætu reynslu sem ég fékk og bý að þrátt fyrir allt.“

Stopping Power var heldur engin „smámynd“. Jan De Bont er einn af þeim stóru í Hollywood og á að baki smelli á borð við Speed og Twister auk þess sem hann er virtur tökumaður sjálfur. Stórstjarnan John Cusack hafði verið ráðin í aðalhlutverkið og var undirbúningur á lokastigi þegar áfallið reið yfir. „Búið var að kaupa 160 bíla og mála tvær flugvélar. Annars skilst mér að það sé mjög óvenjulegt að blása af mynd þegar undirbúningurinn er kominn á þetta stig,“ segir Óttar sem bjóst við að hella sér aftur út í gerð auglýsinga þegar heim væri komið.

**- fgg**



**VONSVIKINN** Óttar Guðnason er kominn aftur heim eftir að stórmyndinni Stopping Power var slegið á frest.



**LÁRÉTT 2.** glata **6.** í röð **8.** dýrahljóð **9.** fugl **11.** ekki **12.** kvenvargur **14.** kjöt **16.** skammstöfun **17.** mánuður **18.** fæða **20.** átt **21.** útungun eggja.

**LÓÐRÉTT 1.** elds **3.** tvíhljóði **4.** fjölmiðlar **5.** örn **7.** pergament **10.** mas **13.** er **15.** ávöxtur **16.** ris **19.** samtök.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tapa, **6.** áb, **8.** urr, **9.** lóm, **11.** ei, **12.** skass, **14.** flesk, **16.** þe, **17.** maí, **18.** ala, **20.** nv, **21.** klak.

**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** au, **4.** pressan, **5.** ari, **7.** bókfell, **10.** mal, **13.** sem, **15.** kíví, **16.** þak, **19.** aa.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Gullna hliðið.
2. Englandi og Wales.
3. Grikklandi.

SIGURÐUR HJARTARSON: HREÐJAR OG DJÁSN VEKJA ATHYGLI

# Gott ris á Reðasafninu

„Ég hef reyndar ekki séð þetta,“ segir Sigurður Hjartarson, safnstjóri Hins íslenzka Reðasafns. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eyddi gamanleikarinn Will Forte drjúgum tíma í að ræða heimsókn sína á Reðasafn Sigurðar á Húsavík hjá spjallþáttastjórnandanum Conan O‘Brian.

Reðasafnið hefur vakið verðskuldaða athygli að undanförnu og nýlega birti spænska dagblaðið El Periódico stóra grein eftir Xavier Moret um safnið. Greinin var skrifuð á bæði kastilísku og katalónsku þannig að allir gætu lesið hana. Að sögn Sigurðar hefur síminn varla stoppað eftir að sú grein kom út og hafa blaðamenn frá Chile og Spáni viljað forvitnast um þetta sérstæða safn. Þar að auki var safnstjórinn í löngu viðtali við kanadíska útvarpsstöð sem vakti mikla athygli meðal Íslendinganna þar. „Markús Örn Antonsson, sendiherrann okkar í Kanada, sendi mér meðal annars póst og þakkaði mér fyrir að Íslendingar væru ennþá með húmor. Við áttum afar góð og gagnleg bréfaskipti,“ segir Sigurður. Það sem hefur fangað athygli erlendra miðla hvað mest er yfirlýst gjöf Páls Arasonar enda hefur hann ánafnað stolti sínu og djásni til safnsins.



**HAFÐI GAMAN AF REÐUNUM** Will Forte eyddi drjúgum tíma hjá Conan O‘Brian í að ræða um kosti Reðursafnsins á Húsavík.

Reðasafnið var stofnað fyrir tíu árum, þann 23. ágúst árið 1997. Sigurður hélt upp á afmælið með því að hafa frítt inn en að eigin sögn mættu aðeins fjórir til afmælisveislunnar. „Annaðhvort eru Húsvíkingar búnir að sjá þetta allt saman eða þá að enginn er spámaður í eigin föðurlandi,“ útskýrir Sigurður og þótti nú fyrri skýringin líklegri. En sumarið í ár hefur verið gott og segir Sigurður að fá söfn geti státað af rúmlega fjórðungs aukningu gesta og því sé gott ris á Reðasafninu. Hann þakkar það ekki síst áhuga erlendra fjölmiðla á safninu en vefsíðan Odd-Edge.com hefur meðal annars valið safnið eitt það skrítnasta í heimi.



**SÁTTUR SAFNSTJÓRI** Erlendir fjölmiðlar hafa sýnt Reðasafni Sigurðar Hjartarsonar mikinn áhuga að undanförnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

En nú er síðasta opnunarvika sumarsins staðreynd enda fækkar ferðamönnum jafnt og þétt þegar vetur konungur hefur innreið sína. Sigurður er þó hvergi af baki dottinn því hann tekur á móti stórum hópi sjónvarpsfólks frá bresku sjónvarpsstöðinni ITV um miðjan næsta mánuð en það vill fræðast um eitt sérstæðasta safn Íslands.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Ágústa Eva Erlendsdóttir** brá sér til London á dögunum í hlutverki **Silvíu Nætur**. Með í för voru tryggustu aðstoðarmenn hennar, **Gaukur Úlfarsson** og **Jakob Frímann Magnússon**, og lagði þríeykið grunn að næsta útrásarverkefni dívunnar margfrægu. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eiga þau í viðræðum við þekktan umboðsmann, sem meðal annars er með **Rowan Atkinson** á sínum snærum, um að koma Silvíu að í breskum sjónvarpsþætti. Alþekkt er að grínarar á borð við **Ali G** og **Little Britain** hófu feril sinn með innslögum í sjónvarpsþáttum og umræddur umboðsmaður hefur tröllatrú á Silvíu og vill koma henni að á þeim vettvangi.



Fréttahaukarnir **Steingrímur Ólafsson** og **Sigmundur Ernir Rúnarsson** hafa sama smekk í bílamálum sínum þótt þeir kunni að vera ósammála um eitt og annað. Báðir aka þeir nú um á nýjum Ford Escape, Steingrímur á gráum en Sigmundur á svörtum. Bílarnir kosta vel á fjórðu milljón króna en í báðum tilvikum er um fyrirtækisbíla að ræða; hluta af ráðningarsamningum þeirra. **- hdm**










# Taka Forlaginu opnum örmum

„Þetta var þrautalending. Menn voru bara komnir út í horn með þetta forlag,“ segir Hallgrímur Helgason um fyrirhugaðan samruna JPV og Máls og menningar í Forlaginu. Hann kvaðst þó ánægður með niðurstöðuna. „Ég þekki Jóhann Pál og hef ekkert nema gott af honum að segja, svo ég er sáttur við mitt,“ sagði rithöfundurinn, sem kallar afdrif Máls og menningar sorgarsögu. „Þetta er forlag sem stóð ágætlega í eigin húsnæði fyrir tíu árum, en fór í mikla óvissuferð. Nú er staðan þannig að forlagið þurfti að selja húsið til að kaupa sjálft sig, til að láta Jóhann Pál svo hafa það. Mér finnst það sorgarsaga,“ sagði Hallgrímur.

Einar Már Guðmundsson, sem hefur gefið út undir merkjum Eddu, eins og Hallgrímur, sagði ekki annað hægt en að lítast vel á nýtt fyrirkomulag. „Þarna eru komnir saman þeir sem hafa mesta reynslu af bókaútgáfu,“ sagði Einar Már, og benti á að breytingarnar yrðu líklegast til þess að minnka yfirbyggingu í bókaútgáfunni. „Kannski var Edda, svona eftir á að hyggja, ekkert sniðugt fyrirkomulag, sérstaklega vegna þess að það varð svo mikil yfirbygging,“ sagði hann.

Einar sagðist þó geta ímyndað sér að stærð nýs forlags yrði til vandkvæða fyrir nýja höfunda. „Ég læt mér svona detta það í hug að það sé kannski ekkert sérstaklega góð staða að það sé nánast bara einn staður sem menn geta snúið sér til,“ sagði hann.

Stefán Máni, sem fór frá Eddu til JPV eftir nokkra óánægju með kynningu Eddu á bók hans, Túristanum, sagðist ánægður með breytingarnar. „Á meðan Jóhann Páll og hans ágæta fjölskylda sér um mín mál er ég sáttur. Þetta er mín fjölskylda í útgáfumálum,“ sagði Stefán Máni. Stærð Forlagsins var honum ekki áhyggjuefni. „Hún er bara huglæg. Þetta snýst um fólk, og stærð hússins skiptir engu máli,“ sagði hann.

Jóhann Páll Valdimarsson, sem verður útgefandi hjá Forlaginu, sagðist ekki hafa náð að tala við alla þá höfunda sem breytingarnar snerta. „Ég er í kapphlaupi við tímann að reyna að tala við fólk,“ sagði Jóhann Páll, „en allir þeir sem mér hefur unnist tími til að tala við hafa tekið þessu hreint og beint faganndi.“

Hann sagði Arnald Indriðason og Ólaf Jóhann Ólafsson, tvo söluhæstu rithöfundana Eddumegin, hafa tekið vel í fyrirhugaðar breytingar. „Ég hef rætt við þá og á eftir að ræða við þá nánar. Ég er ákaflega vongóður um að ég njóti samstarfs við þá í framtíðinni,“ sagði Jóhann Páll. **- sun**



EINAR MÁR GUÐMUNDSSON



HALLGRÍMUR HELGASON



MIÐASALA HEFST
Á FIMMTUDAGINN
STÓRTÓNLEIKAR
RÚNNI JÚLL
LAUGARDAGINN 27. OKTÓBER
( FYRSTA VETRADAG) KL. 20.00
Í HÖLLINNI
LÖG MEISTARANNA
HLJÓMAR
TRÚBROT
LÓNLÍ BLÚ BOJS
GCD
ÁHÖFNIN Á HALASTJÖRNUNNI
BAGGALÚTUR
midi.is
RÁS 2
GESTIR
BUBBI MORTHENS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
MARÍA BALDURSDÓTTIR
LARRY OTIS
SHADY OWENS
GYLFI ÆGISSON
JÓHANN HELGASON
HERMANN GUNNARSSON
MAGNÚS KJARTANSSON
DR. GUNNI
BJÖRGVIN FRANS GÍSLASON
MIÐASALA Á MIDI.IS, SKÍFUVERSLUNUM LAUGAVEGI, KRINGLUNNI OG SMÁRALIND
OG BT VERSLUNUM ÚTI Á LANDI.
MIÐAVERÐ:
SVÆÐI A 6.900 KR
SVÆÐI B 5.900 KR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





vísir.is
Fyrstur með fréttirnar




## BAKÞANKAR

Karenar D. Kjartansdóttur

### *Ómerkingar*

Haft er fyrir satt að áreiðanlegt merki um að stjórnmálaafl sé komið á villigötur sé þegar listafólk fer að láta mjög að sér kveða innan þess. Líkast til byggist þessi skoðun á þeirri trú fólks að listamenn séu ekki alveg í takt við raunveruleikann. Þeir séu hálf vafasamt fólk sem ekki þekki raunverulega atvinnuvegi landsins og því stórvarasamir í umræðu um stjórnmál og framkvæmdir. Ég er íhaldssöm húsmóðir af landsbyggðinni, búsett í Vesturbænum og þarf því engum að koma á óvart þótt ég kinki kolli þegar varhugaverðar lífsskoðanir bóhema (sem er bara fínt orð yfir alkóhólista) ber á góma.

**LENGI** sá ég eftir því að hafa farið í hugvísindanám við Háskóla Íslands. Ég taldi víst að bláköld vísindin hefðu gert mig breiðari í samfélagsumræðunni heldur en þekking á heimspekikenningum og bókmenntum. Hvílíkur endemis misskilningur sem það var. Sí og æ sjáum við náttúruvísindamenn snupraða og hunsaða.

**ANDÚÐ** á listafólki er til margra hluta nytsamleg. Það sást afar vel síðustu ár þegar umræðan „með eða á móti Kárahnjúkum“ stóð sem hæst; stuðningsmenn virkjunarinnar vildu kveða niður umræðuna á sem skemmstum tíma en jafnframt gera lítið úr andstæðingum sínum. Þá hló ég innra með mér en fljótlega þótti mér farið að kveða við holan hljóm í umræðum. Ég gerði mér einnig grein fyrir því að þótt reynt væri að sannfæra fólk um að aðeins listafólk og aðrir froðusnakkar úr 101 væru útmálaðir sem einu andstæðingar framkvæmdanna, var málið ekki svo einfalt.

**BLÁKÖLD** raunvísindin eru aftur og aftur afgreidd sem skoðanir af sveitarstjórnarmönnum með gráðu í mannauðsstjórnun. Það hlýtur að vera erfitt hlutskipti að vera vísindamaður og eiga sífellt þá hættu yfir sér að vera úthrópaður fjandmaður fólksins á landsbyggðinni séu útreikningarnir ráðamönnum ekki að skapi.

**TEXTARÝNI** mín á orðræðu valdamanna á póstmódernískum tímum mun líkast til skila mér lengra en áralangar rannsóknir á náttúrunni.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 4. september, 247. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.17 | 13.27 | 20.34 |
| Akureyri | 5.57 | 13.11 | 20.24 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.volkswagen.is




## Nýr Golf Variant – enn meira rými

## Pláss fyrir 267 fótbolta

Ímyndaðu þér hvað það þýðir í farangri og innkaupapokum! Golf Variant er glæsilegur, vel útbúinn og sniðinn að þörfum fjölskyldunnar.

**Verð frá aðeins 2.390.000 kr.**

**Volkswagen Golf Variant er grænn bíll**

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA